

Starfið í slippnum breytist lítið

atvinna

Í MIÐJU BLAÐSINS



Bannað að svindla á ljósunum

Ný æfingataeki í World Class reynast vel

FÓLK 38



Gönguferðir og sólarstrendur

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

5. febrúar 2006 – 35. tölublað – 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

Veik fyrir götutísku
Fatahönnuðurinn Hulda Karlotta Kristjánsdóttir hefur unnið með AsFour, starfað fyrir Latabæ og hannar nú snið fyrir Nikita.

VIÐTAL 22

Valsmenn kærðir?
Framarar íhuga að kæra Valsmenn fyrir að hafa gert samning við Þorvald Makan sem er samningsbundinn Fram.

ÍPRÓTTIR 30

LJÚF BORG
Tryggvi Felixson hefur verið ráðinn á skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar í Kaupmannahöfn. Hann segir borgina ljúfa og gott sé að vera Íslendingur þar.

TÍMAMÓT 10

VINUR Í RAUN
Ingibjörg Elsa Björnsdóttir hefur undanfarið ár unnið sem sjálfboðaliði í heimsóknarþjónustu Rauða kross Íslands. Hún segir að besta uppskeran sé bros.

VIÐTAL 18

VEÐRIÐ Í DAG

KÓLNANDI VEÐUR EFTIR hádegi í dag. Hann snýst í norðrið á Vestfirðum með ört kólnandi veðri. Slydda og síðar snjókomu þar. Annars staðar verður vindur vestlægur með skúraveðri, síst fyrir austan. Hiti 0-7 stig í dag en frost á morgun.

VEÐUR 4



VEGIÐ AÐ TRÚ Múhameðstrúarmenn mættu fylktu liði á Ráðhústorgið í Kaupmannahöfn í gær dag til að mótmæla teikningum af spámanninum sem birtust í Jótlandspóstinum í haust. Lögregla handtók yfir 160 manns í tengslum við fundi á torginu og í Hillerød í gær.

Norðurlandabúar kallaðir heim

Ríkisstjórnir Danmerkur og Noregs hafa kallað alla Dani og Norðmenn heim frá Sýrlandi. Reiðir múhameðstrúarmenn kveiktu í sendiráðum landanna.

DANMÖRK, AP Ævareidirmúhameðstrúarmenn réðust að byggingum sem hýsa sendiráð Danmerkur og Noregs í Damaskus í Sýrlandi í gær og kveiktu í þeim. Húsin eru bæði mikið skemmd, en enginn særðist í árásinni sem var sú ofbeldisfyllsta hingað til, en múhameðstrúarmenn hafa staðið fyrir fjölda mótmælafunda og -aðgerða víðs vegar um heim á seinustu vikum vegna myndbirtinga af Múhameð spámanni í Jótlandspóstinum í haust. Kóraninn bannar myndbirtingar af spámanninum vegna ótta við hjáguðadýrkun.

Jafnframt reyndi múgurinn að ráðast að franska sendiráðinu í Damaskus, en hundruðir öryggisvarða stöðvuðu hann.

Stjórnmöld Noregs og Danmerkur brugðust harkalega við og kölluðu landa sína heim. Sendiherrar Norðurlandanna sögðust miður sín yfir árásinni.



KVEIKT Í SENDIRÁÐUM Þúsundir reiðra múhameðstrúarmanna kveiktu í sendiráðum Danmerkur og Noregs í Damaskus í Sýrlandi í gær.

„Þetta er hræðilegt og alls ekki hægt að sætta sig við,“ sagði utanríkisráðherra Dana, Per Stig Møller, í samtali við danska ríkissjónvarpið og bætti því við að í samtali hefði sýrlenski utanríkisráðherrann, Farouk al-Sharaa, sagst harma árásina. Norski utanríkisráðherrann Jonas Gahr Støre tilkynnti að hann hefði farið fram á símafund við al-Sharaa.

Utanríkisráðherra Svía, Laila Freivalds, kallaði sýrlenska sendiherranum í Stokkhólmi á sinn fund í gærkvöld, þar sem hún ætlaði að leggja fram formlega kvörtun fyrir hönd lands síns, en sendiráð Svíþjóðar og Chile eru í sömu byggingu og sendiráð Dana.

Spennan yfir teikningunum fer sívaxandi þrátt fyrir tilraunir yfirvalda til að róa fólk. Samtök múslima í Danmörku hafa tekið afsökunarbeiðni Jótlandspóstsins gilda en þó óttast margir að hryðjuverk verði framin í landinu vegna málsins.

Fjöldmenn mótmæli voru haldin bæði í Danmörku og Bretlandi í gær, bæði til stuðnings og gegn Dönnur og teikningunum. Fundirnir fóru að mestu leyti fríðsamlega fram, þó danska lögreglan hafi handtekið 162 manns.

Harmleikur á Filippseyjum: Fjöld tróðst undir í Maníla

FILIPPSEYJAR, AP Að minnsta kosti 74 biðu bana og yfir 500 slösuðust í miklum trúðingi fyrir utan leikvang í Maníla, höfuðborg Filippseyja í gærmorgun.

Um 30.000 manns söfnuðust saman á svæðinu vegna geysivinsællar spurningakeppni sem sjónvarpa átti frá leikvanginum í beinni útsendingu.

Mikil þröng myndaðist vegna þess að fólk sem stóð aftar hélt að búið væri að opna hliðin, og þrýstust fjöldi manna upp að stálgirðingum eða tróðust undir fótum annarra. Flestir hinna látnu voru eldri borgarar.



ÁNÆGDUR MED ÁRANGURINN Dagur Kári segir heiður að hljóta verðlaunin.

Kvikmyndahátíð í Gautaborg: Mynd Dags var valin best

VERÐLAUN Kvikmynd Dags Kára Péturssonar, Voksne Mennesker, var í gærkvöldi valin besta mynd kvikmyndahátíðarinnar í Gautaborg í Svíþjóð. Hátíðin er sú elsta og virtasta á Norðurlöndum.

Dagur Kári var að vonum mjög ánægður en segir þó að valið hafi ekki komið honum á óvart, þar sem hann hafi verið beðinn um að mæta á hátíðina. „Það er heiður að hljóta verðlaunin og ég vona að fleiri eigi nú eftir að sjá myndina.“

Alþjóðleg samtök kvikmyndagagnrýnanda völdu kvikmynd Baltasars Kormáks, Little Trip to Heaven, þá bestu. Laufey Guðjónsdóttir, forstöðumaður Kvikmyndamiðstöðvar Íslands, tók á móti verðlaunum Baltasars Kormáks í fjarveru hans.

MEDAL LESTUR KVENNA 12-49 ÁRA

Konur undir fimmtugu velja Fréttablaðið!

53% Fréttablaðið

36% Mbl.

*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í október 2005.

Prófkjör Samfylkingarinnar til bæjarstjórnarkosninga í Kópavogi: Guðríður leiðir í Kópavogi

PRÓFKJÖR Guðríður Arnardóttir var orðlaus og þakklát yfir stuðningnum sem samkvæmt fyrstu tölum fleytti henni í fyrsta sæti lista Samfylkingarinnar í Kópavogi fyrir bæjarstjórnarkosningar í vor.

Hafsteinn Karlsson var þegar Fréttablaðið fór í prentun í öðru sæti og Jón Júlíusson, sem sóttist eftir fyrsta sæti, lenti í því þriðja. Jón sagði þá vissulega hafa vonast eftir betri árangri: „Ég mun að sjálfsögðu vinna af heilindum fyrir flokkinn. Miðað við daginn í dag er þriðja sæti bæjarstjórnarsæti.“

Floki Eiríksson, var nokkuð



KOSS FRÁ EIGINMANNINUM Hafliði Þórðarson óskar eigin konu sinni til hamingju með sigurinn.

öruggur með fjórða sætið. Hann sagðist ánægður með þann stuðning sem ákvörðun hans um að sækjast eftir baráttusæti hafi hlotið. Hann óskaði Guðríði til hamingju með glæsilegan árangur í fyrsta framboði hennar og segir hópinn komast að samkomulagi um hver verði oddviti listans nái flokkurinn fjórum í næstu bæjarstjórn. „Það er engin togstreita í þessum hópi.“ Undir það tekur Guðríður.

Talningin dróst og voru vafaatriði við kosninguna í skoðun þegar Fréttablaðið fór í prentun. Um 1.900 voru á kjörskrá.

DÓTABÚÐIN

Nú er síðasti dagur Lagerjolu dótubúðanna...

Opnið frá 12 - 17 Miðhvauni 15, Gardabæ

40 - 90% aflattur



SPURNING DAGSINS

Ragnar, mun hrikta í stoðum háskólans við komu þína?

Já, en það verða bara traustabrestir.

Ragnar Stefánsson jarðskjálftafræðingur hefur verið ráðinn prófessor í jarðvæðingum við Háskólann á Akureyri. Það er gert í framhaldi af samkomulagi háskólans við Veðurstofu Íslands frá árslokum.

Umferð eykst um Leifstöð:

Réttlátt að ríkið borgi

VARNAVIDRÆÐUR „Þar sem borgaraleg umferð um flugstöð Leifs Eiríkssonar hefur aukist er ekki óeðlilegt að við tökum meiri þátt í rekstri hennar,” segir Ragnheiður Árnadóttir, aðstoðarmaður utanríkisráðherra.

Stjórnvöld hafa einnig boðist til að taka að sér þyrilubjörgunarsveitina en segja grundvallaratriði að herþoturnar fjórar verði hér. Ragnheiður staðfestir ekki tölur sem fréttastofa RÚV hefur um að heildargreiðslur Bandaríkjamanna til íslenskra stjórnvalda vegna varnarliðsins og flugvallarins nemi ellefu til tólf milljörðum á ári. „Ég vil ekki tjá mig um neinar upphæðir.“ -gag

SKOÐANAKÖNNUN

Dagur með forskot Dagur B. Eggertsson virðist njóta mests trausts meðal Samfylkingarfólks í Reykjavík þó munurinn á milli hans og Stefáns J. Hafstein hafi ekki verið marktækur í könnun sem Frjáls verslun gerði fyrir vefsvæðið heimuris. Dagur fékk 41 prósent, Stefán 35 prósent en Steinunn Valdís fékk 24 prósent fylgi.

Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem byggja á tölvupósti sem með einum eða öðrum hætti hefur haft viðkomu hjá Jónínu Benediktsdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Baugsmálsins eins og það hefði kosið að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðinu að endurbirta, í heild eða hluta, fyrri fréttir um sama mál. Þar sem fátt fréttmæt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á munu aðgerðir sýslumanns ekki skaða fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mætti ætla.

-ritstj.

Tæplega 1.300 tóku þátt í prófkjöri Sjálfstæðismanna á Seltjarnarnesi:

Jónmundur í efsta sætið

PRÓFKJÖR Jónmundur Guðmarsson, bærstjóri á Seltjarnarnesi, leiðir lista Sjálfstæðismanna í næstu bærstjórnarkosningum þar. 191 skráðu sig í flokkinn í gær og gátu þá tekið þátt í prófkjöri. Alls greiddu 1.281 atkvæði í lokuðu prófkjöri innan flokksins, rúmlega þrjú hundruð færri en í opnu prófkjöri síðast.

Jónmundur segir gleðitíðindi hve þátttakan í prófkjöri var mikil: „Þetta er sigur Sjálfstæðisflokksins.“

Bjarni Torfi Álfþórsson, núverandi bærjarfulltrúi, sóttist eftir fyrsta sæti en lenti í átunda. Hann segir göfuglyndi Jónmund-

PRÓFKJÖR SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS Í SELTJARNARNESBÆ

1. sæti	Jónmundur Guðmarsson	815 atkvæði í 1. sæti
2. sæti	Ásgerður Halldórsdóttir	498 atkvæði í 1.-2. sæti
3. sæti	Sigrún Edda Jónsdóttir	417 atkvæði í 1.-3. sæti
4. sæti	Lárus Lárusson	484 atkvæði í 1.-4. sæti
5. sæti	Þór Sigurgeirsson	563 atkvæði í 1.-5. sæti
6. sæti	Ólafur Egilsson	556 atkvæði í 1.-6. sæti
7. sæti	Sólveig Pálsdóttir	556 atkvæði í 1.-7. sæti
8. sæti	Bjarni Torfi Álfþórsson	591 atkvæði í 1.-7. sæti



ar ráða því hvort hann fái að vinna að bæjarmálanum næstu ár þar sem hann hafi ekki hlotið bindandi kosningu. Hann hafi sóst eftir fyrsta sætinu að áeggjan fjölda fólks. Þærri hafi greinilega stutt hann en menn töldu.

Jónmundur hlaut 815 atkvæði í 1. sæti. Ásgerður Halldórsdóttir fékk 498 atkvæði í 1. til 2. sæti. Sigrún Edda Jónsdóttir fékk 417 atkvæði í 1. til 3. sæti, Lárus Lárusson fékk 484 atkvæði í 1. til 4. sæti. Þór Sigurgeirsson, sonur



JÓN MUNDUR GUÐMARSSON Bærstjóri Seltjarnarness segir sjálfstæðismenn tefla fram sigurtranglejum lista í næstu bærstjórnarkosningum. FRÉTTABLAÐIÐ/E. ÓL.

fyrirverandi bærstjóra Sigurgeirs Sigurgeirssonar, sem sóttist eftir öðru sæti hlaut 563 atkvæði og fimmta sæti og 556 kusu Sólveigu Pálsdóttur og Ólafur Egilsson í sjötta til sjöunda sæti.

-gag

Dagur með forystu

Samkvæmt skoðanakönnun Félagsvísindadeildar Háskóla Íslands hefur Dagur B. Eggertsson áberandi meira fylgi en aðrir frambjóðendur í fyrsta sæti á lista Samfylkingarinnar vegna borgarstjórnarkosninganna í vor.


PRÓFKJÖR Dagur B. Eggertsson hefur áberandi mestan stuðning kjósenda af þeim þremur frambjóðendum sem sækjast eftir fyrsta sætinu í prófkjöri Samfylkingarinnar vegna komandi borgarstjórnarkosninga, samkvæmt skoðanakönnun sem Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands gerði dagana 31. janúar til 2. febrúar fyrir stuðningsfólk Dags.

Samkvæmt könnuninni fengi Dagur 53,2 prósent atkvæða stuðningsfólks Samfylkingarinnar í fyrsta sætið á meðan Stefán Jón Hafstein fengi 26,6 prósent og Steinunn Valdís Óskarsdóttir 20,2 prósent. Þegar stuðningsmenn allra flokka voru spurðir sögðust 44,8 prósent þeirra sem tóku



DAGUR B. EGGERTSSON Samfylkingin gæti náð góðum árangri í borgarstjórnarkosningunum í vor að mati Dags. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

FYLGI FRAMBJÓÐENDA Í 1. SÆTI SAMFYLKINGARINNAR Í REYKJAVÍK



Meðal allra Reykjavíkinga Meðal stuðningsmanna Samfylkingarinnar í Reykjavík

afstöðu vilja sjá Dag B. Eggertsson leiða listann, 30,3 prósent Stefán Jón Hafstein og 24,9 prósent Steinunn Valdís Óskarsdóttir.

Dagur B. Eggertsson segir að niðurstöður skoðanakönnunarinnar endurspeglar þá tilfinningu sem hann hefur haft að undanförunu að hann eigi tölvvert inni. „Við finnum mikinn byr í seglin en á þessum tímupunkti er þetta náttúrulega bara könnun. Hún sýnir samt að ef að það verður góð þátttaka í prófkjöri geti úrslitin orðið góð en við þurfum að halda okkur við efnið.“

Stefán Jón Hafstein segir að þessar niðurstöður komi verulega á óvart og séu ekki í samræmi við niðurstöður úr öðrum skoðanakönnunum sem hafa verið gerðar. „Ég er dálítið hissa á þessu og þetta er allt öðruvísi landslag en teiknast upp á okkar kosningaskrifstofu,” segir hann.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir segir einnig að niðurstöður könnunarinnar komi á óvart. „Þessar

niðurstöður eru á skjön við þær niðurstöður sem við höfum verið að sjá og eru ekki í takt við tilfinningu okkar hér á kosningaskrifstofunni.“

Við gerð skoðanakönnunarinnar var stuðst við 1000 manna slembiurtak Reykjavíkinga á aldrinum 18 til 80 ára. Svarhlutfall var 64,1%.

Í könnun sem Félagsvísindastofnun gerði fyrir Morgunblaðið mældist Sjálfstæðisflokkurinn með 48,8 prósentu fylgi í borginni. Samkvæmt því fengi hann átta borgarfulltrúa og þar með meirihluta í borgarstjórn. Samfylkingin mældist með 33 prósentu fylgi og fengi sex borgarfulltrúa. Vinstri grænir mældust með 10,5 prósentu fylgi og fengu einn borgarfulltrúa. Framsóknarflokkurinn mældist með 5,4 prósentu fylgi og Frjálslyndir með 2,2 prósent. Samkvæmt því fengju hvorugur flokkanna mann í borgarstjórn.

emilia@frettabladid.is



BEDIST FYRIR Forseti heima stjórna Palestínu og leiðtogi Fatah-hreyfingarinnar, Mahmoud Abbas, biðst fyrir ásamt Fatah-mönnum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Viðræður Hamas og Fatah:

Vilja stjórna saman

ÍSRAEL AP Forseti fráfarandi heima stjórna Palestínu, Mahmoud Abbas, fundaði með ráðamönnum Hamas-hreyfingarinnar í gærkvöldi vegna nýrrar heima stjórna sem Hamas-hreyfingin mun líklega leiða eftir kosningasigur hennar á dögum.

Þetta var þriðji fundur Fatah- og Hamas-hreyfinganna sem haldinn hefur verið síðustu dagana, en sá fyrsti sem Abbas mætir á.

Að sögn sáttasemjara hafa talsmenn Hamas beðið Fatah um að mynda með sér stjórn, en hingað til hafa leiðtogar Fatah sagst frekar vilja sitja í stjórnarandstöðu. Fundirnir hafa gengið vel, að sögn sáttasemjarans. -smk

LÖGREGLUFRETTIR

Árekstur á Miklubraut Bifreið var ekið aftan á aðra bifreið sem hafði stoppað á rauðu ljósi á gatnamótum Miklubrautar og Grensásvegur um sex leytið í gær. Engin alvarleg slys urðu á fólki en ökumaður og barn sem voru í fremri bílnum kvörtuðu undan eymslum og fóru á slysideild til skoðunar.

Eldur í ruslagámi Slökkviliðið í Reykjavík þurfti að sinna tveimur útköllum í fyrrið. Annars vegar þurfti að slökva eld í ruslagámi í Vesturbænum. Hins vegar þurfti að ráða niðurlögum elds sem kom upp í skrifstofuhúsnæði á jarðhæð við Snorrabraut. Slökkvistarfar gekk greiðlega í báðum tilfellum.

RARIK eitt orkufyrirtækja segir verð á orku hafa lækkað við frjálsa samkeppni:

Verð lækkaði á Egilsstöðum

ORKUMÁL Rafmagnsreikningar iðnfyrirtækja á Egilsstöðum sem versla við RARIK hafa lækkað um 25 til 30 prósent frá því að sala á orku var gefin frjáls og flutningskostnaður orkuveitna jafnaður.

Stefán Arngrímsson, kynningarstjóri RARIK, bendir á að orkukostnaður á Egilsstöðum sé nú lægri en á höfuðborgarsvæðinu. Sama sé um heimili: „Viðskiptavinur RARIK á Egilsstöðum greiddi 28 prósent herra verð fyrir 5.000 kílóvattstunda heimilisnotkun árið 2004 en sambærilegur orkukaupandi í Reykjavík. Nú er munurinn aðeins 1,9 prósent. Ef notkunin er 10.000 kílóvattstundir á ári greiddi Egilsstaðabúinn 26 prósent herra verð árið 2004, en árið 2006 greiðir hann eitt pró-



sent lægra verð en Reykjavíkingur.“ RARIK er eina orkuveitnan sem Fréttablaðið hefur haft samband við sem segir orkuverð hafa lækkað.

Kristján Haraldsson, orkubústjóri Orkubús Vestfjarða, segir verð hafa lækkað lítillega hjá þeim.

Sigfús Guðlaugsson, rafveitustjóri Rafveitu Reyðarfjarðar, segir að verð fyrir rafmagn hafi lækkað en hækkað fyrir hita. Fólk og fyrirtæki greiði talsvert, jafnvel verulega meira fyrir nú en áður sé horft til beggja þáttanna. -gag

VAKTSTJÓRI RARIK UPP Í STAUR Eftir að flutningskostnaður var jafnaður milli orkuveitna og markaður með orku gefinn frjáls hefur verð á rafmagni lækkað um þriðjung.



oddný.is

ODDNÝJU Í 4. SÆTI

Allir geta kosið unga konu til áhrifa í Reykjavík

Gott að vita

vorönn 2006

Námskeið og fyrirlestrar á vegum SFR og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar

SFR og St.Rv. bjóða sameiginlega upp á námskeið og fyrirlestra fyrir félagsmenn nú á vorönn. Fræðslunefndir félaganna hafa sett niður dagskrá haustsins og var stefnan sett á að bjóða upp á fjölbreytta fræðslu, bæði stutta og lengri, á mismunandi tíma svo flestir finni eitthvað við sitt hæfi.

Lágmarksfjöldi þátttakenda á hvert námskeið er 12 en hámarksfjöldi mismunandi eftir námskeiðum. Því er öruggast fyrir áhugasama að skrá sig sem fyrst.

Ljósmyndun

Tími:

- a) Þri. 14. og 21. feb. kl. 16.30–19.30.
- b) Þri. 14. og 21. mars kl. 16.30–19.30.

Lengd: 8 kest.

Leiðbeinandi: Pálmi Guðmundsson.

Þáttökugjald 1.000 kr.

Hvað ætla ég að gera við sumarfríð mitt?

Vinnustofa og hugmyndir

Tími: Mið. 22. febrúar kl. 16.30–19.30.

Lengd: 4 kest.

Leiðbeinandi: Þórarinn Eyfjörð framkvæmdastjóri.

Ekkert þáttökugjald.

Hvort ég get? Ekki málið! Sjálfsímynd og samskipti

Tími: Fim. 2., mán. 6., fim. 9. og mán. 13. mars kl. 19–22.

Lengd: 16 kest.

Leiðbeinandi: Dr. Hallfríður Þórarinsdóttir mannfræðingur.

Þáttökugjald 1.000 kr.

Launajafnrétti

Launamunur karla og kvenna

Tími: Þri. 7. mars. kl. 16.30–17.30.

Lengd: 1 klst.

Fyrirlesari: Lilja Mósesdóttir prófessor.

Ekkert þáttökugjald.

Skattaframtal

Tími: Mið. 15. mars. kl. 16.30–19.00

Lengd: 3 kest.

Leiðbeinandi: Júlíus Hafsteinsson deildarstj. hjá Skattstjóranum í Reykjavík.

Ekkert þáttökugjald.

Vatnið í náttúru Íslands – Náttúran í vötnum Íslands

Tími: Mið. 22. mars kl. 17.00–18.00.

Lengd: 1 klst.

Fyrirlesari: Dr. Hilmar J. Malmquist líffræðingur, forstöðumaður Náttúrufræðistofu Kópavogs.

Ekkert þáttökugjald.

Með allt á hreinu? Kjaramál

Tími: Þri. 4. apríl kl. 16.30–19.00.

Lengd: 3 kest.

Leiðbeinandi: Sverrir Jónsson hagfræðingur.

Ekkert þáttökugjald.

Öll námskeiðin eru haldin á Grettisgötu 89, 105 Reykjavík, 4. hæð.

Skráning og nánari upplýsingar:

SFR

Sími: 525 8340

Netfang: johanna@sfr.bsr.is

Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar

Sími: 525 8330

Netfang: jakobina@strv.bsr.is



STÉTTARFÉLAG
Í ALMANNAPJÓNUSTU



GENGIÐ

GENGI GJALDMÍÐLA 3.2.2006

KAUP SALA

Bandaríkjadalur	63,03	63,33
Sterlingspund	111,95	112,49
Evra	76,08	76,5
Dönsk króna	10,192	10,252
Norsk króna	9,478	9,534
Sænsk króna	8,183	8,231
Japanskt jen	0,5315	0,5347
SDR	91,07	91,61

Gengisvísitala krónunnar

106,6614

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Óttast um afdrif 1000 manns eftir að ferja sökk á Rauðahafi:

Öryggismálum ábótavant

EGYPTALAND, AP Egypskar og sádí-arabískar björgunarsveitir höfðu bjargað 362 manns í gær úr ferjunni sem sökk á Rauðahafi aðfaranótt föstudags, en óttast var um afdrif annarra farþega og áhafnar. Alls voru um fjórtán hundruð manns um borð í Al-Salaam Boccaccio 98, en litlar líkur eru taldar á að fleiri finnist á lífi.

Að sögn eftirlifandi farþega kom eldur upp í ferjunni seint á fimmtudagskvöldið. Skömmu síðar heyrðist sprenging og sökk skipið mjög hratt. Talið er að skipið hafi verið ofhlaðið og ekki voru nógu margir björgunarbátar um borð fyrir alla farþegana. Eins var hávaðarok á

svæðinu þegar ferjan sökk, og að sögn sérfræðinga eru skip sem þessi talin afar viðkvæm fyrir veltungi.

Egypsk yfirvöld drógu það mjög að opinbera nöfn þeirra sem bjargað hafði verið, og greip mikil reiði um sig þar í landi vegna málsins. Við Safaga höfnina, þangað sem ferð skipsins var heitið, fleygðu syrgjandi ættingjar grjóti í lögreglu sem svaraði í sömu mynt og notaði targas til að dreifa mannfjöldanum.

- smk

BJARGAÐ Karlaður og barn sem lifðu af þegar egypska ferjan sökk í hafið.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



Innbrotspjófur í Noregi:

Leysti stærðfræðiprautir

NOREGUR Innbrotspjófur í barnaskóla í Klæbu í Noregi gerði sér lítið fyrir á dögnum og settist niður í miðju innbroti og leysti stærðfræðidæmi barnanna, að því er fram kemur á fréttavef norska blaðsins Aftenposten.

Þegar húsverðir mættu til starfa um morguninn komu þeir að skóladyrunum opnum og í einni skólafundunni fundu þeir blaðsíður með stærðfræðiverkefnum barna í þriðja bekk sem leyst höfðu verið.

Ekki var ljóst hvort nokkru hefði í raun verið stolið, en dæmin voru öll rétt reiknuð.

- smk



MÓTMÆLI Suðurkóreskur bóndi í átökum við öryggisvörð í mótmælum bænda í Seúl.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Suður-Kórea og Bandaríkin:

Hefja fríverslunarviðræður

SUÐUR-KÓREA, AP Ríkisstjórn Suður-Kóreu ákvað á fimmtudag að hefja viðræður við Bandaríkin um fríverslun milli landanna. Þetta yrði stærsti slíki samningur Bandaríkjanna síðan 1994, þegar samið var um fríverslun innan Norður-Ameríku með NAFTA-samningunum svonefndu.

Suðurkóreskir bændur eru mjög uggandi yfir þessari þróun og óttast að slíkur samningur muni ógna landbúnaði í Suður-Kóreu. Í Seúl mótmæltu þeir viðræðunum á opinberum fundi sem ríkisstjórnin hélt um málið. Ekki hefur verið gefið upp hvenær viðræðurnar munu hefjast, en gert er ráð fyrir að samningur verði náð fyrir mitt ár 2007.

- smk

Fákur fær hesthúsaloðir:

Hægt að hýsa 1.400 hesta

LÓÐAMÁL Steinunn Valdís Óskarsdóttir veitti á föstudaginn Bjarna Finnsyni, formanni Hestamannafélagsins Fáks, formlegt fyrirheit um að félagið fái hesthúsaloðir í Almánadal á Hólmsheiði.

Gert er ráð fyrir fjórum þyrpingum hesthúsa á svæðinu með átta til fimmtán hesthúsum hver sem ættu að geta hýst allt að fjórtán hundruð hesta. Auk þess er gert ráð fyrir að á svæðinu verði meðal annars gæðingavöllur með áhorfendaskvæði og félagsheimili.

- eð



SKIPULAG ÚLFARSÁRDALS

Fyrsti áfanginn að byggð í suðurhlíðum Úlfarsfells sést hér. Gert er ráð fyrir 904 íbúðum í honum.

Borgin fær tvo milljarða fyrir lóðirnar við Úlfarsfell

Alls verður 120 lóðum úthlutað í suðurhlíðum Úlfarsárdals við Úlfarsfell um miðjan mánuðinn. Ríflega fimmtán þúsund munu búa í hverfinu fullbyggðu. Byggðin verður þéttari en í öðrum úthverfum borgarinnar.

UPPBYGGING Reykjavíkurborg væntir þess að fá tæplegan 2,1 milljarð króna minnst fyrir 120 lóðir í fyrsta uppbyggingaráfanga í Úlfarsfelli. Gert er ráð fyrir að fimmtán til tuttugu þúsund manns búi í Úlfarsfelli fullbyggðu.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri segir að hún sé mjög ánægð með áfangann: „Ég er stolt af hverfinu. Ég var í dómnefnd sem árið 2000 valdi þessa tillögu.“ Hún segir að stefni sé að þéttari byggð en þekkt hér á landi í úthverfum.

Hún segir ekki hægt að tíma-setja nákvæmlega hvenær hverfið verði fullbyggt. Það fari eftir

eftirspurninni, en verði á næstu tuttugu árum. Útbod á lóðunum hefst 16. febrúar og verður lægsta boð 10,5 milljónir í einbýlishúsaloðirnar fjórutíu sem um ræðir, ellefu milljónir fyrir lóðirnar 43 undir parhús en verð á lóðum fjölbýla- og radhúsa er misjafnt eftir stærð. Verða lóðirnar tilbúnar í nóvember.

Flestar byggingarnar verða tveggja og þriggja hæða. Byggðin verður þéttust efst í dalnum. Neðst, eða við Úlfhljótsá, verður þjónusta við hverfið að finna, leikskóla, grunnskóla og leiksvæði.

Allt að 904 íbúðir verða byggðar í fyrsta áfanga að byggð í Úlf-

Lóðauppboð ógeðfellt



Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, leiðtogi sjálfstæðisflokksmanna í borginni, segir að mátt hafi gera ráð fyrir fleiri sérþýlum á kostnað fjölbýlanna í Úlfarsfelli. Hann gagnrýnir lóðauppboðið. „Sú stefna er okkur sjálfstæðismönnum ógeðfæld. Borgarsjóður hagnast um hundruðir milljóna á sölu á kostnað húsbýggjenda og kaupenda.“ Gert er ráð fyrir að sjóðurinn hagnist um rúman milljarð af sölu lóða á árinu. Vilhjálmur segir fleiri lóðir nauðsynlegar á markaðinn: „Ef við hefðum ráðið hefðum við fyrst byggt Geldinganesið og boðið fleiri sérþýlilóðir.“

ljótsdal. Í fjölbýlishúsum verða 598 íbúðir, 306 íbúðir í sérþýlum og þar af 130 í radhúsum, 126 í parhúsum og 50 einbýlishús.

Borgin gerir ráð fyrir að tíundi hluti hverfisins verði íbúðir undir 80 fermetrum.

gag@frettabladid.is

NÝJA REYKJAVÍK - KRAFTMIKIL, SKEMMTILEG, ÖRUGG OG HEILBRIGÐ

DAGUR ER ÁREIÐANLEGUR, FRAMSÝNN OG DUGLEGUR



Ég treysti Degi B. Eggertssyni af því að ég hef unnið með honum. Hann er áreiðanlegur, framsýnn og duglegur. Dagur var minn nánasti samstarfsmaður við innleiðingu á nýju og öflugum stjórkerfi hjá Reykjavíkurborg og hugmynda-smiðurinn á bak við þjónustumiðstöðvarnar. Dagur bar ábyrgð á stefnu Reykjavíkurborgar í ferðamálum og vann þar mjög að mínu skapi.

Þorólfur Árnason, fv. borgarstjóri

DAGUR1 SAETI

VEÐURSPÁ

um hádegi »


Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

HLÝINDI Á ENDA


Dagurinn byrjar mildur en svo byrjar að kólna um eða eftir hádegi norðvestan til á landinu og þar má búast við slyddu og síðar snjókomu eftir því sem líður á daginn. Annars staðar verður milt lengst af en veður fer nú hægt kólnandi þar líka og á morgun erum við komin inn í frost víðast hvar á landinu.

HÖFUDBORGIN Í DAG

Hæg vestlæg átt og skúrir. Hiti 3-6 stig, svalast síðdegis. Veður fer nú hægt kólnandi.



» á morgun



Strekkingur austan til annars hægur.

» þriðjudagur



Strekkingur norðvestan til annars hægar.

Kaupmannahöfn	-2°C snjóél	Paris	10°C heiðskirt	Alicante	15°C heiðskirt
Osló	-3°C snjóél	Berlín	2°C slydda	Milano	7°C léttskýjað
Stokkhólmur	-6°C léttskýjað	Frankfurt	3°C slydda	New York	9°C léttskýjað
Helsinki	-18°C léttskýjað	Madrid	12°C léttskýjað	San Francisco	15°C léttskýjað
London	10°C léttskýjað	Barcelona	14°C léttskýjað	Orlando/Flórída	21°C léttskýjað

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.



Við styðjum Steinunni Valdísi

í fyrsta sætið í prófkjöri Samfylkingarinnar



Anna Geirsdóttir
læknir og fyrrv. borgarfulltrúi



Anna Kristín Ólafsdóttir
skrifstofustjóri



Anna Sigrún Baldursdóttir
framkvæmdastjóri



Auður Styrkarsdóttir
stjórnmálafræðingur



Ása Hauksdóttir
myndlistarmaður



Ásgeir Beinteinsson
skólastjóri



Birgir Hermannsson
stjórnmálafræðingur



Borgþór S. Kærnested
leiðsögumaður og frkvstj.
Landssambands eldri borgara



Gísi Gunnarsson
prófessor



Guðmundur Birgisson
deildarforseti grunndeildar KHÍ



Guðrún Ögmundsdóttir
alþingismaður



Halla Björgvinsdóttir
form. hverfafélags
Samfylkingarinnar í Grafarvogi



Hilmar Oddsson
kvikmyndaleikstjóri



Margrét H. Sæmundsdóttir
leikskólakennari



Margrét Sigurðardóttir
grunnskólakennari



Ragnheiður Skúladóttir
forseti Leiklistardeildar LHÍ



Ragnhildur Vigfúsdóttir
starfsþróunarstjóri



Sigurborg Daðadóttir
dýralæknir



Sigurður Bessason
formaður Eflingar



Sigurður Gylfi Magnússon
sagnfræðingur



Sigurður Kaiser
leikhússtjóri



Snorri Traustason
skólastjóri



Þorsteinn Óskarsson
rafeindavirkjameistari



Þórunn Pálsdóttir
veðurfræðingur

Steinunn Valdís
- með kjarkinn sem þarf



KJÖRKASSINN

Eiga íslensk dagblöð að birta teikningar af Múhamed spámanni?

Já	43%
Nei	57%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Hefði þú áhuga á að búa í nýju hverfi við Úlfarsfell?

Tillaga til þingsályktunar um lækkun skatta á eftirlaun og lífeyri:

Ellilífeyrisþegar þrískattaðir

ALÞINGI „Að mínu viti er þetta einhver óréttlátasti skattur sem fyrirfinnst og óhætt að tala um tví- og jafnvel þrísköttun á fólki sem fyrir löngu hefur skilað sínu,“ segir Jón Kr. Óskarsson, varaþingmaður Samfylkingarinnar.

Hann hefur í félagi við fimm aðra samflokksmenn lagt fram tillögu til þingsályktunar um verulega lækkun skatta á eftirlaun og lífeyri. Segir hann illt til þess að vita að ellilífeyrisþegar greiði 36,7 prósent skatt meðan skattur á fjármagnstekjur séu um tíu prósent. „Þarna er um að ræða fólk sem hefur sannarlega skilað sínu um ævina og hefur greitt skatta

og skyldur. Þegar það loks ætlar að eiga áhyggjulaust ævirköld er komin til tekjutenging og skatturinn tekur til sín hundruð þúsunda króna í viðbót.“

Að mati Jóns er um þrísköttun að ræða á öldruðum. Fyrst er greiddur skattur af greiddum launum. Síðan tekur við skattlagning af ellilífeyrinum og að síðustu skerðast greiðslur Tryggingastofnunar miðað við eftirlaun um 67 ára aldur.

ELÐRI BORGARAR Skattur af ellilaunum og lífeyri nemur tæpum 37 prósentum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Þekktur sænskur listamaður:

Misnotaði sjö ára stúlku

SVÍÞJÓÐ Heimsþekktur listamaður er ákærður fyrir að hafa niðst á sænsku stúlkubarni í tvö og hálf t. Talið er að misnotkunin hafi hafist þegar stúlkan var sjö ára og hann hafi smitað hana af kynsjúkdómi.

Maðurinn, sem ekki er nafngreindur í sænsku miðlum, hefur neit að sök. Hann kemur fljótlega fyrir rétt en hann sagðist í samtali við Aftonbladet vera pollrólegur yfir þessu og sama gildi um fjölskylduna. Listamaðurinn hefur sagt að fjölskylda stúlkunnar hafi reynt að kúga út úr sér peninga, slíkt gerist gjarnan hjá þekktum listamönnum. ■



INGIBJÖRG R. GUÐMUNDSDÓTTIR Segir háværar kröfur innan aðildarfélaga ASÍ um að eitthvað verði gert.

SA hafnar viðræðum við ASÍ: **Í höndum aðildarfélaganna**

KJARAMÁL Samtök atvinnulífsins hafna alfarið viðræðum við Alþýðusamband Íslands um breytingar á kjarasamningnum.

Ingibjörg R. Guðmundsdóttir, starfandi forseti ASÍ, segir málið núna í höndum aðildarsamtakanna. Hún hefur áhyggjur af að það geti leitt til þess að þeir sem hafa mest fái mest. ASÍ hafi viljað samstarf aðila vinnumarkaðarins til að komast að samkomulagi og stýra afleiðingum úrskurðar launaneftdar sveitafélaganna á lægst launuðu hópana. Ingibjörg reiknar með að atvinnurekendur muni verða fyrir miklum þrýstingi á næstunni.

Skemmdarverk á Dalvík:

Ók bíl inn á golfvöll

LÖGREGLUMÁL Nokkrar skemmdir urðu á æfingasvæði golfvallarins á Dalvík eftir að bíl var ekið inn á hann aðfaranótt fimmtudags. Að sögn lögreglunnar á Dalvík tókst að hafa upp á skemmdarvargnum og reyndist það vera ungur ökuamaður sem gerði sér ekki grein fyrir afleiðingum gjörða sinna. Málið telst upplýst.

Í desember átti sér stað svipad tilvik þar sem bíl var ekið inn á golfvöllinn og skemmdir urðu á einni flötinni. Lögreglan biður fólk sem hefur upplýsingar um málið að hafa samband.

Kjarnorkuáætlun til Öryggisráðsins

Alþjóðakjarnorkumálastofnunin samþykkti í gær að vísa kjarnorkuáætlun Írans til Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. Íranar segjast neyddir til að skera á samvinnu við SP og ætla að hefja auðgun á úrani í stórum stíl.

VÍNARBORG, AP Alþjóðakjarnorkumálastofnunin, IAEA, ákvað í gær eftir þriggja daga fund í Vínarborg að vísa umfjöllun um kjarnorkuáætlun Írans til Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna vegna ótta við að Íranar ætli sér að framleiða kjarnorkuvopn. Mikill meirihluti aðildarríkjanna samþykktu tillöguna, eða 27 þjóðir af þeim 35 sem eiga sæti í IAEA. Þrjú lönd voru á móti og fimm sátu hjá.

Í kjölfar ákvörðunarinnar skipaði Mahmoud Ahmadinejad, forseti Írans, kjarnorkustofnun landsins að hefja aftur auðgun úrans, en nýverið settu stjórnvöld í landinu lög sem fyrirskipa bæði þá vinnslu, sem og samvinnuslit við eftirlit Sameinuðu þjóðanna með kjarnorkustöðvum landsins, komi til kasta Öryggisráðsins. Íranar hafa ítrekað að kjarnorkuvinnsla þeirra sé eingöngu ætluð til raforkuframleiðslu, en Bandaríkin og Evrópusambandið óttast að þeir ætli að framleiða kjarnorkuvopn.

Stjórn IAEA vonar að tilkoma Öryggisráðsins fái Írana til að bæta samskiptin við IAEA og veita upplýsingar um kjarnorkuáætlun sína, en stjórnvöld Írans hafa þrífaldlega varað við því að aðkoma ráðsins þýði einfaldlega endalok samvinnu þeirra við IAEA og Sameinuðu þjóðirnar. Jafnframt íhuga yfirvöld Írans að hætta við fyrirhugaða samvinnu við Rússa um auðgun á úrani, sem hefði auðveldað alþjóðlegt eftirlit með áætlun þeirra.

Starfsmenn Öryggisráðsins geta ákvarðað refsiaðgerðir og



MÓTMÆLI Frá mótmælafundi gegn kjarnorkuáætlun Írana í Þýskalandi í gær. Alþjóðakjarnorkumálastofnunin ákvað í gær að senda áætlun Írana fyrir Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

viðskiptaþvinganir gagnvart Íran, en ráðið mun ekki grípa til neinna aðgerða fyrr en í mars því Rússar og Kínverjar fóru fram á þann tíma til að gefa Íran kost á að íhuga sinn gang.

Í viðtali við fréttamenn í heimalandi sínu í gær, sagði varnarmálaráðgjafi Írans, Mostafa Mohammad Najjar, Bandaríkin vera hina sönnu hryðjuverkamenn heimsins, og kallaði þá öxul hins illa. Stjórnvöld Í Bandaríkjunum hafa sagt að ekki sé útilokað að

árásir verði gerðar á Íran vegna þessa máls og Donald Rumsfeld, varnarmálaráðgjafi Bandaríkjanna, lýsti því yfir á varnarmálaráðstefnu í Þýskalandi í gær að Íran styddi hryðjuverkastarfsemi.

Ríkin þrjú sem greiddu atkvæði á móti tillögunni voru Kúba, Síryland og Venesúela, en Alsír, Hvíta-Rússland, Indónesía, Líbía og Suður-Afríka sátu hjá. Íran á ekki sæti í IAEA.

smk@frettabladid.is



SÆRA SIGURÐUR ARNARSON Safnaðarnefndin í London er ánægð með störf séra Sigurðar.

Söfnuðurinn í London:

Ánægja með séra Sigurð

TRÚMÁL Safnaðarnefnd Íslenska safnaðarins í London samþykkti á fundi sínum 31. janúar síðastliðinn yfirlýsingu um að hún teldi ráðningu séra Sigurðar Arnarsonar í embætti sendiráðsprests rétta og í samræmi við þarfir safnaðarins. Nefndin segist hvergi hafa séð neitt í málsmeðferðinni sem benti til þess að tengsl biskups og séra Sigurðar hafi haft áhrif á ráðningu hans í starfið og telur að þó að séra Sigurður eigi ekki að njóta fjölskyldutengsla eigi hann ekki að gjalda þeirra heldur.

Grundartangahöfn:

Stækkun hafnarbakka lokið

HAFNARMÁL Framkvæmdum við stækkun Grundartangahafnar sem hófust í maí 2004 er lokið. Fyrir nokkrum árum varð ljóst að vegna aukinna umsvifa og flutninga auk vaxandi stóriðju væri stækkun hafnarbakkans nauðsynleg.

Upphaflega var miðað við að verkin yrði lokið í byrjun árs 2006 og hafa tímaáætlanir því staðist. Áfram verður unnið að ýmsum frágangsmálum en búist er við að full notkun hafnarbakkans hefjist nú um miðjan febrúar.

Stjórnarformaður Landsbankans svarar gagnrýni erlendra matsfyrirtækja:

Bankinn aldrei verið sterkari

VIÐSKIPTI Björgólfur Guðmundsson, stjórnarformaður Landsbankans, fagnar áhuga erlendra banka á íslenska fjármálakerfinu en gerir þá kröfu að úttekktir þeirra á íslensku bönkunum byggji á réttum upplýsingum.

Á aðalfundi bankans sagði Björgólfur að ekki væri hægt að alhæfa um alla íslensku banka á úttekkt einna eða tveggja erlendra aðila.

Hann vék að stöðu Landsbankans í þessu samhengi og sagði bankann sterkari en nokkru sinni fyrr. Gæði útlána hefðu stórkæft og vanskil væru í lágmarki. Á síðasta ári hefði góð arðsemi verið af grunnrekstri bankans, eða um 30 prósent, sem er mikið afrek þegar litið er á innlenda og erlenda samkeppnisbanka til samanburðar.

Björgólfur benti á að engin

krosseignatengsl væru milli Landsbankans og stærstu eigna hans eins og komið hefur verið inn á í erlendum úttekktum og innlendra umfjöllun. Þá nefndi hann að áhætta af starfsemi bankans hefði aldrei verið minni, en 35 prósent af útlánnum bankans væru til erlendra aðila og heildareignir erlendis orðnar meiri en innanlands.

Á aðalfundinum var greint frá því að hver starfsmaður Landsbankans í fullu starfi fái 300 þúsund króna kaupauka fyrir gott starf á síðasta ári en alls nemur heildargreiðsla til starfsfólks hálfum milljarði.

- epa

STERK STAÐA LANDSBANKANS Björgólfur Guðmundsson og Halldór J. Kristjánsson bankastjóri mæta til aðalfundar.



Höfum flutt starfsemi okkar í nýtt húsnæði

Nýja heimilisfangið okkar er:
Nóatún 17, (4. hæð)
105 Reykjavík

AM·KREDIT AM PRAXIS

SPARILEIÐIR Í SÉRFLOKKI

9,40%

KB banki býður úrval sparireikninga með frábærum vöxtum. Veldu reikning sem þér hentar eftir upphæð innstæðu og lengd binditíma.

	Vextir	Hentar
MARKADSREIKNINGUR	Allt að 9,40% – stigvaxandi eftir upphæð innstæðu	Fyrir háar fjárhæðir og skamman binditíma
KOSTABÓK	Allt að 9,40% – stigvaxandi eftir binditíma innstæðu	Fyrir lágar fjárhæðir

Komdu við í næsta útibúi KB banka, kíktu á kbbanki.is eða hringdu í **444 7000** og við finnum góða sparnaðarleið fyrir þig.

skoðun

SJÓNARMÍÐ
KÁRI JÓNASSON

Árangursrík samtöl utanríkisráðherra Íslands og Bandaríkjanna.

Varnarviðræður í réttan farveg

Fyrsta umferð nýs áfanga í viðræðum Íslendinga og Bandaríkjanna varðandi framtíð varnarliðsins hér á landi lofar góðu miðað við þær takmörkuðu upplýsingar sem enn hafa borist um framgang þeirra. Íslensk stjórnvöld og embættismenn hafa að vísu ekki verið margmál um gang viðræðanna, en það virðist ljóst að stuttur aðdragandi hefur verið að viðræðunum í Washington í lok nýliðinnar viku. Embættismenn landanna hafa sjálfsgætt verið í sambandi eftir að slitnaði upp úr viðræðunum í október vegna þess að Íslendingum var nóg boðið varðandi kröfur Bandaríkjanna um rekstur flugvallarins og þótti ekki ástæða til að setjast niður til formlegra viðræðna. Þetta hafa Bandaríkjamennt látið sér að kenningu verða.

Samtöl Geirs H. Haarde utanríkisráðherra og Condoleezza Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, á ráðstefnunni um Afganistan í Lundúnum í nýliðinni viku virðist hafa verið lykllinn að því að viðræðurnar hófust á ný af fullum krafti.

Líklegt er einnig að það hafi haft sitt að segja að nú eru Bandaríkjamennt á ný með sendiherra hér á landi, en svo hefur ekki verið nú um hálfis árs skeið. Það er auðvitað ekki boðlegt af hálfu þeirra að hér skuli ekki vera sendiherra í svo langan tíma, sérstaklega þegar haft er í huga að mikilvægt er að gott samband sé á milli þessara tveggja vina- og bandalagsþjóða, ekki síst þegar viðkvæm ágreiningsmál milli þeirra eru óleyst. Ástandið í Norðurhöfum nú er eins og allir vita gjörbreytt frá því sem það var á dögum kalda stríðsins, þegar langdrægar sovéskar njósnaflugvélar voru tíðir gestir í námunda við Ísland og bandarískar herþotur þurftu oft að fara á vettvang þegar óþekkt flugför komu fram á ratsjám eftirlitsstöðva NATO. Bæði er að mjög hefur dregið úr þessu flugi Rússa og síðan má ekki gleyma því að öflugri ratsjárstöðvar mannaðar íslensku starfsmönnum eru á stöðugri vakt á fjórum stöðum hérlendis, auk þess sem íslenskir flugumferðastjórnar hafa nú betra yfirlit en áður yfir flugumferð í kringum landið. Þörfin á fjölda herþotna á Keflavíkurlugvelli hefur því minnkað mikið, en áfram verða þó að vera til staðar hér eða í nálægum löndum herþotur til að sinna nauðsynlegu eftirliti.

Þetta breytir þó ekki því að bandarísk stjórnvöld verða að standa við sinn hluta af varnarsamningi þeim sem í gildi er milli landanna. Við stóðum fyllilega við okkar hlut á viðkvæmum tímum fyrir Bandaríkjamennt, með því að heimila þeim að starfrækja hér herstöðvar, og þótt kynslóðaskipti hafi orðið í embættismannakerfinu í Washington, hlýtur varnarsamningurinn að standa. Ef Bandaríkamennt hins vegar vilja hverfa héðan fyrir fullt og allt, þá verða þeir að segja það tæpitungulaust.

Við Íslendingar eigum að vera fullfærir um að sjá um rekstur Keflavíkurlugvallar, og síðan er það samningsatriði milli þjóðanna hvaða aðstöðu Bandaríkjamennt hafa þar. Því verður varla trúað að þeir vilji ekki eiga þess kost að geta komið þangað með stuttum fyrirvara þótt átakasvæðin í heiminum hafi færst til. ■



FRÁ DEGI TIL DAGS

Pólitik í lakkrisbúðinni

Oddný Sturludóttir, sem býður sig fram í fjórða sæti í prófkjöri Samfylkingarinnar í Reykjavík, hóf kosningabaráttu sína af krafti í gær. Þá opnaði hún það sem hún sjálf kallar minnstu kosningaskrifstofu í heimi, en hún er Laugavegi 12b í húsnæði sem áður hýsti Lakkrisbúðina. Stúfult var út úr dyrum hjá Oddnýju. Eiginmaður hennar, rithöfundurinn Hallgrímur Helgason, var að sjálfsgæðu á staðnum og lét hann hendur standa fram úr ermum og dreifði bæklingum fyrir konu sína fyrir utan skrifstofuna. Margrét María dóttir þeirra hafði það náðugt á meðan inni í gömlu Lakkrisbúðinni. Á meðal gesta hjá Oddnýju var Steinunn Valdis Óskarsdóttir borgarstjóri. Þá kaktu hjónin Jón Baldvín Hannibalsson og Bryndis Schram einnig í kaffi.



Viggó hættur

Þau tíðindi bárust í gær að Viggó Sigurðsson, landsliðsþjálfari í handbolta, hefði sagt upp samningi sínum við Handknattleikssamband Íslands, HSI. Þetta er ansi merkilegt þar sem Viggó er nýkominn heim frá Evrópumótinu í Sviss þar sem hann náði stórgóðum árangri með íslenska liðið. Það sem er reyndar enn merkilegra er að nokkrir mánuðir eru síðan Viggó sagði samningnum upp og var því haldið leyndu þar til nú. Ástæðurnar sem Viggó gefur fyrir ákvörðun sinni er fyrst og fremst samningurinn sem hann hefur við HSI sem hann segir ófullnægjandi. Það er vel skiljanlegt að menn segi upp ef þeir eru ósáttir við kjör sín. Viggó segist einnig vera óánægður með vinnuumhverfi sitt. Það er reyndar atríði sem hann þarf að skýra betur. Þriðja ástæðan sem

hann nefnir er gagnrýni á störf hans í fjölmiðlum.

Lagður í einelti

Viggó líkir gagnrýninni við einelti og segir reynda leikmenn og þjálfara hafa gagnrýnt sig hvenær sem tækifæri hafi gefist. Hann nefnir samt engin dæmi. Landsliðsþjálfari í handbolta á ekki að láta gagnrýni fara fyrir brjósti á sér. Ef hann er ósáttur við hana á hann auðvitað bara að svara henni með rökum. Þrátt fyrir hafa sagt samningnum upp segist Viggó vera fús til að halda áfram með landsliðið ef kjör hans og vinnuumhverfi verði bætt. Vel getur verið að það verði gert en Viggó getur hins vegar gengið út frá því sem vísu að störf hans verða áfram gagnrýnd. Það er hlutskipti landsliðsþjálfara.

trausti@frettabladid.is

11. september og saga Bandaríkjanna

Síðastliðnar vikur hefur George Bush, forseti Bandaríkjanna og ríkisstjórn hans haldið uppi miklum vörnum fyrir stefnu forsetans í Írak, Föðurlandsákvæðinu (lög sem voru samþykkt eftir 11. september er auka valdboð ríkisstjórnarinnar til að berjast gegn hryðjuverkamönnum) og ráðagerðum sem eru í umræðunni um að veita ríkisstjórninni leyfi til að hlera síma óbreyttra borgara. Máli sínu til réttlættingar hefur Bush vísað til sambærilegra dæma úr sögu Bandaríkjanna.

Það er ljóst að forsetinn telur að aðgerðir hans muni auka öryggi bandarískra borgara. Einnig er það ljóst að trú hans og sú heimild til aukins valdboðs, sem hann telur sig hafa til að réttlæta aðgerðir sínar, eiga rætur sínar að rekja til hryðjuverkaárásanna á Bandaríkinn þann 11. september árið 2001. Hér þarf að taka fjölmargar spurningar til umhugsunar; spurningar um þá ógn sem stafar frá Írak og heyrir undir utanríkisstefnu Bandaríkjanna, spurningar um hvort slíkar aðgerðir ríkisvaldsins brjóti gegn ákvæðum í stjórnarskrá Bandaríkjanna og jafnvel pólitískar spurningar um raunverulegar ástæður forsetans fyrir innrás Bandaríkjanna í Írak. En umræður um þessar spurningar standa í skugganum af 11. september og þeim miklu breytingum sem atburðir þessa dags hafa haft á stefnu Bandaríkjastjórnar bæði í innanlands- og utanríkismálum.

Var þjóðaröryggi ógnað?

Hvort sem hægt er að líta svo á að umræða um 11. september flokkist undir sagnfræði eða ekki, langar mig til að bera fram tvær sagnfræðilegar spurningar um hryðjuverkaárásirnar þennan skelfilega dag. Markmið mitt er ekki að setja fram endanleg svör heldur frekar að hefja rökræðu um hvort það sé rétt að 11. september hafi eins mikið sögulegt vægi og ætlað hefur verið. Fyrsta spurning mín er þessi: Hvar í röðina setjum við 11. september ef við búum til lista yfir sambærilegar atlögur að þjóðaröryggi Bandaríkjanna í sögunni? Samkvæmt rannsókn-um mínum er 11. september ekki í einu af efstu sætunum, en til þess að vera þar þarf atlagan að hafa ógnað áframhaldandi tilveru Bandaríkjanna sem lýðveldis.

Hér er minn listi yfir helstu atlögur að þjóðaröryggi Bandaríkjanna: Frelsisstríðið þar sem ósigur hefði þýtt að Bandaríki Norður-Ameríku hefðu hætt að vera til; stríðið 1812, en þá var höfuðborg landsins brennd til grunna; Þrælastríðið, en þá var ríkjasambandinu ógnað; seinni heimsstyrjöldin, en það stríð var ógn við lýðræði og kapitalisma í

Í DAG

11. SEPTEMBER



JOSEPH J. ELLIS

Þegar við lítum til baka var ekkert þessara svara við ógn-um við þjóðaröryggi Bandaríkjanna réttlætlanlegt. Allar þær sögubækur sem ég veit um lýsa þessum atburðum sem hryggilegum, ófgafullum og jafnvel skammarlegum.



KJARNORKUSKÝ Kalda stríðið, sérstaklega Kúbudeilan árið 1962, þegar stórveldin voru við það að hefja kjarnorkustríð, er meðal dæma um þegar þjóðaröryggi Bandaríkjanna var ógnað að mati greinarhöfundar.

heiminum; Kalda stríðið, sérstaklega Kúbudeilan árið 1962 en þá voru stórveldin Bandaríkin og Sovétríkin við það að hefja kjarnorkustríð.

11. september flokkast ekki með þessum atburðum; ógnin var ekki nægilega mikil til þess. Þótt margir hafi látið lífið þá ógnaði 11. september ekki áframhaldandi tilveru bandaríska lýðveldisins, jafnvel þó að hryðjuverkamennirnir hafi viljað láta okkur halda þá.

Sambærileg dæmi

Önnur spurning mín er þessi: Hvað segir saga Bandaríkjanna okkur um viðbrögð okkar við slík-um atburðum í fortíðinni? Listi minn yfir sambærileg tilfelli og Föðurlandsákvæðið og hleranir ríkisvaldsins á bandarískum borg-urum, myndi innihalda útlandinga- og áróðursákvæðin frá árinu 1798 sem veittu ríkisvaldinu heimild til þess að loka dagblöðum og reka útlandinga úr landi meðan stríðið var Frakka geislaði; þegar gengið

var framhjá „habeas corpus“ (lög sem vernda borgarana gegn fangelsun án dóms og laga) í Þrælastríðinu sem veitti ríkisstjórninni skilyrðislausu heimild til að handtaka þá sem grunaðir voru um að styðja Suðurríkin; „Rauða hættan“ sem reið yfir Bandaríkinn árið 1919 í kjölfar rússnesku byltingarinnar en þá var ríkissaksóknari hvattur til að handtaka vinstrisinnnað fólk; fangelsun japanskættadra Bandaríkjanna í seinni heimsstyrjöldinni, sem var réttlætt með þeim rökum að uppruni þeirra gæti orsakað að þeir væru ógn við öryggi bandarísku þjóðarinnar; „McCarthy-fárið“ á fyrri hluta 6. áratugarins, þar sem Kalda stríðið var notað til þess að réttlæta nornaveiðar gegn meintum kommúnistum í þjónustu ríkisins, í háskólum og í kvikmyndaiðnaðinum.

Þegar við lítum til baka var ekkert þessara svara við ógnunum við þjóðaröryggi Bandaríkjanna réttlætlanlegt. Allar þær sögubækur sem ég veit um lýsa þessum atburðum sem hryggilegum, ófgafullum og jafnvel skammarlegum.

Ljós reynslunnar

Margir mjög virtir forsetar Bandaríkjanna, til dæmis John Adams, Abraham Lincoln og Franklin Roosevelt létu undan raunverulegri og útbreiddri hræðslu almennings. Enginn sagnfræðingur eða ævisagnaritari hefur haldið því fram að þær stundir sem forsetarnir tóku þessar ákvarðanir hafi verið þeirra bestu.

Það sem Patrick Henry kall-aði einu sinni „ljós reynslunnar“ þarf að nota til þess að lýsa upp skuggana sem hafa verið fyrir augum okkar frá 11. september. Það er niðurstaða mín til bráðabirgða að ljósið muni gera okkur kleift að sjá betur þá drauga og djöfla sem við höfum búið til í hugskoti okkar í kjölfar hins sálræna áfalls sem 11. september var.

Það er skiljanlegt að þeir sem misstu ástvinu sína þennan dag muni bera ör á sálinni meðan þeir lifa. En það er óskynsamlegt og stríðir gegn þekkingu okkar á sögu Bandaríkjanna að gera 11. september að helsta orsakavaldi stefnu okkar í innanríkis- og utanríkismálum. Saga Bandaríkjanna bendir til þess að við höfum staðið andspænis meiri ógnum og unnið sigur, og jafnframt að það að bregðast of harkalega við kunni að skapa meiri hættu en aðgerðaleyssið.

Höfundur er prófessor í sagnfræði við Mount Holyoke College. Greinin birtist áður í New York Times.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUPLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson ABSTODARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skafthlíð 24, 105 Reykjavík ADALSIÐI: 550 5000 SÍMBRÉF Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFFANG: vísir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVAINSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum versunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

PEUGEOT 407

TÖLUM UM HRÍFANDI ÖRYGGI

Meistarahönnun Peugeot 407 uppfyllir ítrustu væntingar beggja hliða hugans



Peugeot 407 frá kr. **2.135.000**
kr. 22.188 á mánuði *

Peugeot 407 SW frá kr. **2.295.000**
kr. 23.839 á mánuði *

www.peugeot.is



Sjaldan hefur fimm stjörnu öryggi verið eins fallega hannað og Peugeot 407 - meistarahönnun sem setur fjölskyldubílnum nýjan staðal. Feiknalangur listinn yfir staðalbúnað er einungis toppaður af enn glæsilegri lista yfir öryggisbúnað. Þú velur vélar og búnað eftir óskum og þörfum en hrífandi útlitið er alltaf staðalbúnaður. Komdu og upplifðu einstakan samhljóm í sportlegum aksturseiginleikum, öryggi og fegurð – sem fær báðar hliðar hugans til að segja: - Já. Útfærslunni ræður þú, þannig að við höfum margt að tala saman um. Líttu inn og tölum um Peugeot 407 – flottasta ljónið á veginum

407



* Bilasamningur Lýsingar - 30% innborgun og eftirstöðvar á 84 mánuðum



BERNHARD ehf. • Vatnagarðar 24-26 • Sími 520 1100

Umboðsaðilar:

Reykjanesbær, **Bílavík**, sími 421 7800 • Akranes, **Bílver**, sími 431 1985
Akureyri, **Höldur**, sími 461 6020 • Vestmannaeyjar, **Bragginn**, sími 481 1535

PETTA GERÐIST > 5. FEBRÚAR 1917

Ný stjórnarskrá Mexíkó er kunngerð

Eftir sjö ára byltingu og umrót í þjóðfélaginu, kunngerir Venustiano Carranza, forseti Mexíkó, nýja stjórnarskrá Mexíkó, sem fól í sér loforð um að innfæddir Mexíkóbúar myndu endurheimta lönd sín. Einnig að komið yrði á aðskilnaði ríkis og kirkju auk umfangsmikilla umbóta á hagkerfi og menntakerfi landsins. Stjórnarskráin var samþykkt af sérstöku þingi sem Carranza kallaði saman en stjórnarskráin þótti mjög framsækin og sameinaði kröfur byltingarsinna fyrir landi og þróðar félagskenningar.

Hins vegar liðu margir ára-



VENUSTIANO CARRANZA.

tugir þar til mörg þessara loforða urðu að veruleika. Ekki voru allir sáttir við umbótatilraunir Carranzas. Bardagar héldu því áfram og að lokum var forsetanum steypt af stóli og hann myrtur árið 1920 og sá stöðugleiki sem virtist vera í augnsýn var fyrir b. Það var ekki fyrr en eftir síðari heimsstyrjöldina að nokkur stöðugleiki komst á að nýju, þegar iðnhygjan, sem fékk byr undir báða vængi í stríðinu, fór að leika stórt hlutverk í hagkerfi landsins. Þá varð Miguel Alemín fyrsti af mörgum borgaralegum forsetum Mexíkó.

MERKISATBURÐIR

- 1967 Silfurhesturinn, bókmenntaverðlaun dagblaðanna, eru veitt í fyrsta sinn. Snorri Hjartarson hlýtur þau.
- 1988 Réttur í Bandaríkjunum ákærir Manuel Antonio Noriega, hershöfðingja í Panama, fyrir fíkniefnamisferli.
- 1989 Vátryggingafélag Íslands, VÍS, er formlega stofnað.
- 1994 Sameining Keflavíkur, Njarðvíkur og Hafna er samþykkt í kosningum.
- 1996 Elizabeth Taylor sækir um skilnað frá sjöunda eiginmanni sínum.
- 1997 Tuttuguogbriggja bíla árekstur varð á Kringlumyrarbraut. Meisli á fólki urðu lítil.
- 1999 Boxarinn Mike Tyson er dæmdur í ársfangelsi fyrir líkamssárs.

tímamót

Umferd.is opnuð í Grundaskóla

Það er mikið um að vera í Grundaskóla á Akranesi þessa dagana. Í vikunni heim sóttu forsetahjónin skólann og á föstudag vígði Sturla Böðvarsson samgönguráðherra nýjan umferðarvef fyrir íslenska grunnskóla, að því er fram kemur á vef Akraneskaupstaðar. Vefurinn er þróunarvefur sem unninn var meðal annars af starfsmönnum og nemendum Grundaskóla í samvinnu við ýmsar stofnanir.

Nemendur 3. bekkjar og fjöldi gesta voru við vígsluna í skólanum en umferðarvefinn er að finna á www.umferd.is. ■



STURLA BÖÐVARSSON Samgönguráðherra vígði nýjan umferðarvef í Grundaskóla.

WWW.AKRANES.IS

FÆDDUST ÞENNAÐ DAG



1788 Robert Pelee, forsætisráðherra Breta.



1906 John Carradine leikari



1914 Alan Hodgkin, hlaut nóbelsverðlaun í eðlisfræði árið 1963.

AFMÆLI



Friðjón Þórðarson, fyrrverandi þingmaður og ráðherra, er 83 ára.



Jónas Kristjánsson, fyrrverandi ritstjóri, er 66 ára.



Óli H. Þórðarson, formaður umferðaráðs, er 63 ára.



Bolli Héðinsson, hagfræðingur er 52 ára.



Friðrik Rafnsson, ritstjóri er 47 ára.

Fréttablaðið er smáauglýsingablaðið

PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ

TILBOÐ

Á LEGSTEINUM, FYLGIHLUTUM OG UPPSETNINGU

10-50% AFSLÁTTUR

Yfir 40 ára reynsla Sendum myndalista

Steinsmiðjan **MOSAİK**

Hamarshöfða 4 • 110 Reykjavík • sími 587 1960 • www.mosaik.is



TRYGGVI FELIXSON: RÁÐINN Á SKRIFSTOFU NORRÆNU RÁÐHERRANEFNDARINNAR

Gott að vera Íslendingur í Kaupmannahöfn

„Kaupmannahöfn er afskaplega ljúf borg og gott að vera Íslendingur þar,“ segir Tryggvi Felixson hagfræðingur, sem nýlega var ráðinn til að stjórna deild innan skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar í Kaupmannahöfn. Tryggvi lætur því af störfum sem framkvæmdastjóri Landverndar en því starfi hefur hann gegnt frá árinu 1999. „Ég hlakka mikið til að starfa á stærri vettvangi þar sem fleiri eru með ólíka fagþekkingu og fólk er úr ýmsum áttum. Það er gaman að vinna í svoleiðis hópi því það myndar frjótt og uppbyggilegt umhverfi,“ segir Tryggvi, en deild hans mun sinna málefnum umhverfis og auðlinda, auk málefna norðurskautsins.

Tryggvi þekkir vel til Kaupmannahafnar enda vann hann þar um árabil sem ráðgjafi hjá sömu stofnun. Þá var hann við nám í Noregi og starfaði um tíma í Svíþjóð og er því nokkuð slarkfær í skandinavísku. Þrátt fyrir að þessi tímamót leggjast vel í Tryggva bærast þó með honum fleiri tilfinningar en tilhlökkun og gleði. „Maður kvíðir svoltid fyrir því að fara úr starfi sem maður hefur tekið þátt í að byggja upp og hefur smááhuggjur af því hvort maður skilji eftir sig vandamál og viðfangsefni sem maður hefði átt að leysa,“ segir Tryggvi íhugull, en bætir við að einn af meginkostum þess að búa erlendis sé að koma aftur heim til Íslands enda læri maður að meta margt sem áður

var tekið sem sjálfsögðum hlut. Eitt af aðaláhugamálum Tryggva eru fjallgöngur og útívera. „Ég reyni að vera alltaf á Íslandi á sumrin,“ segir hann, enda lítið um fjöll til að klífa í Danaveldi. Hins vegar segir hann gott að stunda alla aðra útívera þar og má gera ráð fyrir að hjólfákurinn verði í mikilli notkun.

„Svo eru ákaflega fallegir skógar í Danmörku og það eru ógleymanlegir hlaupatúrar þegar farið er eldsnemma morguns að vori þegar beykitrén eru að springa út og allt er að vakna til lífsins,“ segir Tryggvi dreyminn. Vorið verður líklega farið að láta á sér kræla þegar hann tekur við starfinu síðla í mars. ■



KÆRKOMIN GIÖF Erna Friða Berg, skrifstofustjóri Sólvangs, tekur við gjafabréfinu úr hendi Kristínar Gunnbjörnsdóttur, formanns Hringinsins.

Sólvangur gladdur

Nýlega færðu félagar í kvenfélagi Hringinsins í Hafnarfirði hjúkrunarheimilinu Sólvangi peningagjöf í tilefni af nýrri og glæsilegri aðstöðu sem þar hefur verið tekin í notkun fyrir heimilis-

fólkið. Kvenfélagið stendur sjálft á tímamótum á næsta ári enda stendur það á gömlum grunni. Félagið var stofnað árið 1912 og heldur því upp á 95 ára afmæli sitt á næsta ári. ■

Kærkomin gjöf

Flugfélag Íslands afhenti fyrir nokkru Styrktarfélagi krabbameinssjúkra barna peningagjöf að andvirði 250 þúsund krónur. Mun gjöfin koma að góðum notum en árlega greinast að meðaltali um tíu til tólf börn og unglingar 18 ára og yngri með

krabbamein á Íslandi.

Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna var stofnað árið 1991 og er tilgangur þess að gæta hagsmuna krabbameinssjúkra barna og aðstandenda þeirra á öllum sviðum innan sjúkrahúsa og utan. ■



TEKUR VIÐ ÁVÍSUN Rósa Guðbjartsdóttir með gjöfina góðu. Með henni á myndinni eru Inga Birna Ragnarsdóttir og Árni Gunnarsson frá Flugfélagi Íslands ásamt Jóhönnu Valgeirsdóttur frá styrktarfélaginu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

25 ÁRA AFMÆLISSÝNING

SUZUKI Á ÍSLANDI 1981 - 2006



FRUMSÝNUM

Grand Vitara Diesel
Grand Vitara V6

REYNSLUAKSTUR
LÉTTAR VEITINGAR
OPIÐ LAUGARDAG
OG SUNNUDAG
13.00 - 17.00



 **SUZUKI**
...er lífsstill!

**AFMÆLIS-
TILBOÐ:
Ignis 4x4!**

SUZUKI BÍLAR HF.
Skeifunni 17. Sími 568 5100.
www.suzukibilar.is



Úlfarsárdalur – nýtt hverfi í mótun



Blómleg borg

Suðurhlíðar Úlfarsfells

Úlfarsárdalur er nýtt íbúðasvæði í sólríkum suðurhlíðum Úlfarsfells og inn eftir Úlfarsárdal. Dalverpi Úlfarsárinnar verður varðveitt en um leið nýtt sem best fyrir þá sem búa og starfa á svæðinu. Vatnið, fellið, áin og dalurinn mynda einstakan ramma um svæðið og gera það mjög eftirsóknarvert til búsetu. Stórkostlegt sólríkt útsýni er til suðurs úr flestum íbúðum yfir Reykjavík og á haf út, í hverfi sem mótast af eðlilegum tengslum milli borgar og náttúru.


Miðborgarskipulag

Meginhugmyndin í skipulaginu er þéttbyggt miðborgarskipulag, líkt og þekkt nú í mörgum eldri hverfum borgarinnar, t.d. Norðurmýri, Þingholtunum, miðbæ og vesturbæ Reykjavíkur. Hverfið verður byggt upp með sjálfbærni í huga, blöndu af íbúðar- og atvinnuhúsnæði þannig að möguleiki myndist á að sækja vinnu í hverfinu og þjónusta verði með þeim hætti að sem minnst þurfi að sækja hana út fyrir hverfið.

Svæðið er í suðurhlíðum Úlfarsfells og er því sólríkt. Það er fjórskipt og gert er ráð fyrir 15.000 íbúum í fullbyggðu hverfi. Miðað er við sambland rólegra íbúðahverfa og lifandi breiðstrætis í bland við minni íbúðargötur. Þannig sameinast náttúra með nýjum hætti við íbúðarbyggð í miðbæjarumhverfi sem við þekkjum frá miðbæjarsvæði Reykjavíkur.

Náttúra inni í borg

Leirtjörn verður eins konar miðja hverfisins. Í framhaldi af bökkum Leirtjarnar er einnig íbúðarbyggð, verslunarmiðstöð og almenningsgarður sem tengdur er breiðgötu. Heildin verður því fjölbreytileg með hætti sem ekki hefur sést hér á landi í nýbyggingarhverfum. Útivistarsvæði verða skjólgóð, líkt og þekkt í eldri hverfum Reykjavíkur. Skólar og þjónusta verða í göngufæri við íbúðir, fjölbreytileiki hverfanna verður þannig að fljótlega myndast líflegt borgarumhverfi. Þétt byggð í góðu samræmi við náttúru og þarfir íbúa.



Rammaskipulag hverfisins frá 2001. Fyrsti áfanginn sem nú er boðinn út er sérstaklega merktur.

- Sólrík, skjólsæl íbúðabyggð með góðu útsýni til suðurs
- Þétt byggð atvinnu- og íbúðarhúsnæðis – sjálfbærni í þjónustu og afþreyingu
- Eðlilegt dreift umferðarflæði innan hverfis og út úr því
- Nálægð byggðar og náttúru



Líflegur miðbæjarbragur.



Frábært útsýni, blómleg útivistarsvæði.

arbyggð

Reykjavíkurborg auglýsir eftir kautilboðum í byggingarrétt á eftirtöldum lóðum.

Fyrsti hluti fyrirhugaðs hverfis hefur verið deiliskipulagður og verður í honum byggð með liðlega 900 íbúðum auk möguleika fyrir verslun og þjónustu. Gert er ráð fyrir að lóðir í fyrsta áfanga verði byggingarhæfar í nóvember 2006.


24 lóðir fyrir fjölbýlishús með samtals 225 íbúðum
13 lóðir fyrir raðhús með samtals 57 íbúðum

43 lóðir fyrir parhús með 86 íbúðum
40 lóðir fyrir einbýlishús

Útboðsskilmálar, tilboðseyðublöð, deiliskipulagsskilmálar og almennir lóðaskilmálar verða afhent í sýningaskála Skipulags- og byggingarsviðs, Borgartúni 3. Þessi gögn fást endurgjaldslaust á geisladiskum eða útprentuð gegn 2.500 króna gjaldi. Þau er einnig að finna á vef Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is. Nánari upplýsingar eru veittar í síma 411 1111.

Kautilboðum í byggingarrétt skal skila í lokuðum umslögum, merktum „Úlfarsárdalur – kautilboð“ fyrir kl. 16.00 fimmtudaginn 16. febrúar nk. Tilboðum verður veitt móttaka í húsakynnum Skipulags- og byggingarsviðs, Borgartúni 3, gegn greiðslu tilboðstryggingar, 250.000 kr. vegna hvers bjóðanda. Tilboðin verða opnuð 16. febrúar kl. 16:30 í Skúlatúni 2, 5. hæð, að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.





PÉTUR PÉTURSSON GUÐFRÆÐIPRÓFESSOR Fólk í löndum múslima getur engan veginn skilið að niðrandi myndir af Múhameð spámanni séu birtar á Vesturlöndum í nafni lýðræðis, mannhelgi og málfrelsis.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Telur teikningarnar guðlast

„Ég túlka það svo að það sé andstætt íslenskum lögum að birta mynd af Múhameð spámanni sem glæpamanni.“ Þetta segir **Pétur Pétursson**, prófessor við guðfræðideild Háskóla Íslands, í samtali við **Sigurð Þór Salvarsson**. Hann segir birtingar á þessum teikningum í nafni tjáningarfrelsis misnotkun á frelsishugtakinu. Að sama skapi fordæmir hann þau viðbrögð múslima að brenna danska fánann og ráðast gegn sendiráðum.

Fátt hefur valdið jafnmiklum deilum milli múslima og Vesturlanda upp á síðkastið en teikningar þær af Múhameð spámanni sem upphaflega birtust í danska blaðinu Jótlandspóstinum og síðan í fleiri vestrænum fjölmiðlum. Mikil reiðialda gengur yfir í löndum múslima og beinist hún aðallega gegn Dönun og dönskum hagsmunum en einnig gegn Vesturlöndum almennt.

Tjáningarfrelsi fylgir ábyrgð

Meginröksemdir þeirra sem verja birtingu teikninganna eru þær að samkvæmt vestrænum viðhorfum um prent- og tjáningarfrelsi eigi menn rétt á því að gera grín að hverju sem er, þar með talið guðum og spámönnum.

Pétur er ekki sammála þessum röksemdum. „Ég held að tjáningarfrelsi og ritfrelsi geti aldrei verið í neinu tómarúmi, það er alltaf í einhverju samhengi og ef Múhameð er sýndur sem glæpamaður eða hann niðurlægður á einhvern hátt, þá er það ögrun og með því er farið út fyrir takmörk skoðanafrelsis og ritfrelsis að mínu mati, því eru settar skorður og því fylgir ábyrgð.“

Erum að lítillsvirða fólk

Pétur nefnir líka tillitssemi í þessu sambandi og segir að með þessum myndbirtingum sé verið að traðka á trúartilfinningum einlæglegra trúaðs fólks.

„Við verðum að átta okkur á að sjálfsvirðing þessa fólks er tengd virðingunni fyrir Múhameð og því sem guð hefur tjáð hinum trúaða í gegnum hann. Og með teikningunum er verið að sýna þessu fólki lítillsvirðingu, bæði með birtingu þeirra og því hvernig þeim er síðan komið á framfæri og dreift. Múslimar halda myndabann Gamla testamentisins í heiðri og Múhameð er náttúrulega ekki guð og það er þess vegna sem ekki á að gera af honum myndir því þá er talið að hann verði hugsanlega dýrkaður

sem guð og það má ekki,“ segir Pétur.

Myndirnar ógnandi og meiðandi

Hann nefnir sömuleiðis að menn þurfi ekki að vera sérfræðingar í trúarbrögðum til að skilja það að trúað fólk í löndum múslima, sem margt er ekkert sérlega vel að sér um vestræna menningu, bregst illa við því að vestrænir fjölmiðlar birti myndir af Múhameð spámanni þar sem hann er jafnvel sýndur sem glæpamaður.

„Þetta fólk getur heldur engan veginn skilið að þetta sé gert í nafni lýðræðis, mannhelgi og málfrelsis. Það upplifir þessa aðila sem standa að þessum myndum, sem ógnandi og meiðandi fyrir sjálfsvirðingu þess og skilning þess á því hvað er heilagt og gott og hvað kemur frá guði.“

„Hún er ekki eins sýnileg og áður en guðshugmyndin er hluti af því sem er mikilvægast fyrir fólk, hinn endanlegi sannleiki, það sem er heilagt; sjálfsmyndin speglast þannig í guðsmyndinni og þess vegna eru hún tengd við mannhelgina.“

Sambærilegt við guðlast

Eins og málin hafa þróast síðustu daga er það mat Péturs að Vesturlönd séu í raun að storka múslimum, fyrst með teikningunum og síðan með viðbrögðum við gagnrýni á þær. Og honum finnst táknað að Danir séu fyrst tilbúnir að biðjast afsökunar á því að hafa móðgað múslima þegar viðbrögð almennings í löndum þeirra eru farin að valda dönskum viðskiptahagsmunum skaða.

„Það sem er greinilega heilagt í augum Dana eru þessi fyrirtæki sem eru að tapa viðskiptum. Það heilaga er nefnilega enn til í vestrænum samfélögum en það er bara búið að gera það ósýnilegt. Þetta er svipað og verið væri að velta um legsteinum í kirkjugörðum hjá okkur og svívirða grafir forfeðra okkar. Hið heilaga hjá okkur er orðið meira privat núorðið og er bundið við fjölskylduna. Að sama skapi er virðing múslima fyrir Múhameð nátengd persónu þeirra.“

Brot á íslenskum lögum

Á Íslandi eru í gildi lög sem í raun banna guðlast þótt ekki sé beinlínis að finna ákvæði í almennum lögum settum af Alþingi sem bannar guðlast í orðsins fyllstu merkingu. Hins vegar er ákvæði í 125. grein almennra hegningarlaga nr. 19/1940 sem lýsir þá athöfn refsiverða sem í daglegu tali kallast guðlast: „Hver, sem opinberlega dregur dár að eða smánar trúarkenningar eða guðsdýrkun löglegs trúarbragða-

NISSAN MICRA



SKIPT um væntingar



RISASTÓR!

... með fría sjálfskiptingu

100.000 kr. verðlækkun
í febrúar og öryggisins vegna fylgja vetrardekk á felgum með!

Micra

Verð 1.390.000.-

Með nagladekkjum, sjálfskiptur, 6 diska geislaspilari, lykjallaus, sjálfvirkar rúðupurrkur.



Álfelgur á mynd eru aukahlutur

Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opit: Mánudaga – föstudaga kl. 9.00-18.00 og laugardaga kl. 12.00-16.00

félags, sem er hér á landi, skal sæta sektum eða [fangelsi allt að 3 mánuðum]. Mál skal ekki höfða, nema að fyrirlagi saksóknara.“

Pétur lítur þannig á að birting niðrandi teikninga af Múhameð spámanni í íslenskum miðlum brjóti ótvírætt í bága við þetta ákvæði. „Við verðum að reyna að setja okkur í spor þessa fólks og ef þessar myndir eru birtar hér á Íslandi þá má spyrja hvort múslimar á Íslandi hafi komið fram við okkur með þeim hætti að það réttlæti að ögra þeim á þennan hátt. Með því er verið eins og segir í lögnum að draga dár að og smána trú annarra og það sem er heilagt fyrir þá, og vestræn lýðræðishugsum og mannhelgi viðurkennir ekki slíkt,“ segir hann.

Og hann er því algjörlega ósammála að þetta ákvæði hegningarlaga sé úrelt og því beri að kasta fyrir róða. „Ég tel ekki að svo sé, við látum ekki bjóða okkur hvað sem er, við höfum til dæmis meiyrdaloggjöf til að verja okkur gegn því að hægt sé að segja hvað sem er um okkur.“

Guðshugmyndir hafa breyst

Samkvæmt könnunum biður um þriðjungur Íslendinga bænir á hverjum degi og Pétur nefnir í því sambandi guðshugmyndir manna og breytingar sem orðið hafa á henni hér á Vesturlöndum. „Hún er ekki eins sýnileg og áður en guðshugmyndin er hluti af því sem er mikilvægast fyrir fólk, hinn endanlegi sannleiki, það sem er heilagt; sjálfmyndin speglast þannig

í guðsmyndinni og þess vegna er hún tengd við mannhelgina.“

„Það sem er greinilega heilagt í augum Dana eru þessi fyrirtæki sem eru að tapa viðskiptum. Það heilaga er nefnilega enn til í vestrænum samfélögum en það er bara búið að gera það ósýnilegt.“

Pétur spyr hvort múslimar á Íslandi hafi á einhvern hátt unnið til þess að íslenskir fjölmiðlar birti niðrandi myndir af Múhameð spámanni. „Hafa þeir til dæmis lítilsvirt íslenska menningu og trú með einhverjum hætti? Við verðum að átta okkur á því að þessi mynd af múslimum sem sífellt er verið að halda á lofti í fjölmiðlum er mynd af öfgahópum sem eru tiltölulega nýir af nálinni í sögunni. Það er margt gott um íslam og þeirra hefð að segja, og þeir bera til dæmis virðingu fyrir Kristi, hann er spámaður í þeirra augum og þeir bera virðingu fyrir Maríu móður Jesú og ég spyr, hafa múslimar á Íslandi smánað Krist?“ spyr Pétur Pétursson guðfræðiprófessor. ■

Frá 6.073 kr. aðra leið, London hefur aldrei verið nær
Kynntu þér málið núna, á ba.com

BRITISH AIRWAYS

Skráðu þitt tölvupóstfang á ba.com fyrir 31. mars 2006 til að njóta þessa afsláttarfargjalds. Gildir fyrir flug frá Reykjavík til London. Ljúka þarf ferð fyrir 31. ágúst 2006. Skattar og flugvallargjöld innifalin. Athugið skilmála og skilyrði, nánar á ba.com

NAVISION SMALL BUSINESS
Fjárfesting til framtíðar

Þú þarft að þekkja eigin rekstur til að geta keppt við aðra

Navision Small Business er öflugur viðskiptahugbúnaður sem heldur utan um allar viðskipta- og fjárhagsupplýsingar fyrirtækisins og gefur þér skjótan aðgang að öllu sem þú þarft að vita til þess að hámarka framlegð og ná fram hagræðingu í rekstri.

- Fjárhagsgrunnur
- Fjárhagsbókhald
- Viðskiptamenn
- Sölureikningar
- Lánardrottinn
- Birgðir

Verð frá kr. 130.900*

Hringdu núna í síma 545-3200

Öll verð eru án vsk. *Verð miðast við einn notanda

10 góðar ástæður fyrir því að þú ættir að velja NAVISION SMALL BUSINESS

- ✓ Einfalt og þægilegt viðmót
- ✓ Einföld uppsetning
- ✓ Íslenskar handbækur
- ✓ Staðlaðir bókhaldslyklar
- ✓ Miklir stækkunarmöguleikar
- ✓ Tenging við aðrar lausnir
- ✓ Fjöldi viðbótarlausna
- ✓ Microsoft samhæft
- ✓ Aðgangur að þjónustuborði
- ✓ Fjöldi námskeiða í boði

Dæmi um viðbótarlausnir	Verð
- Hver auknotandi	64.000.-
- Launakerfi	40.000.-
- Innheimtakerfi	40.000.-
- Verkbókhald	40.000.-

Maritech er eitt stærsta hugbúnaðarfyrirtæki landsins með skrifstofur í Kópavogi og á Akureyri. Hjá okkur starfar stór hópur vel menntaðra sérfræðinga sem notar upplýsingateknina til þess að hjálpa þér að ná betri árangri. Maritech hefur þróað fjölda viðbóta við Navision viðskiptahugbúnaðinn sem eru lagaðar að þörfum íslenskra fyrirtækja.

Hliðasmári 14, 201 Kópavogur
sími 545 3200, fax 545 3201
sala@maritech.is

Skipagötu 18, 600 Akureyri
sími 545 3500, fax 545 3501
akureyri@maritech.is

Microsoft GOLD CERTIFIED Partner

www.maritech.is



TEIKNINGUM MÓTMÆLT Múslimar mótmæltu birtingu skopmynda af Múhameð spámanni fyrir utan danska sendiráðið í London í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/JP

Teikningar af spámanninum:

Fá morðhótanir en ekki höfundarlaun

Fjölmiðlar um allan heim hafa birt teikningar Jótlandsþóstsins af Múhameð spámanni síðustu daga án þess að greiða fyrir notkunina. Þetta kom fram í viðtali við fjóra af teiknurum tólf í sænska dagblaðinu Dagens Nyheter í gær.

Síðan myndirnar birtust fyrst hafa nokkrum teiknurum þeirra borist morðhótanir og eru þeir nú undir lögregluftirliti allan sólarhringinn.

Í viðtalinu við Dagens nyheter segjast þeir af teiknurum hafa haft efasemdir um réttmæti birtingar myndanna, en blaðið hafði samband við þá í kjölfar þess að barnabókarhöfundur fann engan til að myndskreyta bók sína um spámanninn.

inn. Þeir slógu þó til að lokum í nafni prentfrelsis.

Fyrir tveimur vikum stofnuðu teiknararnir tólf með sér sjóð sem þeir ætla að láta öll höfundarlaun vegna birtinga á teikningunum renna í. Sjóðurinn verður notaður til að verðlauna þá dagblaðateiknara sem skara fram úr í heiminum. Berist teiknurum ekki þau höfundarlaun sem þeim ber, er þó hætt á að sjóðurinn verði heldur rýr, því hver um sig fékk eingöngu rúmar 8.000 íslenskar krónur greiddar frá Jótlandsþóstinum fyrir myndirnar. Búið er að birta myndirnar í allt að 60 blöðum og yfir 200 sjónvarpsstöðvum, að sögn Dagens Nyheter.

- smk/ks



AF ALÞINGI Alþingi er falið löggjafarvaldið í þrískiptingu ríkisins. Þegar asi er á löggjafanum er meiri hættá á að veikleikar finnist í lögunum.

Dómstólar setja löggjafanum skorður

Undanfarinn áratug hefur orðið aukning á umræðu um brot löggjafans á stjórnarskránni og stjórnarskrárbundnum réttindum. Þeim tilfellum hefur fjölgað þar sem löggjafarvaldið hefur brotið ákvæði stjórnarskrárinnar, einkum almenn mannréttindaákvæði en líka ákvæði um þrískiptingu ríkisvaldsins, að mati Hæstaréttar. *Guðrún Helga Sigurðardóttir* hefur skoðað þessi mál.

Jón Steinar Gunnlaugsson hæstaréttardómari skrifaði nýlega grein um þá ákvörðun framkvæmda- og löggjafarvaldsins að afnema launahækkun dómara samkvæmt úrskurði Kjaradóms frá því í desember.

Jón Steinar benti á að lög um Kjaradóm hvíldu á þeirri augljósu forsendu að valdhafar skyldu ekki hafa neitt um laun þeirra að segja. Var þeim sjónarmiðum vikið til hliðar og úrskurður Kjaradóms afnuminn með lögum nú í byrjun ársins. Þar með lækkuðu laun dómara. Jón Steinar benti á að sumir teldu að með þessu hefði verið brotinn lögverndaður réttur á dómurum í landinu og að enginn fastskipaður dómari gæti dæmt í máli ef dómara sæktu rétt sinn.

Tvö til þrjú á einni öld

Í samtölum Fréttablaðsins við lögmann og dómara var það mat manna að tilfelli þar sem löggjafinn fer í bága við réttindi manna og stjórnarskrárbundin ákvæði væru mun fleiri hér á landi en í nágrannaríkjum okkar á Norðurlöndum. Tilfinning manna var sú

að hér gætu þau verið tvö til þrjú á ári og í allt kannski 20 þó að ekki hafi tölu verið kastað á fjöldann. Vitað er að í Danmörku einni saman voru málin tvö til þrjú alla síðustu öld og eru Danir því verulegir eftirbátar Íslendinga hvað fjöldann snertir. Svipuð þróun hefur hins vegar verið í Noregi og hér, þar hefur þessum málum farið fjölgaandi á síðustu árum samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

„Fjöldi dóma íslenskra dómstóla, og þá fyrst og fremst Hæstaréttar, sýnir að það leikur varla vafi á að það er algengara á Íslandi en í nágrannaríkjunum á Norðurlöndum, að dómstólar lýsi ákvæði laga andstæð stjórnarskrá. Dómstólar þar hafa, að minnsta kosti hingað til verið tregari til að komast að þeirri niðurstöðu að löggjöf sé andstæð stjórnarskránni og hafa þar með kannski ætlað löggjafanum meira svigrúm en nú er orðin raunin á Íslandi. Hefðin er þó alls staðar sú að dómstólar fara gætilega í þetta og allir eru sammála um að þeir eigi að gera það, meðal annars frá sjónarmiðinu um lýðræði,“ segir Davíð Þór Björgvins-

Hrafnkötlumálið:

Tálmanir á prentfrelsi

Árið 1943 gáfu þrjú menn, Halldór Kiljan Laxness, Einar Ragnar Jónsson og Stefán Ögmundsson, út bókina *Hrafnkötlur*, endurprentun *Hrafnkels sögu Freysgoða*, aðallega útgáfu Konráðs Gíslasonar frá 1847, þó að íslenska ríkið hefði með lögum frá 1941 einkarétt á því að gefa út rit frá því fyrir 1400.

Mennirnir voru dæmdir til greiðslu sektar en áfrýjuðu dómi til Hæstaréttar. Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að lagaákvæðið frá 1941 væri brot á prentfrelsisákvæðum stjórnarskrárinnar sem segir að það skuli vera prentfrelsi í landinu og ekki megi leggja tálmanir í veg fyrir það.

son, dómari við Mannréttindadómstól Evrópu. Þess verður þó að geta að sú þróun sem orðið hefur hér á landi er ekki einsdæmi ef horft er til Evrópu í heild. Þróunin hefur verið áþekkt í mörgum ríkjum og hennar gættir líka í nágrannaríkjunum á Norðurlöndum þó svo virðist sem hún hafi verið hraðari hér á landi en þar.

Hann segir að fjölgun málanna megi líklega meðal annars rekja til ákveðinnar hugarfarsbreytingar hjá íslensku þjóðinni og betri vitundar þegnanna um stjórnarskrárbundin réttindi sín. Þegnarnir séu nú tilbúnari en áður til að láta reyna á rétt sinn fyrir dómstólum. Dómstólarnir hafi tekið því erindi nokkuð vel þannig að ákveðin þróun hafi orðið sem leiði til þess að dómstólar setji löggjafanum meiri skorður en hefðbundin sjónarmið gerðu ráð fyrir hér áður

Hraðakstur úti á landi:

Leiddi til uppstokkunar

Jón nokkrir Kristinsson var tekinn fyrir of hraðan akstur úti á landi á níunda áratugnum. Lögreglu- og dómskerfið var þá þannig að sýslumenn sátu báðum megin borðsins, sáu bæði um að rannsaka og dæma í einu og sama málinu og það gekk ekki.

Í kjölfarið á þessu máli var kerfið stökkað upp, héraðsdómstólar stofnaðir og ný lög sett um meðferð einkamála og opinberra mála. Sýslumenn hættu að geta kveðið upp dóma. Í kjölfarið á þessu var fyrirkomulagi með dómarafulltrúa breytt. Hæstiréttur kvað upp úr um að þeir væru ekki nógu óháðir framkvæmdavaldinu til að geta kveðið upp dóma. Stöður dómarafulltrúa voru því lagðar niður.

fyrir. Þá hafa áhrif alþjóðlegra mannréttindasáttmála, meðal annars við túlkun stjórnarskrárinnar, þýðingu. Þar gættir einkum áhrifa Mannréttindasáttmála Evrópu, þótt fleiri sáttmálar komi til. Í því sambandi má benda á að breytingar þær sem gerðar voru á mannréttindakafla stjórnarskrárinnar á árinu 1995 miðuðu einmitt fyrst og fremst að því að sníða vernd mannréttinda samkvæmt stjórnarskránni að skuldbindingum í alþjóðlegum mannréttindasáttmálum. Þessa gættir eðlilega í ríku mæli við túlkun mannréttindaákvæða stjórnarskrárinnar, enda í samræmi við vilja stjórnarskrárgjafans, þótt auðvitað megi alltaf deila um niðurstöður í einstökum málum.

„Á hinum Norðurlöndunum eru, að minnsta kosti í Danmörku, eldri og veikari stjórnarskrárákvæði og það skiptir líka máli. Kannski erum við með óvandaðri lagasetningu, ófeimnari dómstóla og duglegra fólk við að sækja rétt sinn,“ segir doktor Ragnhildur Helgadóttir, lektor við Háskólann í Reykjavík, og bendir á að breyting á mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar fyrir nokkrum árum geti líka haft þarna áhrif en Bandaríkjamenn hafa einmitt rutt brautina í þessum efnun og auðvitað getur það verið hluti af skýringunni.

Þær skoðanir heyrast að ekki sé nógu vel vandað til verka af hálfu löggjafans, en hér á landi hefur lagasetningu stundum verið flýtt í gegn á síðustu dögum þings án þess að nægileg umræða eða undirbúningur hafi farið fram. Sú hættá er því óneitanlega fyrir hendi að veikleikar séu fyrir hendi í lagasetningunni. Sú rödd heyrir meðal lögmanna að þetta sé ef til vill valdhroki sem megi rekja til þess að stjórnálamenn hafi setið of lengi við völd.

Þrýsta málum í gegn

Einnig hefur borið á því að stjórnálamenn hafi reynt að þrýsta í gegn um eildum málum í krafti meirihlutavalds þó að virtir fræði-

Öryrkjamálið:

Tvö mál til að laga réttindin

Öryrkjamálið svokallaða vakti gríðarlega athygli í þjóðfélaginu. Það var tvískipt og í hinu fyrri höfðaði Öryrkjabandalagið mál gegn Tryggingastofnun fyrir að tengja tekjur maka við örorkubætur og skerða tekjur öryrkjans. Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að skerðingin stríddi gegn stjórnarskrá.

Seinna málið höfðaði Öryrkjabandalagið fyrir hönd tiltekinn öryrkja og komst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að löggjafarvaldið hefði ekki gengið nógu langt með lagasetningu sinni til að laga réttindi öryrkja í fyrri málinu. Sá dómur var kveðinn upp árið 2003.

menn og sérfræðingar hafi varað við því. Dæmi um þetta var fjölmiðlafrumvarpið í hitteðfyrri en þá höfðu einmitt fjöldamargir fræðimenn varað við því að það bryti gegn stjórnarskránni meðan Jón Steinar Gunnlaugsson var eini sérfræðingurinn sem mælti með frumvarpinu. Flýttir og pólitískur þrýstingur auka auðvitað hættuna á því að veikleikar séu í lagasetningu.

Kjarni málsins er væntanlega sá að framkvæmdavaldið verður að halda sig innan þess ramma sem löggjafarvaldið hefur sett og dómvaldið kveður upp úr um þau álitamála sem koma upp í því efni. Um þróunina og ástæður hennar eru skiptar skoðanir eins og gengur.

Ýmsir eru þeirrar skoðunar að dómstólar hafi stigið skrefinu lengra en þeir eigi að gera í ýmsum málum. Það þekkjá þeir sem muna eftir liflegri fjölmiðlaumræðu síðustu ára, meðal annars í tengslum við fiskveiðikvótann frá því um miðjan síðasta áratug. Þessi mál og fleiri eru rifjuð upp annars staðar hér á síðunni. ■

Valdimars- og Vatneyrarmál:

Fyrri úrskurði snúið

Valdimarsmálið er kennt við Valdimar Jóhannesson sem taldi að fiskveiðistjórnunarlögin væru í andstöðu við jafnræðisákvæði og ákvæði um atvinnufrelsi stjórnarskrárinnar. Valdimar sótti um leyfi til að gera út og stunda fiskveiðar og sótti um kvóta í ákveðnar fisktegundir. Hann fékk neitun frá sjávarútvegsráðuneytinu og krafðist þess þá að dómstólar úrskurðuðu að neitunin væri ólögleg því hún mismunaði Íslendingum með aðgang að sameiginlegri auðlind. Valdimar tapaði fyrir undirrétti en vann fyrir Hæstarétti.

Eftir að Hæstaréttur hafði kveðið upp úrskurð um að lögin stríddu gegn stjórnarskránni vildi skipstjóri á Patreksfirði reyna á það að veiða án aflaheimilda og taldi að sér yrði ekki refsáð á grundvelli þess að hann væri að brjóta lög sem stæðust ekki stjórnarskrá. Hann veiddi, var tekinn og krafðist sýknu á þessum grunni. Héraðsdómari sýknaði hann en Hæstiréttur sneri þeim dómi. Skipstjórinn var því sakfelldur fyrir brot á fiskveiðistjórnarlögunum sem áður höfðu verið sögð andstæð stjórnarskránni. Þannig hafði fyrri úrskurði verið snúið.

NÁM SEM NÝTIST

Sjálfskraust í samskiptum, 14.02.–21.02

Kenndar raunhæfar aðferðir til að byggja upp sjálfskraust og öðlast öryggi í samskiptum.

Stefnumiðað árangursmat (Balanced Scorecard): Framkvæmd og innleiðing, 22.02.–23.03.

Áhersla á framkvæmd stefnumiðaðs árangursmats og innleiðingu þess. Þjálfun í notkun stefnu- og skorkorta.

Gæðastjórnunarkerfi samkvæmt staðlinum ISO 9001:2000, 27.02.–10.03.

Með gæðastjórnunarkerfi nærðu góðum tókum á eigin rekstri, uppfyllir væntingar viðskiptavina og kemur auga á nýja möguleika.

Kynntu þér fjölbreytt námsframboð á www.endurmenntun.is eða hringdu í síma 525 4444.

ENDURMENNTUN HÁSKÓLA ÍSLANDS

- að vaxa og dafna

ego dekor
BÆJARLIND 12 - S: 544 4420
201 KÓPAVOGUR

Opið í dag sunnudag: 13:00-17:00

ÚTSÖLULOK

10-50% afsláttur



ego dekor
RIO LEDUR TUNGUSÓFI
Verð áður: 212.000
-30%
Verð nú: 148.400



ego dekor
Eikarborð (190x90) og sex stólar
Verð áður: 128.000
-30%
Verð nú: 89.600



ego dekor
TUNGUSÓFI
óhreinendaván microfiber ákveðið - einnig hægt er að taka af öllum sólanum og þurrkinnas
Verð: 128.000
-30%
Tilboðsverð nú: 89.600



ego dekor
ANGEL TUNGUSÓFI
með óhreinendavánu microfiber ákveðið sem hægt er að taka af og þvo
Verð áður: 139.000
-30%
Verð nú: 97.300



ego dekor
Stakur stóll
-30%
Verð nú: 8.750



ego dekor
Skenkur (140cm)
Verð áður: 59.000
-50%
Verð nú: 29.500



ego dekor
Sofaborð (120x70)
Verð áður: 35.000
-50%
Verð nú: 17.500



ego dekor
Stakur stóll
-30%
Verð nú: 8.750



ego dekor
20% AFSLÁTTUR AF MANGO HUSGÖGNUM
Borð 180x100 og 6 stólar Verð áður: 120.000,-
-20%
Verð nú: 88.500,-
Skenkur 190cm Verð áður: 85.000,-
-20%
Verð nú: 68.000
Stóll Verð áður: 12.500,-
-30%
Verð nú: 8.750,-
Glærkápur Verð áður: 62.000,-
-20%
Verð nú: 49.600



ego dekor
TV skenkur
Verð áður: 32.000
-40%
Verð nú: 19.200



ego dekor
Náttborð
Verð áður: 19.500
-30%
Verð nú: 13.650

Vinur í raun

Það er fimmtudagur og tilhlökkun í brjósti jarðfræðingsins Ingibjargar Ingibjargar Elsu Björnsdóttur, enda full ástæða til. Hún sér fram á ánægjulega samfundi með vinkonu sinni sem hún heimsækir á vegum heimsóknarþjónustu Rauða kross Íslands einu sinni í viku. Þóráðs Lilja Gunnarsdóttir smitaðist af göðmennsku Ingibjargar Elsu.

Ingibjörg Elsa veit að þær stöllu ætla að sötra sælkerakaffi með súkkulaðistöng á Amokka og skjótast þaðan í bíó, enda margt að sjá sem kítar áhugasvið beggja. Síðastliðin þrjú ár hefur hún unnið sem sjálfbóðaliði í heimsóknarþjónustu Rauða kross Íslands og heimsækir nú fjórða skjólstæðing sinn til þessa.

„Sem barn var ég mikið samvistum við afa minn og ömmu, en bæði eru nú látin. Ég fann að þörf mín fyrir umgengni við eldra fólk var enn til staðar því mér finnst fátt skemmtilegra en að umgangast fólk með lífsreynslu og visku,“ segir Ingibjörg Elsa, sem þar til nú hefur ávallt heimsótt eldri borgara í sjálfbóðastarfinu.

„Annars fór ég aðallega út í þetta vegna þess að mig langaði að starfa innan Rauða krossins, láta gott af mér leiða og hjálpa öðrum. Ég hafði heyrt um þetta starf og lét til skarar skriða, en starfið er auðvelt og ánægjulegt, og vel mögulegt með fullri vinnu,“ segir Ingibjörg Elsa sem er deildarsérfræðingur á rannsókn- og nýsköpunarsviði Rannís.

Bros að launum

Það var árið 1975 að hópur hugsjónakvenna innan Rauða krossins fann þörf fyrir heimsóknarþjónustu af þessu tagi og allar götur síðan hefur þjónustan verið starfrækt með svipuðu formi. Þörf er fyrir fleiri sjálfbóðaliða því umsóknirnar eru margar og verkefni fjölbreytileg.

„Við viljum ekki eingöngu fá ungt fólk til liðs við okkur heldur einstaklinga á öllum aldri, og ekki síst eldri borgara sjálfa, en meðal sjálfbóðaliða er margt eldra fólk sem er hætt á almennum vinnu-markaði en hefur ánægju af heimsóknum til annarra,“ segir Ingibjörg Elsa, sem um þessar mundir sinnir einum skjólstæðingi, en til eru sjálfbóðaliðar sem heimsækja þrjú til fjóra í viku.

„Þetta er afskaplega gefandi starf og fljótt myndast gagnkvæm vinátta. Ég heimsótti lengi gamla konu og saman fórum við í göngutúr, út í búð og enduðum samverustundina á kaffitíma og spjalli heima við eldhúsbörð. Í mínu hjarta varð hún strax ein af mínum bestu vinkonum sem ég heimsótti reglulega. Ég heimsótti einnig aldraða konu sem var rúmföst á hjúkrunarheimili og las

fyrir hana upp úr bókum sem við báðar höfðum dálæti á, en heimsóknarþjónustan fer á hjúkrunarheimili og les fyrir vistmenn, sem er afar skemmtilegt,“ segir Ingibjörg Elsa og leggur áherslu á gildi þess að heimsóknarþjónustan sé sjálfbóðastarf.

„Því þá þarf maður ekki að hugsa um veraldleg laun, því peningar skipta ekki alltaf máli. Launin sem ég uppsker eru einlægt brot, hlýja, gleði og þakklæti þess sem þiggur heimsóknina, og fátt kemur í staðinn fyrir slíkt. Mér finnst ég hafa gert lítið brot af veröldinni betri og tekið skref í rétta átt, en vildi að fleiri gerðu það sama því það er gott að gefa öðrum af tíma sínum og nærveru, og hægt að gera svo ótal margt sem ekki kostar ekki krónu.“

Mannskjan í fyrirrími

Fleiri sjálfbóðaliða vantar til starfa. Beiðni til heimsóknarþjónustu Rauða krossins getur snúist um heimsókn inn á heimili eða sjúkrastofu til þess eins að spjalla og veita félagsskap, eða þá upplestur fyrir hópa á stofnunum, stuttar gönguferðir, lestur blaða eða bóka, og aðstoð við félagslega upplifun eins og kaffihúsaferð og kvikmyndahús.

„Ég hvet þá sem langar að kynna öðrum og eru jafnvel sjálfir einmana að heimsækja samborgara sína sem er svipað ástætt fyrir og eru kannski aleinir og sjúkir,“ segir Ingibjörg Elsa og bætir við að fljótt komi í ljós hvort sjálfbóðastarfið henti viðkomandi.

„Yfirleitt eru skjólstæðingar heimsóknarþjónustunnar fullorðin fólk sem á við einhver veikindi að stríða, en til er fólk í okkar þjóðfélagi sem er eitt í heiminum og á engan að, eða þá svo litla fjölskyldu að hún ræður ekki við aðstæður þegar eitthvað fer úrskeiðis,“ segir Ingibjörg Elsa og leggur áherslu á ósvikna ánægju sem fylgir sjálfbóðaliðastarfinu.

„Þetta er jákvæð reynsla og skemmtileg fyrir sjálfbóðaliðana líka, því annars mundi enginn endast í þessu. Við fáum félagskap skjólstæðinga okkar á móti og reynum að mæta manneskjunnar þar sem hún er, umgangast hana á sem eðlilegastan hátt í hennar aðstæðum en reynum að hugsa ekkert um okkur sjálf á meðan. Þá er mikilvægt að fara ekki í paník þótt manneskjan sé veik eða fötlúð.



KÆRLEIKSRÍK HJÁLPI LÍFSINS ÖLGUSÍÓ Ingibjörg Elsa Björnsdóttir hefur undanfarin þrjú ár unnið sem sjálfbóðaliði í heimsóknarþjónustu Rauða kross Íslands. Hún segir gott að þurfa ekki að þiggja laun fyrir starfið, besta uppskeran sé brot, þakklæti og gleði þess fólks sem hún gefur af tíma sínum og nærveru. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hjólástóll er jú bara hjálpartæki en manneskjan sjálf er í fyrirrími og með henni reynum við að vera bæði skemmtileg og upplifgandi,“ segir Ingibjörg Elsa, sem veit hvaða mannkosti góður sjálfbóðaliði þarf að hafa til að bera.

„Hann þarf að vera tilbúinn að tala við ólíka einstaklinga og vera óhræddur þótt eitthvað sé að hjá viðkomandi, auk þess að búa yfir samúð með öðrum og löngun til að hjálpa samborgurum sínum.“

Einmana þjóðfélag

Að sögn Ingibjargar Elsu er sjálfbóðastarf heimsóknarþjónustunnar fyrst og fremst gefandi, en aldrei íþyngjandi.

„Í dag heimsæki ég unga konu sem er öryrki og á erfitt með gang. Af þeim sökum einangrast hún inni við og finnst gaman að breyta um umhverfi og fara á stjá. Með okkur hefur tekist mikill vinskapur og á gamlárskvöld bauð ég henni heim til að eyða áramótunum með minni fjölskyldu. Ég leyfi henni undantekningarlaust að ráða hvernig við verjum samverustundunum og oftast finnst henni skemmtilegast að fara á kaffihús, bíltúr eða í bíó,“ segir Ingibjörg Elsa, en þess ber að geta að algjör trúnaður ríkir um skjólstæðinga Rauða krossins.

„Það eru margir einmana á Íslandi og einmanakenndin stór fylgifyrkur þjóðfélagsins. Sumir einangrast vegna sjúkdóma því þegar veikindi herja á fólk missir það félagsleg tengsl af einhverjum ástæðum. Þess vegna gengur okkar

starf út á að rjúfa einangrun. Oft eiga skjólstæðingarnir einhvern bandamann, en við erum viðbótin sem þarf til að hjálpa þar sem upp á vantar,“ segir Ingibjörg Elsa og leggur áherslu á að sjálfbóðaliðar beri ekki ábyrgð á skjólstæðingum sínum.

„Sumum gæti óað við að bera ábyrgð á veikri manneskju, en það er alltaf Rauði krossinn sem ber ábyrgð á skjólstæðingum sínum. Komi upp aðstæður þar sem við þurfum að hætta að heimsækja viðkomandi eða taka okkur frí, sér Rauði krossinn um málið, og eins hjálpumst við sjálfbóðaliðarnir að innbyrðis og vinnum hver fyrir annan í sumarfríum.“

Dýrmætt veganesti

Ingibjörg Elsa er komin með hjálparstarfsbakteríuna eftir kynni sín af heimsóknarþjónustunni.

„Rauði krossinn eru stór samtök og gott starf unnið innan hans. Möguleikar eru margir fyrir þá sem vilja láta gott af sér leiða í gegnum Vinalínuna, RKÍ-búðirnar, fataflokkan, starf með ungu fólki og fleira, en víst er að þegar ég kemst á eftirlaun ætla ég að verða mun virkari í starfinu. Þegar maður hefur verið í matarúthlutun um jól og hefur kynnst fleiri hjálparstarfsmöguleikum er engin leið að hætta,“ segir Ingibjörg Elsa brosandí, en til stendur að auka áherslu á heimsóknir til yngri Íslendinga sem glíma við geðfötlun og eru oft í mikilli einangrun.

„Til þess að svo megi verða vantar okkur fleiri sjálfbóðaliða. Það er svo auðveldlega hægt að heimsækja einn skjólstæðing í tvo tíma í viku, og koma heim klukkan sex í stað klukkan fjögur úr vinnunni. Þá er maður búinn að gera svo mikið og skipta máli í lífi annarra. Nærveran skiptir öllu; að vera til staðar og í kringum viðkomandi, því manneskjan þrífst ekki án mannlegrar nærveru. Þá er tíminn það dýrmætasta í lífi hverrar manneskju og ljúft að gefa af honum til þeirra sem eru þurfandi fyrir mannlega nánd og félagsskap,“ segir Ingibjörg Elsa sem fullyrðir að sjálfbóðastarf skapi holla lífsreynslu.

„Þetta er dýrmætt og gott veganesti á lífsins vegi. Ég var ásamt úrvali nemenda við nám í háskóla þar sem allir voru svo ungir, klárir og fallegir, en það gefur bara þrönga mynd af margbreytileika mannlífsins. Því er hollt að vera með tengingu í aðra hluta samfélagsins þar sem fólk á við veikindi að stríða eða getur af einhverjum ástæðum ekki gert allt sem hinir heilbrigðu gera. Það hefur ómetanlegt gildi að þekkja slíkt af eigin raun, því sjálf verðum við

Um heimsóknarþjónustu RKÍ

Öll höfum við þörf fyrir mannlega snertingu og félagsskap. Maður er manns gaman. En það er misjafnt hvort við berum okkur eftir hjálpinni. Bæði aðstæður og upplag geta orðið til þess að fólk missir samband við umheiminn og einangrast. Einsemd getur orðið vítahringur sem erfið er að rjúfa.

Heimsóknarþjónusta er eitt af áhersluverkefnum Rauða kross Íslands samkvæmt samþykktum aðalfundar á Ísafirði árið 2000. Nokkrar deildir félagsins halda úti öflugri heimsóknarþjónustu á sínu starfssvæði.

Heimsóknarvinur er sjálfbóðaliði sem heimsækir skjólstæðing sinn að öllu jöfnu einu sinni í viku. Fyrirkomulag heimsóknarinnar er samkomulag, en oftast spjallar fólk saman yfir kaffibolla eða fer í gönguferðir. Einnig getur heimsóknarvinur lesið fyrir viðkomandi.

Sjálfbóðaliðar sem sinna heimsóknarþjónustu fara á sérstakt námskeið hjá Rauða krossi Íslands og eru bundnir þagnarskyldu. Vitrneskja um persónulega hagi fer ekki lengra. Mikilvægt er að geta hlustað, talað við fólk á rólegum nótum og tekið hverjum og einum eins og hann er.

Ef þú vilt verða heimsóknarvinur skaltu sækja um að verða sjálfbóðaliði Rauða krossins. Ef þú hefur áhuga á að fá heimsókn skaltu senda okkur póst. Láttu þá fylgja nafn, kennitölu og heimilisfang.

öll gömul á endanum og kemur sá dagur að við missum færni til að gera alla hluti sjálf,“ segir Ingibjörg Elsa alvarleg í bragði.

„Það er engin minnkun að því að fá til sín ókunnugt fólk í vanaheimsókn og hleypa því að hjarta sínu. Samskiptin eru á jafnréttisgrundvelli og mikilvægt að maður áltí sig ekki betri en manneskjuna sem maður heimsækir. Þá má heldur aldrei tala niður til fólks eða um það eins og það sé fjarverandi, heldur spyrja það hreint út hvaða sjúkdóma það sé með, í stað þess að hvísla í spurn til annarra. Þetta er allt spurning um færni í mannlegum samskipti og þá skapast engin vandamál. Sjálfri vantaði mig aukinn félagskap og þetta eykur mín lífsgæði um leið og það eykur lífsgæði annarra. Ég hlakka því alltaf einlægt til samverustundanna,“ segir Ingibjörg Elsa og kveður keik, enda á leið til einstakra vinafunda. ■

Velferð - Jafnrétti - Lífsgæði

Veljum Stefán Jóhann Stefánsson hagfræðing og varaborgarfulltrúa í 3. sæti Samfylkingarinnar í Reykjavík í prófkjöri 11. og 12. febrúar



Reykjavík í fremstu röð:

- Eflum skólustarf og bætum stöðu barna og unglunga
- Jöfnum stöðu kynjanna og aukum mannréttindi
- Virðum þarfir aldraðra - fleiri hjúkrunarrými strax
- Nýtum af framsýni land, fjármuni og umhverfi

Sjá nánar á www.stefanjohnn.is

Námskrá skólans komin út



– Fáðu hana senda heim
eða líttu við

Næstu námskeið að hefjast:

Tölvu og bókhaldsnám

Þrautreynt og vandað 200 stunda starfsnám sem skilar strax árangri. Nám á þessari braut hentar fólki á öllum aldri sem vill styrkja stöðu sína enn frekar á vinnumarkaði með aukinni menntun. Hentar einnig vel sjálfstæðum atvinnurekendum sem vilja vera sem mest sjálfbjarga í allri tölvuvinnu og við bókhaldið. Kennd er ein námsgrein í senn sem lýkur með prófi eða verkefni, tölvugreinunum lýkur flestum með alþjóðlegri prófgráðu. **Helstu kennslugreinar:**

Tölvugreinar.

- Windows XP tölvugrunnur og skjalavarsla
- Word
- Excel
- Framsetning á kynningarefni í PowerPoint
- Stafrænar myndavélar og myndvinnsla
- Internetið og Outlook tölvupóstur og dagbók

Viðskiptagreinar

- Verslunarreikningur
- Virðisaukaskattur, reglur og skil
- Bókhaldsgrunnur
- Tölvufært bókhald í Navision

Kennsla hefst 14. febrúar og lýkur 23. maí.

Morgunnámskeið:

Þriðjudaga, fimmtudaga og föstudaga frá kl. 8.30 - 12.

Kvöldnámskeið:

Þriðjudaga og fimmtudaga frá kl. 18 - 21.30 og laugardaga frá kl. 9 - 12.30.

Verð kr. 136.000,- Allt námsefni innifalið.

Bjóðum uppá VISA/EURO raðgreiðslur eða lán og starfsmenntalán.

Bókhald I

Hagnýtt 110 stunda grunnnám í hand- og tölvufærðu bókhaldi Næstu helgar- og morgunnámskeið hefjast 30. mars
Verð kr. 86.000,-

Tollskýrslugerð

Ítarlegt 18 stunda námskeið í meðferð allra innflutningsskjala og um allar helstu reglur er varða innflutning.
Næsta kvöldnámskeið hefst 21. febrúar.
Verð: 24.000,-

ÝMIS NÁMSKEIÐ

TÖK tölvunám

Þetta 100 stunda námskeið hentar fólki á öllum aldri sem vill fá ítarlega þekkingu og þjálfun í öllum helstu tölvugreinunum og alþjóðlega vottun því til staðfestingar.

TÖK skammstöfunin stendur fyrir alþjóðlegt prófskríteinu útgefið af Skýrslutæknifélagi Íslands.

Kennslugreinar:

Grunnatriði upplýsingatækninnar og Windows tölvugrunnur, Word, Excel, Internet og tölvupóstur og Power Point. Einnig verða teknar fyrir stafrænar myndavélar og myndvinnsla.

Kennsla hefst 14. febrúar og lýkur 28. mars.

Morgunnámskeið: Þriðjudaga, fimmtudaga og föstudaga frá kl. 8.30 - 12.

Kvöldnámskeið: Þriðjudaga og fimmtudaga frá kl. 18 - 21.30 og laugardaga frá kl. 9 - 12.30.

Verð kr. 65.000,- Allt námsefni innifalið.

Bjóðum uppá VISA/EURO raðgreiðslur eða lán og starfsmenntalán.

Vefsíðugerð - framhald

Stutt og hagnýtt 31 stunda framhaldsnámskeið í Dreamweaver, HTML, CSS, og Javascript.

Verð: 39.000,- Næsta kvöldnámskeið hefst 1. mars

ASP.NET vefforritun

Fyrir þá sem hafa grunnþekkingu á gagnagrunnum og í forritun bjóðum við 31 stunda námskeið í þessu vinsæla þróunarumhverfi.

Verð: 44.000,- Næsta kvöldnámskeið hefst 27. febrúar.

Öryggi og vírusvarnir

Stutt og sérlega hagnýtt námskeið fyrir þá sem vilja tryggja öryggi tölvunnar og hreinsa hana af óværum. Engrar sérfræðikunnátta er krafist til að geta tekið þátt í námskeiðinu en gert er ráð fyrir að þátttakendur séu tölvuvarnir. Sjá ítarlega námslýsingu á heimasíðu skólans.

Verð kr. 12.000,-



Anna María Clausen
Skrifstofustjóri hjá Gólflognum

„Ég hafði sáralitla tölvu-, bókhalds- og skrifstofufærni og hafði því litla möguleika á að starfa við það sem ég hafði áhuga fyrir. Ég fór í skólann til að auka möguleika mína á vinnumarkaðinum og komast í gott starf þar sem ég væri að vinna við það sem ég hefði áhuga á. Tölvu- og bókhaldsnámið nýttist mér strax, jók sjálfstraustið og opnaði fyrir mig nýjar dyr. Námið stóð fyllilega undir mínum væntingum og hefur þessi fjárfesting margbargað sig.“



TÖLVUSKÓLINN

PEKking

Skráning á vorönn hafin
í síma 544 2210, á vef skólans;
www.tsk.is og í netpósti á skoli@tsk.is

Faxafan 10 • 108 Reykjavík
Sími: 544 2210 • Fax: 544 2215
www.tsk.is • skoli@tsk.is

VINNUTÍMI

Sveigjanlegur vinnutími og fjarvinna verða vinsælli.

ATVINNA BLS. 2



allt atvinna

ER ÞÍN ATVINNUAUGLÝSING HÉR? MEST LESNA ATVINNUBLAÐ LANDSINS

FRÉTTABLAÐIÐ

STÖRF Í BOÐI

Hjúkrunardeildarstjóri

Vörukynningar

Stöðuverðir

Grunnskólakennarar

Leikskólakennarar

Sölustarf

Tannsmiður

Vélstjóri

Bókari

Hjúkrunarfræðingar

Blaðamaður

Kerfisstjóri

Sölustjóri

Aðstoðarfrjálmastjóri

Flokkstjóri

Smíðir

Flísalagnir

Lögfræðingur

Innheimtustjóri



Rúrik Birgisson, verkstjóri Drafnarslippisins í Hafnarfirði.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Starfið lítið breytt

Rúrik Birgisson hefur starfað í Drafnar-slippnum í Hafnarfirði frá árinu 1989. Hann segir að gamaldags slippar séu deyjandi fyrirbæri.

Hér áður fyrr var Drafnarslippurinn aðallega skipasmíðastöð og voru þar smíðaðir ófáir eikarbátar. Nú í dag er um 90% allrar starfsemi slippisins vinna við botninn og síðuna á bátum. Rúrik segir að starfið hafi lítið breyst undanfarna áratugi. Hann bætir við að þróunin verði sú að slippir muni brátt leggjast að mestu af. Aðalorsök þess eru náttúruverndarsjónarmið. „Mikið af málningunni sem fer á bátinn fer beint út í sjóinn. Þess vegna er þetta að færast meira út í þurr- og flotkvíarnar sem eru mun umhverfsvænni,“ útskýrir Rúrik og skýtur upp þeirri hugmynd að starfrækja slipp sem mundi laða að sér ferðmenn. „Ferðamönnum finnst mjög spennandi að koma í slippinn og taka myndir,“ segir Rúrik að lokum. Kannski slippir geti orðið erlendum ferðamönnum jafn framandi og lundinn og skemmtanaliðið í Reykjavík?

steinthor@frettabladid.is

GÓÐAN DAG!

Í dag er sunnudagurinn
5. febrúar, 36. dagur
ársins 2006.



	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	9.56	13.42	17.29
Akureyri	9.52	13.26	17.02

Heimild: Almanak Háskólans



Framkvæmdadeild Orkuveitu Reykjavíkur óskar að ráða öfluga starfsmenn.

Starfsfólk óskast (564348)

Orkuveita Reykjavíkur framsækið þjónustufyrirtæki sem aflar og dreifir vistvænni orku á sem hagkvæmasta hátt og í sátt við umhverfið. Á þjónustusvæði fyrirtækisins býr meira en helmingur íslensku þjóðarinnar.

Að sögn Hjördisar Hilmarsdóttur, fararstjóra hjá ÍT ferðum, henta gönguferðirnar öllum sem eitthvað hafa gengið á fjöll á Íslandi. „Éf hef oft haft það sem viðmið að ef fólk getur gengið á Esjuna og svo aftur daginn eftir, þá getur það hæglega gengið þetta allt.“

Þeir sem eru lofthræddir þurfa ekki að hafa áhyggjur af miklum

bratta því alltaf er hægt að velja léttari gönguleiðir ef fólk treystir sér ekki til þess að takast á við loft-hræðsluna. Í flestum tilvikum er þó ekki gengið í miklum bratta.

Hjördis segir gönguferðir ÍT ferða einstakar að því leyti að það er ekki gengið út frá skálum að morgni og komið aftur síðdegis, heldur eru gengnar dagleiðir á milli fjallaskála sem hóparnir gista í. „Þess vegna förum við hærra en ella og sjáum meira og fjölbreyttara landslag.“ Hún bætir því við að í fjallaskálanum sé afbragðs góðan heimilismat að fá.

Hver dagleið er um 6 klukkustunda ganga og segir Hjördis að á þessum slóðum séu vegalengdirnar mældar í klukkutímum en ekki kílómetrum.

Mælt er með því að göngufólkið pakki ekki meira en 8 kílóum í bakpokana sína þar sem kvöldmat

og góð svefnaðstaða sé í skálunum. Það eina sem fólk þurfi yfir daginn sé lítil nestisþoki, vatnsbrúsi, góður hlífðarfatnaður og göngustafir.

Vinsældir gönguferðanna jukust mikið í fyrra og segir Hjördis að met hafi verið slegið þegar 44 manna hópur frá Íslandi hafi haldið í gönguferðina til Slóveníu. „Þetta var algjör sprengja. Ég var frekar óviss um hvornig það yrði að fara með svona marga, en það kom mjög vel út. Við vorum með fjóra fararstjóra og því gátum við skipt hópnum í þrennt, þannig fengu allir eitthvað við sitt hæfi.“

Í ferðinni til Slóveníu á síðasta ári var fólk úr öllum áttum. 45 ára aldursmunur var á yngsta og elsta þátttakandanum. „Sá yngsti sem fór með okkur í fyrra var 22 ára og sá elsti var 67 ára, þeir fóru báðir létt með þetta,“ segir Hjördis glaðbeitt.

nýtt }



Puerto del Carmen.

Puerto del Carmen á Lanzarote

Sumarferðir bjóða upp á nýjan áfangastað á Lanzarote sumarið 2006. Eins og síðasta sumar verður hægt að fara á Playa blanca en þar að auki verður boðið upp á Puerto del Carmen, þekktasta sumar- og vetrarstað Lanzarote.

Lanzarote er mikil paradísareyja sem liggur 100 kílómetra undan ströndum Afríku. Hún tilheyrir Kanaríeyjaklasanum en nýtur afgerandi sérstöðu vegna einstaks náttúrufars og veðursældar, hreinleika og frábærs aðbúnaðar.

Við tilkynnum til vina og viðskiptavina okkar að við höfum unnið verðlaunin í ár, “Q” fyrir gæði í ferðamannageiranum. Við viljum þakka okkar virðulegu viðskiptavinum fyrir tryggðina.

Starfsfólk okkar á veitingastaðum Bali, á Kanaríeyjum viljum óska öllum gleðilegs nýs árs. Sjáumst á Kanarí.



Avd. de Tirajana, Esq. Avd. Bonn, 23
Apartamentos Tinache
35100-Playa del Ingles
Gran Canaria- España
Reservas: 0034 928 763 261
www.restaurantebali.com

Ekki bara stendur og kokteill

Í NÁGRENNI VINSÆLUSTU SUMARLEYFISSTAÐA ÍSLENDINGA MÁ FINNA ÝMSAR MINJAR, BORGIR OG AFÞREYINGU SEM VERT ER AÐ FÓRNA EINUM DEGI Á STRÖNDinni FYRIR.



Benidorm er vel staðsett borg á Spáni og er auðvelt að keyra þaðan til nærliggjandi borga.

Í nágrenni Benidorm á Spáni má finna ...

- Terra Mítica sem er nýr fjölskyldu- og skemmtigarður og við hlið hans er nýr dýragarður Terra Natura með um 1500 dýr.
- Valencia, þriðja stærsta borg Spánar, er í nokkra klukkustunda akstursfjarlægð. Þar má finna tækni- og vísindasafn og fallega gamla borgarhluta.

Í nágrenni Rimini á Ítalíu má finna ...

- San Marino, minnsta lýðveldi Evrópu er í tveggja og hálf tíma akstursfjarlægð.
- Héradíð Emilia-Romagna þar sem mikið er um vinnubúgarða og smærri þorp.
- Flórens og Feneyjar sem eru kjörnir staðir fyrir dagsferðalag.
- Mirabilandia sem er risastór skemmtigarður norðan við Rimini.
- Delfinario sædýrasafnið við Marina Centro.



Frá Rimini má skreppa í dagsferð til Feneyja og sigla um á gondóla.



Í nágrenni Marmaris á Tyrklandi má finna marga áhugaverða staði. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

Í nágrenni Marmaris á Tyrklandi má finna ...

- İçmeler, rólegan strandbæ þar sem allt úir og grúir af veitingastöðum.
- Borgina Efesus sem er full af fornleifum og minjum um sögu og trúarbrögð.
- Pamukkale eða Bómullarhöllina, þar hafa kalkútfellingar myndað einstök náttúrufyrirbæri.
- Fornu borgina Hierapolis þar sem Kleópatra baðaði sig í heilsulind forðum daga sem enn má dýfa tánunum í.
- Gökova-flóann þar sem hægt er að sigla um í ekta tyrkneskum báti.

Svona getur farangurinn verið mikill!



WWW.SMYRIL-LINE.IS
S: 570 8600 og 472 1111



**Bókaðu strax til að tryggja þér
10% aukaafslátt
Öll verð miðast við að
bókað sé fyrir 15. mars.**

Með því að nýta sér ferðaávisanir er hægt að fá enn meiri afslátt. Smyril Line tekur ferðaávisanir frá MasterCard og Eflingu sem greiðslu upp í ferðir.

Bilapakki

Njótið frelsis og ferðist á eigin bíl. Farið til Danmerkur og þaðan til Frakklands eða Ítalíu. Pakkið öllu dótinu fyrir fríið, akið um borð og njótið þess að sigla og koma í land endurnærð. Þú þarft ekki að hafa áhyggjur af takmörkunum á handfarangri eða farangri því við leyfum okkar fólki að taka með sér eins mikið og plássið í bílnum leyfir.

Hringdu núna!

Nánari upplýsingar fást hjá sölumönnum okkar í síma 570 8600 og 472 1111 eða á www.smyril-line.is

**Dæmi: 4 í bíl fram og til baka
Seyðisfjörður-Danmörk -Seyðisfjörður**

Háannatímabil kr. 41.400 á mann


Miðannatímabil kr. 31.800 á mann

Lágannatímabil kr. 20.400 á mann

innifalið: Sigling Seyðisfjörður-Danmörk -Seyðisfjörður í 4m klefa inn með WC og sturtu. Trygginar og alferðagjald



Nýtt bókunarmet – við þ



Sumar 2006

Costa del Sol 26.995 kr.
Kroatía 26.995 kr.

Mallorca 38.895 kr.
Rimini 25.995 kr.

Fuerteventura 26.995 kr.
Benidorm 17.188 kr.

Barcelona 23.990 kr.
Lloret de Mar frá 38.495 kr.

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001 • www.heimsferdir.is

Heimsferðir

Sumarbæklingurinn 2006
Fáðu þér eintak!

Gleðilegt ferðasumar!

Kynntu þér glæsilegt framboð Heimsferða í sumar. Við bjóðum þér spennandi valkosti þar sem saman fara nýjar upplifanir, slökun, skemmtun, sól og sumarskap sem skilja eftir góðar minningar úr fríinu.

Vinsælasta sólarströnd Ítalíu
- Ath. tilboð á fyrstu 300 sætunum



Rimini

frá 43.895 kr.

Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára, vikuférfé í maí eða 21. júní. Riviera íbúðahótelíð.



Heitasti staðurinní fyrra.
Brottfarir í júní og ágúst að seljast upp



Kroatía

frá 45.895 kr.

Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára, vikuférfé í maí eða sept. Diamant íbúðahótelíð.



Ökkum traustið!

Yfir 15.000 manns
hafa bókað sig með
Heimsferðum í sumar

Bestu gististaðirnir
og lægsta verðið.
Bókaðu núna og
tryggðu þér
10.000 kr.
afslátt á mann!

Margar brottfarir
í júní og ágúst
að seljast upp



Costa del Sol

frá 39.696 kr.

Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti, m.v. hjón
með 3 börn, 2-11 ára, vikufé 25. maí eða 22. júní.
Castle Beach íbúðahótelíð.

Glæsilegasta
nýjungin
sumarið 2006



6 aukaflog!

Fuerteventura

frá 34.695 kr.

Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti, m.v. hjón
með 2 börn, 2-11 ára, vikufé í maí eða júní á
Oasis Royal íbúðarhótelinu.

Frábærir
gististaðir
Margar brottfarir
að seljast upp



Alcudia og
Playa de Palma

Mallorca

frá 35.495 kr.

Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti, m.v. hjón
með 2 börn, 2-11 ára, vikufé 25. maí eða 22. júní.
Brasilia íbúðahótelíð

Sala hafin!
- Ath. tilboð á fyrstu
300 sætunum



Benidorm

frá 17.188 kr.

Vikulegt flug í allt sumar.
Flugsæti tí Alicante með sköttum, gildir í valdar brottfarir.
Netverð.

Sala hafin!
Barcelona – alltaf vinsæl
Lloret de Mar – frábærir gistivalkostir



Barcelona – Lloret de Mar – Costa Brava

frá 36.495 kr.

M.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára, Bolero, í maí eða júní
(nema 29. júní). 5 nætur. Netverð á mann.



frá 23.990 kr.

Flugsæti með sköttum. Fargjald A.
Netverð á mann.

Bókaðu beint á www.heimsferdir.is





Sunnefa Völundardóttir heldur í fjórða skiptið með vinkonum sínum til Kaupmannahafnar í maí.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Batteríin hlaðin erlendis

Sunnefa Völundardóttir hefur ásamt nokkrum vinkonum sínum farið á hverju ári til Kaupmannahafnar þar sem þær slaka á og sletta úr klaufunum.

Sunnefa og vinkonur hennar fóru í fyrsta skiptið út fyrir þremur árum og hafa síðan þá farið á hverju ári og í maí halda þær út í fjórða skiptið. Hópurinn hefur reyndar verið misstór en sex hafa alltaf farið og hafa þær yfirleitt dvalist í viku til tíu daga.

Stelpurnar hafa alltaf gíst á sama staðnum, rétt við miðbæinn í Kaupmannahöfn. „Hótelíð heitir Hotel Løven en það eru voðalega indæl hjón sem eiga það. Við gístum allar saman í einu stóru herbergi þar sem ríkir ákveðin heimavistarstemning og við reynum að hafa það þægilegt,“ segir hin glaðlynda Sunnefa.

Tilgangur ferðarinnar segir Sunnefa í raun ekki vera neinn. „Við erum að bara að slappa af og hlaða batterí-



Stelpurnar á góðri stundu í Kaupmannahöfn.

in. Við höfum það huggulegt, röltum um bæinn, kíkjum í búðir, förum á tónleika og skemmtum okkur. Erum ekkert að stressa okkur.“

Sunnefa segir að engin ein ferð hafi verið skemmtilegri en önnur heldur hafi þær allar verið skemmti-

legar á sinn hátt. Hún bætir því við að þær vinkonurnar hafi kynnst mörgu skemmtilegu fólki og að alltaf hafi fullt af skemmtilegum hlutum gerst. „Í fyrrahaust lentum við samt í rosalegu þrumuveðri og rigningu. Við vorum hlaupandi um götur Kaupmannahafnar í brjáluðu veðri og það var eitt það hrikalegasta sem ég hef lent í. Það var svolítið eftirminnilegt.“

Sunnefa segir að það geta alveg vel komið til greina að þessi hefð haldist langt fram eftir aldri. „Það væri draumurinn eða eins lengi og við getum. Allavega meðan við getum planað þetta saman og að allir hafi tíma. Þetta er tilvalin leið til að hittast og hafa gaman,“ segir Sunnefa að lokum og brosir.



Hérna snæðir hópur frá Ísafold hádegisverð á vínekrú.

HÖRSTYRI / SNAFJÖRNUM

Kafað undir yfirborðið

Ferðaskrifstofan Ísafold býður upp á spennandi ferðir með vorinu til Utah, Slóveníu og kikt verður á formúluna í Nürburgring.

Ferðir Ísafoldar eru samsettar með það í huga að kafað sé undir yfirborðið, þar sem ferðast er í litlum hópum og reynt að sækja heim staði sem ekki eru öllum opnir.

„Ferðir okkar byggjast talsvert upp á því að nota persónuleg sambönd við fólk erlendis, sambönd sem hafa komist á í starfi mínu sem leiðsögumaður með erlenda ferðamenn í yfir 20 ár,“ segir Jón Baldur Þorbjörnsson, framkvæmdastjóri ferðaskrifstofunnar Ísafoldar. „Í sumum tilfellum er um að ræða sambönd sem grundvallast á persónulegum kynnum til margra ára og nýtast einnig á gagnkvæman hátt því margt af þessu fólki kys að koma aftur og aftur í ferðir um Ísland. Hér eru því góð og gagnvirk tengsl í gangi.“

Meðal þess sem er á dagskrá

Ísafoldar í vor er skíðaferð til Utah, þar sem einnig verður farið á tónleika hjá Mormónakórnum og skoðað umhverfi Vestur-Íslendinga sem settust að í námunda við Salt Lake City. Þá verður útivistar- og ævintýraferð til Slóveníu og ferðir á Formúluna á Nürburgring og í Barcelona. En ferð í fylgd heimamanna um sögulegar konungaslóðir í Bayern þar sem gíst verður í höll til að hafa allt í stíl kórónar ferðarframboðið í maí.

„Þessar ferðir smáhópa gera á vissan hátt kröfur til ferðamannsins, þar sem hann tekur raunverulegan þátt í ferðinni. Það má segja að hann sé meðvirkur! En fyrir vikið verður ferðin ein allsherjar upplifun og samfelld skemmtun,“ segir Jón Baldur að lokum.

Slakað á yfir sumarið

Flestir nýta sumarfríin í afslöppun og til að hlaða batteríin. Hver hefur sínar leiðir til að losa sig við stressið, hvort sem það er kröftug ganga eða dekur af bestu gerð. Hér koma nokkur dæmi um góðar slökunarferðir sem í boði verða í sumar.



Gönguferð um ítölsku Alpana er stórgóð slökun í fjölbreyttu landslagi.

Arkað um Alpana

Bændaferðir leggja land undir fót og stefna á ítölsku Alpana. Þar verður gengið í fjölbreyttu landslagi með fallegu útsýni og í Miðjarðarhafslöftslaginu dafna marglitar blómabreiður vel. Meðal annars verður gengið á Monte Pasubio en þaðan má sjá Adriaahafið, Gardavatnið og Dólómítafjöllin í góðu skyggni. Gengið verður um söguleg svæði þar í kring þar sem var barist í fyrri heimsstyrjöldinni. Eftir göngu um kalkdali fjallsins Monti Lessini er endað í miðaldaborginni Veróna þar sem farið verður í hringleikahúsið og óperunnar Carmen notið í miðaldumhverfi.

Ferðin er miðlungserfið. Fararstjóri er Sævar Skaptason. Ferðin verður farin 24. júní til 1. júlí og kostar 132.100 krónur.



Foxhill Club & resort býður upp á heilsulind og tvo 18 holu golfvelli.

Slökun í Svartaskógi

Expressferðir ætla að slaka á í einu af betri heilsuþorpum Þýskalands í Svartaskógi í Þýskalandi.

Ferðin er hugsuð fyrir eldri borgara en er opin öllum. Dvalið á fjögurra stjörnu hótelinu Bären í bænum Titisee, sem stendur við samnefnt vatn. Á hótelinu er sundlaug, sauna, heitur pottur og boðið upp á nudd og boðið verður upp á morgunverð og fjórreitaðan sælkerakvöldverð á hverju kvöldi. Hægt er að fara í göngu- eða hjólaferðir, siglingar, skoðunarferðir til Frakkalands, ferðir með kláf upp í Alpana eða upp að Rinarfossnum.

Fararstjóri verður Lilja Hilmarisdóttir. Farið verður 12. til 19. ágúst og kostar ferðin 79.900.



Svartaskógur býður upp á margkyns afþreyingu í fallegu umhverfi.

Heilsulind og golf

GB ferðir bjóða upp á ferðir á Foxhill Club & Resort í nágrenni Lundúna. Staðurinn hentar vel fyrir golfáhugamenn en tveir 18 holu golfvelli eru í nágrenninu. Að sama skapi býður Foxhill hótelíð upp á glæsilega heilsulind þar sem í boði eru fjölbreyttar nuddmeðferðir, ilmólumefðferðir og líkamsskrúbbun auk snyrtistofu sem dúllar við allt frá táslum upp í höfuð. Ferð sem hentar vel hjónum sem vilja fá ólíka upplifun úr sumarferðinni.

Hægt er að bóka ferðir allan ársins hring og kostar helgarpakkar með flugi og golfi frá 50 þúsund krónum.

Sólarlínan frá



Sólarlínan frá Marbert er rotvarnarefna laus (paraben free) og ofnæmisprófuð og hentar því vel fyrir alla, einnig þá allra viðkvæmustu og yngstu.

Öll húð á það til að verða viðkvæm í sól og hita. Sumir brenna og margir fá ofnæmi. Eitt það algengasta sem við fáum ofnæmi fyrir í sólinni eru Parabenar (rotvarnarefni) í snyrtivörum. Þetta veit Marbert og hefur því þróað fullkomna línu af sólarvörum sem innihalda enga parabena og er sérstaklega ofnæmisprófuð fyrir viðkvæma húð. Það eiga því allir að vera öruggir í sólinni með Marbert, líka yngsta kynslóðin!

Línan inniheldur varnarkrem með stuðli frá spf 2 - 30, kælandi og nærandi eftirsólarkrem, sjálfbhrúnkandi krem og sólarfarða.

ÆVINTÝRALANDIÐ MEXICO Í BEINU FLUGI

Trans-Atlantic og MasterCard efna til ferðar til Mexico. Ótrúlegt tilboð MasterCard til korthafa.
10,500 kr afsláttur á hvern fjölskyldumeðlim MasterCard korthafa 12 ára og eldri.

Brottfarir:

25. maí
8. júní
22. júní
Takmarkað sætamagn.
13 nætur.

Heillandi Maya menning, óviðjafnanleg endalaus hvít strönd og kristaltær sjórinn, kóralrif, næturlíf, verslanir, ævintýraferðir og frumskógur.

Farið til **Playa Del Carmen** við Karabíska hafið á Yucatan skaga. Um 60 km. suður af Cancun.

Boðið uppá frábær 4 og 5 stjörnu lúxus hótél - **allt innfalið** "All inclusive".

Innfalið í tilboðsverði er meðal annars :

-Allur matur og allir drykkir (áfengir og óáfengir), ótakmarkað magn, fjölbreytt veitingahús og barir.

- Skipulögð skemmtidagskrá allan daginn
- Sýningar/Show á kvöldin
- Líkamsrækt
- Diskótek
- Barnaklúbbur
- Seglbretti
- Kano
- Hjólreiðar
- Tennis
- Blak
- Bogfimi
- Snorkel
- Siglingar
- Erobik
- Danskensla
- Yoga

GEMISTOFAN



Trans - Atlantic

Aðrir möguleikar sem dæmi:

- Skipulagðar fumskógarferðir- krókóðilar, apar, jagúar, páfagaukar, maya Indíánþorp
- Siglingar út í eyjar t.d. Cozumel
- Maya píramídar skoðaðir Coba, Tulum, Chichén Itzá
- Skemmtigarðar Xaret, Xel HA
- Köfunarferðir/snorkel
- Golf
- Hestaferðir
- Stutt til Kúbu og Belize
- Synt með höfrungum og fleira

Nánari upplýsingar hjá Trans-Atlantic.
Sími 5888900. www.transatlantic.is.

Ævintýraferð á slóð Maya indíána

Mexico - Belize – Guatemala

Einstök ævintýraferð er veitir þér innsýn inn í hin forna heim menningar þjóðar Maya indíána. Við kynnumst stórkostlegu umhverfi náttúru og dýra, ferðumst inn á töfrandi regnskógasvæði, hverfum aftur í tíma og rúmi.

Brottfarir:

25. maí
8. júní
22. júní
Takmarkað sætamagn.
13 nætur.





Viva Hótelin bara hjá okkur

Mallorca

Mallorca er vinsælasti sumarvaldarstaður Evrópu enda býður eyjan upp á einstaka blöndu náttúrlegubætur, menningar og skemmtunar fyrir alla fjölskylduna. Veðrið er frábært, strendurnar fullkomnar og eitthvað að gerast bókstaflega allan sólarhringinn. **Viva hótelin eru stolt okkar á Mallorca**, framúrskarandi hótellakeða með herbergi, stúdíó og íbúðir sem eru í sinn fyrsta flokki og á frábæru verði.

Verð frá: **36.619,-**
24.-31. maí t.v. 2 með 2 börn á Viva Tropic

www.sumarferdir.is
Sími 575 1515

SUMAR FERÐIR
- ERU BETRI EN AÐRARI



Hér eru hjólaferðamenn á ferð um Þýskaland.

Átök í bland við afslöppun í hjólaferðum um Evrópu

Vinsældir hjólaferða hafa aukist mikið undanfarin ár. Í sumar eru fjölmargar miserfiðar og spennandi hjólaferðir til Evrópu í boði fyrir Íslendinga.

Nokkur fjöldi spennandi skipulagðra hjólaferða til Evrópu eru í boði fyrir Íslendinga ár hvert. Vinsælustu áfangastaðir hjólaferðamanna undanfarin sumur hafa verið Þýskaland, Noregur, Frakkland, Spánn og Ítalía, hafa vinsældir þessara ferða farið stigvaxandi undanfarin ár. Í augum margra er fátt yndislegra heldur en að kynna landinu af eigin raun og hafa kost á því að stjórna sínum ferðahraða. Að hjóla í gegnum lítil þorp og vínakra, um fallega dali og meðfram stöðuvötnum í sumarhitnum er frábær upplifun sem fjöldi fólks sækir í.

Úrval Útsýn býður í sumar upp á vikulangar hjólaferðir til tveggja áfangastaða á Norður-Ítalíu. Meðal annars eru í boði ferðir til Gardavatns þar sem hjólaðar eru ýmsar leiðir í nágrenni vatnsins og umliggjandi fjallaparadis. Bæði er um að ræða ferðir þar sem hjólað er af stað að morgni og komið aftur síðdegis, sem og lengri ferðir þar sem hjólaðar eru mis erfiðar dagleiðir milli áfangastaða.

Að sögn Kristínar Einarsdóttur sem verður leiðsögumaður í hjóla-

ferðunum í sumar hefur aðsókn í auglýstar ferðir verið góð og þegar hefur selst upp í einhverjar ferðir. „Ég hef áður farið í slíkar ferðir og ég held að þetta sé eitthvað sem fólki finnst virkilega spennandi, að upplifa þetta frábæra landslag og borða góðan mat þess á milli er mjög spennandi fyrir þá sem vilja upplifa Ítalíu á öðruvísi hátt heldur en að skoða bara kirkjur,“ segir Kristín um hjólaferðirnar.

Hjólaferðir eins og þær sem Úrval Útsýn býður upp á eru pakkaferðir þar sem gisting, leiðsögn og reiðhjólín sjálf eru innifaldir. „Allur farangur er svo trússaður í bilum á milli gististaða í lengri ferðum svo að hjólaferðamennirnir þurfa ekki að bera neinn farangur nema þann sem þeir þurfa yfir daginn,“ segir Kristín Einarsdóttir.

Íslenski fjallahjólaklúbburinn hefur undanfarin ár farið í hjólaferðir um Evrópu, meðal annars til Skotlands og Noregs. Auk þess að hjóla um meginland Evrópu hefur klúbburinn skipulagt ýmsar ferðir hér innanlands. Guðbjörn Margeirsson, sem er varaformaður klúbbsins,

segir að um algjörlega opinn félagskap sé að ræða. „Það er öllum frjálst að hjóla með okkur sem eru í þokkalegu líkamlegu ásigkomulagi,“ segir Guðbjörn en bætir því við að hjólaferðar séu samt sem áður fyrir alla.

Sumarið 2004 stóð klúbburinn fyrir 5 daga ferð til Skotlands þar sem hjólaðar voru að meðaltali 50 kílómetra langar dagleiðir. „Við skipuleggjum ferðina alla fyrirfram og ferðumst með allan farangur á hjólunum okkar, þátttakendur ráða því sjálfir hvort þeir koma með sitt eigið fjallahjól eða leigja hjólín erlendis,“ segir Guðbjörn að lokum.

Auk Úrvals Útsýnar og Íslenska fjallahjólaklúbbsins bjóða Stúdentafærðir sömuleiðis upp á spennandi hjólaferðir. Ef nafni Íslenska fjallahjólaklúbbsins er slegið inn á leitarvél á netinu er hægt að finna heimasíðu hans, en þar er að finna upplýsingar um klúbbinn og hvernig hægt er að setja sig í samband við meðlimi hans. Marga aðra spennandi tengla er sömuleiðis að finna um hjólaferðir og félagskapinn í kringum þessar vinsælu ferðir.

Nauðsynlegt í sumarferðina

Áður en haldið er í sumarferðina er nauðsynlegt að huga að nokkrum hlutum sem mikilvægt er að hafa með. Það getur nefnilega verið varasamt að fara með því hugarfari að hægt sé að kaupa allar nauðsynjar úti. Marga hversdagslega hluti er oft erfitt að finna auk þess sem vörur á ferðamannastöðum eru oft bæði lélegar og með ofurálagningu. Það getur því verið gott að sýna örlitla fyrirhyggju áður en lagt er af stað.

SÓLARVÖRN - Byrjum á því dæmigerða. Kaupa þarf góða vörn frá vönduðu merki. Gott er til dæmis að kaupa sólarvörnina í friðhöfninni þar sem hún er yfirleitt ódýrari en við ströndina auk þess sem þar er hægt að fá vandadri vöru.



HANDKLÆÐI - Það á varla að þurfa að minnst á þetta. Sum hótél bjóða reyndar upp á handklæði en það er ágætt að taka með sér stórt handklæði til þess að hafa á ströndinni. Það er svo sem hægt að kaupa slíkt úti en þau kosta yfirleitt meira en þúsund krónur.

SÓGLERAUGU - Sógleraugur sem seld eru við strendurnar í sólarlöndunum eru án undantekninga lélegar eftirlíkingar með engri UV vörn, þótt þær segi annað. Einnig er gott að taka með sér höfuðfat til þess að nota fyrstu dagana.

LYF - Öll lyf sem taka þarf að staðaldr þarf að sjálfsgöðu að taka með. Einnig er gott að kaupa ólyfseðilsskyld ofnæmislyf, því úti er margir ofnæmisvaldar sem ekki eru hér heima. Það er líka góð hugmynd að taka með sér vítamín þýnka og tímurmenn eru ekkert annað en vítamíns- og steinefnaskortur.



nýtt }



Flogið beint til Manchester

Beint flug Icelandair til Manchester hefst föstudaginn 7. apríl 2006. Flogið verður mánudaga og föstudaga og til að byrja með stendur flugið yfir til 27. október.

Manchester er góð verslunar- og skemmtiborg. Nátturlífið er margrómað og ódýrt og gott að versla þar. Ekkert svæði í Englandi hefur fleiri lið í efstu deild en norðvestur hluti Englands. Allir þekkinga Manchester United og Manchester City, en Liverpool-liðin Everton og Liverpool eru einnig á þessu svæði auk úrvalsdeildarliðanna Bolton, Blackburn og Wigan, að ógleymsdu Íslendingaliðinu Stoke City.

Bitlaborgin Liverpool er einnig skammt undan en þar er meðal annars Bitlasafnið.

Ódýrasti netsmellurinn til Manchester kostar 25.940 krónur báðar leiðir.

Frábært að vera með fjölskyldunni á Calpe

Július Ármann Júlíusson fór með Sumarferðum og fjölskyldunni til smábæjarins Calpe á austurstönd Spánnar.

Árið 2004 fóru Sumarferðir að bjóða upp á sólarlandferðir til strandbæjarins Calpe við Costa Blanca ströndina á Spáni. Calpe er lítill, hefðbundinn spænskur bær sem er í 25 kílómetra fjarlægð frá Benidorm og 60 kílómetra frá Alicante.

Július Ármann Júlíusson og kona hans Ingibjörg Rannveig Kristjánsdóttir ferðudust til Calpe með fjölskyldunni síðasta sumar. „Við fórum öll fjölskyldan ásamt tengdaforeldrum mínum og frænku konunnar til Calpe og dvöldum þar í tvær vikur,“ segir Július Ármann og bætir því við að staðurinn sé frábær fyrir fjölskyldu með börn. „Við vorum á frábæru hóteli með glæsilegu útsýni yfir ströndina og góðum sundlaugagarði. Ströndin var svo beint hinum megin við götuna og gátum við labbað beint undir götuna. Það er mjög hentugt að þurfa ekki að fara yfir götu þegar að maður er með börn,“ segir Július.

Ströndin er frábær að mati Júlíusar og segir hann mikið úrval góðra veitingahúsa og verslana meðfram ströndinni. „Það eru margir góðir sjávarréttastaðir og pitsustaðir meðfram sjónum. Einnig er mjög flott verslunargata rétt hjá þar sem er að finna gríðarlega flottar búðir, bæði íþróttavörubúðir og minjagripabúðir.“



Július Ármann Júlíusson með stórfjölskyldunni sem fór saman til Calpe árið 2004.

FRETTABLAÐIÐ/VALLI

Július og fjölskylda hans voru sérstaklega ánægð með ferðina í heild sinni og bætti hann því við að reynsla hans af Sumarferðum hafi hingað til verið mjög góð. „Þetta er frábær ferðaskrifstofa, við fórum með henni til Albir sumarið 2004 og hún á heiður skilinn fyrir alla skipulagningu og áfangastaðina sem boðið er upp á. Við gefum Sumarferðum alveg topppeinkunn“.

Á Calpe er stutt í afþreyingu fyrir

alla fjölskylduna og því er kjörið að taka bílaleigubíl fyrir þá sem vilja skoða umhverfi bæjarins. Terra Mitica skemmtigarðurinn er í einungis 25 kílómetra fjarlægð og einnig er ekki lengi verið að keyra til hinnar skemmtilegu borgar Valencia.

„Við höfum komið á marga staði á Spáni og okkur líkar frábærlega á Calpe. Við erum þegar farin að skipuleggja það að fara þangað aftur næsta sumar,“ segir Július að lokum.

PUNKTAÐU NIÐUR FERÐALAGIÐ

Nú geta handhafar Vildarkorta VISA og Icelandair nýtt **10.000 Vildarpunkta** sem **6.000 kr.** greiðslu upp í flugfargjald með áætlunarflugi Icelandair, fyrir hvern sem er og hvenær sem er. Fáðu nánari upplýsingar á www.vildarklubbur.is og punktaðu niður ferðina um **6.000 kr.**

Gildir til 10. mars 2006.



Suite Hotel Princesa Yaiza ✨ ✨ ✨ ✨ ✨ ✨

Verð frá: **61.900,-** 6. júní – 20. júní m.v. 2 fullorðna og 2 börn í 2 vikur.
89.800,- m.v. 2 fullorðna

Yaiza er heill heimur út af fyrir sig og eitt besta hótél sem við höfum séð. Frábær aðbúnaður og afburða þjónusta á faguðu strandhótelum þar sem öll herbergi eru svítur og allt er eins og það á að vera.

Princesa Yaiza – svítur

Gestamóttaka	24/7
Strönd	50m
Aðstaða	
Bar	Já (m.v. og ót)
Veitingastaður	Já (5)
Sundlaug Garður	Já Já
Barnalaug Leiksvæði	Já Já
Sólbekkir Handklæði	Já Já
Skemmtidagkrá Fyrir börn	Já Já
Heilsurækt	Já
Tennisvöllur	Já
Fundaraðstaða	Já
Aðstaða fyrir fatlaða	Já

LÚXUSSVÍTUR

Svítur og fjölskyldu-svítur með stórum svölum, ísskáp, loftkælingu, sjónvarpi, síma, öryggishólfi og vel búnum baðherbergjum. Þríf og þjónusta alla daga vikunnar.

Skoðaðu fleiri gistingmöguleika á Playa Blanca á sumarferdir.is



Líf og fjör á Lanzarote



Puerto del Carmen

Á lengstu strönd Lanzarote er líf og fjör allan sólarhringinn. Hér er að finna glæsilegar strendur og skemmtileg hótél, verslunarmiðstöð með öllum helstu merkjum um á fátíðlegu verði, óteljandi veitingastaði með mat frá öllum heimshornum og fyrir þá hressustu eru næturklúbbarnir opnir alltof lengi. Þetta er staður fyrir fólk sem vill skemmta sér í fríun!



Gististaðir í Puerto del Carmen

Apartamentos Lanzaplaya ✨ ✨ ✨

46.900,-
6.-20. júní
m.v. 2 fullorðna og
2 börn í 2 vikur



Sérlega gott íbúðahótél á frábærum kjörum við hjarta verslunargötunnar og ströndina í Puerto del Carmen.

Apartamentos Playa Club ✨ ✨

44.275,-
6.-20. júní
m.v. 2 fullorðna og
2 börn í 2 vikur



Hentug gisting og frábær staðsetning. Tveggja svefnherbergja íbúðir í boði!

El Dorado ✨ ✨ ✨

46.550,-
6.-20. júní
m.v. 2 fullorðna og
2 börn í 2 vikur



Títvalið fjölskylduhótél með stórum sundlaugargarði. Tveggja svefnherbergja íbúðir í boði!



Suite Hotel Princesa Yaiza, firni stjornu h6tel eins og þau gerast best

LÚXUS
á lágu verði

Lanzarote!

Ævintýraeyjan Lanzarote er eins og lítið heitt Ísland við strendur Afríku. Loftslagið er frábært, sólin skín og hitastigið er alltaf stillt á mátulegt. Fólkið er vingjarnlegt og umhverfið til fyrirmyndar, allt frá snyrtilegum ströndum upp í náttúrurundur fjallanna. Eyjan er vinsæll ferðamannastaður allt árið en mannfjöldinn nær aldrei að skyggja á sérkenni þessarar dásamlegu eyju. Á Lanzarote bjóðum við stórkostleg lúxushótel sem slógu eftirminnilega í gegn í fyrra, ásamt vönduðum gæðahótelum og íbúðahótelum á verði sem enginn keppir við.

Bókaðu núna:
www.sumarferdir.is
Sími 575 1515

**SUMAR
FERÐIR**

– ERU BETRI EN AÐRAR!



Mundu eftir
MasterCard
Netfalaáskunni

www.sumarferdir.is

Sími 575 1515 – bókaðu allan sólarhringinn

HELMUT AUGUSTINUS/STRAUSS & CO. 2004

NÝR SUMARBÆKLINGUR ER KOMINN ÚT

HUGURINN BER ÞIG AÐEINS HÁLFA LEIÐ

Ævintýrin bíða eftir þér í nýja sumarbæklingnum



ICELANDAIR 
www.icelandair.is



RE/MAX®
STJARNAN
517 3629




Túngata 3

245 Sandgerði
Opið hús í dag kl: 14.30 - 15.15

Verð: 9.500.000

Stærð: 90 fm
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 1950
Brunabótamat: 9,4 millj.


Tvíbýlishús á góðum stað í Sandgerði. Komið er inn í forstofu. Baðherbergi er með baðkari. Rúmgott svefnherbergi með skápum, dúkur á gólfi. Stofan er björt og rúmgóð, plastparket á gólfi. Borðstofa/herbergi þar inn af. Eldhús með snyrtilegri viðarinnréttingu. Innri gangur með þvottahúsi/geymslu og barnaherbergi. Falleg nýleg verönd er við hlið hússins og garður beint í suður. Skólp og þak nýlegt. Leki hefur myndast á tveimur stöðum. Frábær eign fyrir laghentan einstakling.



Rúnar S. Gíslason hdl.
lögg.fasteignasali

Kristín Hafðís Sölufrú
822 4997
kristinhafdis@remax.is

RE/MAX®
STJARNAN
517 3629




Suðurgata 10

190 Vogunum
Opið hús í dag kl: 15.30 - 16.15

Verð: 32.900.000

Stærð: 164 fm
Fjöldi herbergja: 5
Byggingarár: 1977
Brunabótamat: 26,8 millj.
Bílskúr: 50 fm

Fallegt einbýlishús á frábærum stað í Vogunum alls: 214 fm. Bílskúr síðan 99. Garður, verönd með heitum pott. Tveir inngangar. Komið er inn í flísalagða forstofu með skáp. Eldhús með ljósri innréttingu, flísar á gólfi. Stofan er björt með aðgengi út í garð, plastparket á gólfi. Baðherbergi flísalagt og ljós innrétting. Sjónvarpshol. Viðbygging síðan 2002, skiptist í tvö rúmgóð barnaherbergi. Eitt hjónaherbergi með fallegum skáp. Falleg Hurð í frönskum stíl er út í garð af svefnherbegisgangi.



Rúnar S. Gíslason hdl.
lögg.fasteignasali

Kristín Hafðís Sölufrú
822 4997
kristinhafdis@remax.is



Bogabraut 16

245 Sandgerði
Opið hús í dag kl. 13.30 - 14.15

Verð: 17.900.000

Stærð: 161 fm
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 2005
Bílskúr: já

Einbýlishús á frábærum stað í Sandgerði alls: 161 fm. Skilalýsing: Tilbúið að utan. Fullfrágengin lóð. Fokhelt að innan með hitalögnum á gólfi, rafmagn og hiti komið á. Loft og veggir einangruð með ull. Lagnagrindur komnar á loft og veggir og búið að plasta. Sjón er sögu ríkari. (einnig er á sama stað í byggingu glæsilegt einbýlishús ca: 240 fm.)

RE/MAX®
STJARNAN
517 3629



Rúnar S. Gíslason hdl.
lögg.fasteignasali

Kristín Hafðís Sölufrú
822 4997
kristinhafdis@remax.is




Selvogsbraut 3, 3a og 3b

815 Þorlákshöfn
Opið hús í dag kl. 14.00 - 16.00

Stærð: 130,5 fm með bílskúr
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 2005
Bílskúr: 26,9 fm

RE/MAX Stjarnan kynnr falleg raðhús á besta stað í Þorlákshöfn aðeins 35 km frá Reykjavík. Húsið skiptist þannig: Forstofa með aðgengi inn í bílskúr og góða geymslu. Rúmgóð stofa, eldhús, þvottahús, baðherbergi, barnaherbergi og hjónaherbergi með aðgengi út í garð, einnig er tengingar fyrir heitum pott í garðinum. Endaráhús nr: 3 kr: 18.900.000 og 3a á 17.900.000. Húsin eru tilbúin til innréttinga. Geta einnig afhentis fullbúin með öllu samkvæmt samkomulagi.

RE/MAX®
STJARNAN
517 3629



Rúnar S. Gíslason hdl.
lögg.fasteignasali

Kristín Hafðís Sölufrú
822 4997
kristinhafdis@remax.is



Ingibjörg Sölufrú
699 4420
ingibjorg@remax.is



Hjallabraut

220 Hafnarfjörður
Góð 3 herbergja íbúð

Verð: 17.500.000

Stærð: 99,5 fm
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 1969
Brunabótamat: 12,2 millj.

Góð 3 herbergja íbúð við Hjallabraut í Hafnarfirði. Húsið er allt ný viðgert að utan, málað og lítur mjög vel út. Komið er inn í rúmgott bjart hol með góðum skáp, parket á gólfi. Eldhús með eldri ljósri innréttingu með góðum borðkrók og dúk á gólfi. Aðgengi er inn í geymslu og þvottahús úr eldhúsi. Baðherbergi með ljósri innréttingu, baðkar með sturtu, góðum glugga, dúkur á gólfi. Rúmgott hjónaherbergi með góðum fataskápum. Barnaherbergi með parket á gólfi. Góð stofa með útgengi út á vestursvalir með parket á gólfi. Hjóla og vagnageymsla í sameign ásamt sérgeymslu. Rúmgóð malbikuð bílastæði.

RE/MAX®
STJARNAN
517 3629



Rúnar S. Gíslason hdl.
lögg.fasteignasali

Páll Sölufrú
690 4994
pall@remax.is



Lyngás


210 Garðabær
Tvær íbúðir

Verð: 27.900.000

Stærð: 141,6 fm
Fjöldi herbergja: 5
Byggingarár: 1970
Brunabótamat: 19,3 millj.

Tvær íbúðir á jarðhæð. Lausar við kaupsamning. Stærri íbúðin 101,4 fm. Komið inn í hol með góðum fataskáp. Rúmg, svefnherbergi með góðum skáp. Tvö rúmg, barnaherbergi. Á herbergum er fallegt ljóst plastparket. Stór stofa/borðstofa, parket á gólfi. Eldhús með ljósri innréttingu, borðkrókur. Baðherbergi hefur nýlega verið endurnýjað, skipt um tæki og flísalagt. Sér geymsla og þvottúsi er í sameign. Minni íbúðin (ósambýkt) 40,2 fm. Komið inn á flísalagðan gang með fatahengi. baðherb. með sturtu, tengt fyrir þvottavél. Ágætt svefnherbergi. Rúmgóð stofa með eldhúskrók, parket á gólfi.

RE/MAX®
STJARNAN
517 3629



Rúnar S. Gíslason hdl.
lögg.fasteignasali

Páll Sölufrú
690 4994
pall@remax.is








Seljavegur 33

101 Reykjavík
Opið hús **mánudag 6. feb. kl. 17:00 – 17:30**

Verð: 21.000.000
Stærð: 80,4 fm
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 1941
Brunabótamat: 9,0 millj.



Pórarinn Jónsson hdl.
lögg.fasteignasali



Kolbeinn Sölufrúni
694 9100
kolbeinn@remax.is

Ný falleg uppgerð 4ra herb. íbúð á þriðju hæð í vinsælu hverfi. Tvö rúmgóð svefnherbergi og tvær samliggjandi stofur, hvíttuð eik á gólfum. Baðherbergi er flisalagt í hólf og gólf, sturta með sturtubotni. Eldhús er með nýrri eikar innréttingu frá Innex, flisalagt með steinflisum. Mjög mikið endurnýjað. Eignin er laus við kaupsamning.






Stórholt 25

105 Reykjavík
Góð eign í nágrenni við miðbæinn

Verð: 13.000.000
Stærð: 56,5 fm
Fjöldi herbergja: 2
Byggingarár: 1945
Brunabótamat: 7,2 millj.



Pórarinn Jónsson hdl.
lögg.fasteignasali



Kolbeinn Sölufrúni
694 9100
kolbeinn@remax.is

Falleg 2ja herb. í vinsælu hverfi. Eldhús með góðri innréttingu, fin tæki og litill borðkrókur. Stofa með parketi á gólf og fallegum listum í lofti. Baðherbergi flisalagt í hólf og gólf með sturtu. Mikið endurnýjað eign. Góð staðsetning, stutt í alla þjónustu.






Hrísrimi 8

112 Reykjavík
Opið hús **mánudag 6. feb. kl. 19:00 – 19:30**

Verð: 22.000.000
Stærð: 95,7 fm
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 1994
Brunabótamat: 12,5 millj.



Pórarinn Jónsson hdl.
lögg.fasteignasali



Kolbeinn Sölufrúni
694 9100
kolbeinn@remax.is

Góð efri hæð í enda með séringngangi. Rúmgott hjónaherbergi og tvö barnaherbergi með góðum skápum og parketi á gólfum. Góð stofa með parketi á gólf. Eldhús er með beiki/hvitri innréttingu, góð tæki, tenging fyrir uppþvottavél og rúmgóður borðkrókur. Laus fljótlega. Fallegt sérbyli í góðu hverfi og stutt í alla helstu þjónustu og skóla.






Drápuhlíð 12

105 Reykjavík
Opið hús **mánudag 6. feb. kl. 18:00 – 18:30**

Verð: 28.600.000
Stærð: 132,3 fm
Fjöldi herbergja: 5
Byggingarár: 1950
Brunabótamat: 13,6 millj.



Pórarinn Jónsson hdl.
lögg.fasteignasali



Kolbeinn Sölufrúni
694 9100
kolbeinn@remax.is

Sérhæð á vinsælum stað sem er rúmgóð og björt. Þrjú svefnherbergi sem eru parketlögð með skápum. Stofur eru tvær parketlagðar, samliggjandi með suðursvólum. Baðherbergi er með baðkari sem er með sturtu, innrétting, flisar á veggjum og gólf. Eldhús er rúmgott með borðkrók, innréttingu, hvít og grá, flisar á milli skápa, Siemens Halógen eldavél með blásturófini, uppþvottavél fylgir. Laus við kaupsamning.






Heiðmörk 2b

810 Hveragerði
Opið hús **í dag kl. 15.30 - 16.00**

Verð: 19.900.000
Stærð: 116,0 fm
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 1985
Brunabótamat: 16,0 millj.
Bílskúr: 21,3



Sigurður Guðmundsson hdl.
lögg.fasteignasali



Sigríður Sölufrúni
663 3219
sigga@remax.is



Jóhanna Sölufrúni
699 5680
johanna@remax.is

Virklega snyrtilegt og fallegt raðhús með innbyggðum bílskúr á besta stað. Forstofa með fatahengi. Flisalagt eldhús með hvítri innréttingu. Rúmgóð stofa og borðstofa, úr stofu er gengið út á pall fyrir aftan húsið. Flisalagt baðherbergi með baðkari og sturtu. Tvö svefnherbergi með skápum, parketlögð. Furuhurðir. Úr bílskúr er gengið inn í þvottahús, á því er hurð úr í garð. Á gólfum stofu, borðstofu og gangi er mjög fallegt gegnheiligt parket sem er unnið á sérstakan hátt til að gefa íbúðinni afar hlýlegt og skemmtilegt útlit. Falleg eign með grönunum garði og stórum palli. Eign sem vert er að skoða.






Bjarkarheiði 35-37

810 Hveragerði
Opið hús **í dag kl. 16.15 - 17.00**

Verð: 26.900.000
Stærð: 153,5 fm
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 2003
Bílskúr: já



Sigurður Guðmundsson hdl.
lögg.fasteignasali



Sigríður Sölufrúni
663 3219
sigga@remax.is



Jóhanna Sölufrúni
699 5680
johanna@remax.is

Afar vönduð og falleg fullbúin raðhús á besta stað í Hveragerði. Húsunum er skilað fullbúnum að innan sem utan. Lóð verður tyrft og upphitað hellulagt plan og stéttir í kringum húsið. Að innan verða sérsmíðaðar innréttingar og vandaðar hurðir og gluggar. Eikar fataskápar í herbergjum. Baðherbergi með baðkari og sturtu, þvottahús inn af baðherbergi. Á gólfum verður vandað eikar parket og flisar, hiti í gólf. Eldavél, ofn, ísskápur, uppþvottavél og örbylgjuofn fylgja í innréttingu í eldhúsi sem er hvít sprautlökkuð. Innangengt úr bílskúr í íbúð. Sólskáli í stofu, gengið út í garð úr stofu.






Melabraut 3

170 Seltjarnarnes
Opið hús **í dag kl. 15.00 - 15.30**

Verð: 29.900.000
Stærð: 102,5 fm
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 1963
Brunabótamat: 12,3 millj.



Sigurður Guðmundsson hdl.
lögg.fasteignasali



Hilmar Þór Sölufrúni
820 6677
hilmar@remax.is

RE/MAX Búi kynnir 3-4 herbergja sérhæð í tvíbylishúsi við Melabraut 3 Seltjarnarnesi. Um er að ræða 102,3 fm íbúð sem skiptist í: 2 svefnherbergi, stofa, borðstofa, baðherbergi, þvottahús og vinnuherbergi. Íbúðin er með Jatoba parketi á gólfum fyrir utan barnaherbergi og eldhús sem eru dúkalögð. Baðherbergið er flisalagt í hólf og gólf með fallegum flisum og baðkari. Búð er að steypa plötu og leggja lagnir fyrir 24 fm bílskúr. Einnig er búð að steypa plötu fyrir 12 fm garðskala og leggja lagnir fyrir heitum potti. Sjón er sögu ríkan.






Hverfisgata 119

101 Reykjavík
Opið hús **í dag kl. 15:00 – 15:30**

Verð: 15.500.000
Stærð: 82,3 fm
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 1926
Brunabótamat: 9,3 millj.



Sigurður Guðmundsson hdl.
lögg.fasteignasali




Svana Sölufrúni
866 9512
svana@remax.is

Mjög skemmtileg og björt 3ja herb sérhæð á fyrstu hæð á besta stað í miðbænum. Íbúðin er öll ný uppgerð. Íbúðinni fylgir stór 14fm upphitað geymslu herbergi sem býður uppá ýmsa möguleika aftan við húsið, gæti nýst sem vinnuástaða. Allir gluggar eru stórir og góðir í íbúðinni. Nýjar raflagnir.



RE/MAX® KÓPAVOGUR




Prastarás 71

221 Hafnarfjörður

Opið hús þriðjudag 7. feb. kl. 18:30 - 19:00

Verð: 23.500.000

Stærð: 107,7 fm
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 2001
Brunabótamat: 15,0 millj.



Falleg 3ja herbergja íbúð í Áslandinu í Hafnarfirði. Mjög góð staðsetning, gott aðgengi, stutt í alla þjónustu.

Nánari lýsing: Komið er inn í flísalagða forstofu, úr forstofu er gengið inn á plastparketlagðan gang sem opnast inn í bjarta stofu. Gott eldhús með snyrtilegri innréttingu. Útgegn úr stofu á stórar svalir. 2 svefnherbergi og geymsla/vinnuherbergi með sama parketi á gólfum. Flísalagt baðherbergi. Þvottahús í íbúð. Sérgeymsla í sameign. Íbúðinni fylgir stæði í við dyrnar.

RE/MAX® KÓPAVOGUR




Fagrihjalli 46

200 Kópavogur

Fallegt og bjart parhús

Verð: 43.900.000

Stærð: 222,1 fm
Fjöldi herbergja: 8
Byggingarár: 1991
Brunabótamat: 27,8 millj.



Fallegt og bjart parhús á vinsælum stað í suðurhlíðunum í Kópavogi með jeppafærum bílskúr. Húsið er 2 hæðir + ris. Á fyrstu hæð eru forstofa, 2 svefnherbergi, vaskahús og baðherbergi. Önnur hæð skiptist í opna og bjarta stofu með garðskála þaðan sem er útgegn á sólríkan pall. Eldhús með snyrtilegri innréttingu og borðstofu, að auki baðherbergi með baðkari. Í risi er síðan hjónaherbergi með sér salerni og svefnherbergi sem í dag er nýtt sem vinnuherbergi. Bílskúrin er rúmgóður og sem fyrr segir nógu hárt til að koma jeppa vel þar inn. Allar nánari upplýsingar veita Baldvin Jónsson sölufrú í síma 892 3330 / baldvin@remax.is og Sæunn Þórisdóttir sölufrú í síma 864 3338 / saeunn@remax.is



Eskivellir 7

221 Hafnarfjörður

Bílskúr: Stæði í bilageymslu fylgja flestum íbúðum

Verð: Frá 16.100.000

Stærð: Frá 79,9 fm
Fjöldi herbergja: 2-4
Byggingarár: 2005

RE/MAX® KÓPAVOGUR



Vorum að fá í sölu nýtt fjölbýlishús í Hafnarfirði. 2ja - 4ra herbergja íbúðir á fimm hæðum með sér inngangi af svölum. Allar íbúðir með svölum að fyrstu hæð undanskilinni þar sem verður vernd. Íbúðirnar afhendast fullbúnar að innan án gólfina, en gólf á baðherbergjum og þvottahúsum verða flísalögð. MODULÁ innréttingar og hurðar frá BYKO og einnig tæki. Hægt verður að veita milli viðartegunda ef íbúðin er keypt nógu snemma. Húsið verður steinsteypt og saliað að utan með ljósum Marmarasalla. Vandað lyftuhús þaðan sem stutt verður í alla þjónustu í nánustu framtíð.



Leifsgata 7


101 Reykjavík

Góð eign á vinsælum stað

Verð: 14.400.000

Stærð: 58 fm
Fjöldi herbergja: 2
Brunabótamat: 7,1

RE/MAX® KÓPAVOGUR



Snyrtileg 2ja herbergja íbúð á góðum stað austan Skólavörðuholtinu. Íbúðin skiptist í svefnherbergi, stofu, eldhús og baðherbergi. Sérgeymsla í kjallara. **Nánari lýsing:** Komið inn á ljósar flisar í rými þar sem haganlega hefur verið komið fyrir eldhúsi, var gert u.p.b. 2002 af fyrri eiganda. Inn af eldhúsi er flísalagt baðherbergi með sturtuklefa og hvítri innréttingu. Tengi fyrir þvottavél. Til vinstri frá inngangi er gengið í stofu og þar inn af svefnherbergi með ágætum skápláss. Plastparket á stofu og svefnherbergi. Að sögn eiganda hafa raflagnir og ofnar verið endurnýjað af fyrri eiganda, nýtt gler og gluggar og innihúrar.



Karlagata 6

105 Reykjavík

Opið hús í dag kl. 14:00 - 14:30

Verð: 9.000.000

Stærð: 36,8 fm
Fjöldi herbergja: 1
Byggingarár: 1940
Brunabótamat: 4,7 millj.

RE/MAX® STJARNAN 517 3629



Stúdíóíbúð á góðum stað í miðbæ Reykjavíkur. Nánari lýsing: Eldhús með hvítri innréttingu. Baðherbergi með sturtu. Rúmgóð stofa og svefnastaða. Sameignlegt þvottahús þar sem hver er með sína vél. Sameignlegur garður. Húseignin hefur verið tekin mikið í gegn svo sem viðgerð á þaki, gler og gluggar í gangi. Sameignin máluð og fl. Einnig hefur verið skipt um rafmagn í íbúðinni.



Strandgata 4

245 Sandgerði

Atvinnuhúsnæði og rekstur

Verðtilboð

Stærð: 216 fm
Byggingarár: 1943
Brunabótamat: 19,6 millj.

RE/MAX® STJARNAN 517 3629



Til sölu er atvinnuhúsnæði og rekstur í Sandgerði. Í dag er þar rekið dekkja-verkstæði og smurþjónusta. Húsnæðið sem er í góðu ásigkomulagi stendur á 1174 fm lóð. Óskað er eftir verðtilboði í húsnæðið, vélar og tæki, og rekstur fyrirtækisins.




Depluhólar 5

111 Reykjavík
Opið hús í dag kl. 16:00 – 17:00

Verð: 69.900.000
Stærð: 498 fm
Fjöldi herbergja: 12
Byggingarár: 1974
Brunabótamat: 34,3 millj.
Bílskúr: 37,8 fm

RE/MAX Kynnir: Mjög góða 498 fm eign á besta útsýnisstað í Reykjavík. Eignin skiptist í forstofu, tvö eldhús, tvær stofur, tíu herbergi, þrjú baðherbergi, þvottahús, geymslu, bílskúr og gluggalaus sal. Þessi eign býður upp á mikla möguleika. Ótrúlegt útsýni. Sjón er sögu ríkar.




Baldursgata 36

101 Reykjavík
Opið hús í dag kl. 13:00 – 13:30

Verð: 17.900.000
Stærð: 72,1 fm
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 1938
Brunabótamat: 7,7 millj.

RE/MAX kynnir: Sjamerandi 3 herbergja íbúð með útsýni í hjarta miðbæjarinnar. Í forstofunni eru flísar á gólf og fatahengi. Tvö góð svefnherbergi með parketi, annað með skápum. Baðherbergið er með baðkari og léttu innréttingu. Tengi fyrir þvottavél. Snýrtileg innrétting í eldhúsi. Keramikhelluborð, blástursofn og háfur. Tengi fyrir uppvottavél. Stofan er með parket á gólfum. Arinn í stofu. Útsýni. Hellulagðar suðursvalir. Geymsla í kjallara fylgir.



Melalind 2

201 Kópavogur
Opið hús í dag kl. 13:00 – 13:30

Verð: 25.900.000
Stærð: 128,7 fm
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 1998
Brunabótamat: 26,1 millj.

RE/MAX kynnir: Fallega 128,7 m² þriggja herbergja eign með bílskúr. Í forstofu er góður fataskápur. Úr stofu er útgengt á vestursvalir. Snýrtilegt eldhús með mahogny innréttingu og flisum á milli skápa. Baðherbergi er flisalagt og með sturtuklefa og baðkari. Tvö rúmgöð svefnherbergi með parket á gólfum og skápum. Pergo parket er á gólfum og mahogny í innréttingum að undanskýldu baðherbergi. Geymslan er 6,6 m². Bílskúrin er með sjálfvirkum opnara. Frábær staðsetning. Órútt í skóla og leikskóla.



Álfkonuhvarf 67

203 Kópavogur
Opið hús í dag kl. 14:00 – 14:30

Verð: 25.500.000
Stærð: 101 fm
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 2004
Brunabótamat: 16,2 millj.

Glæsileg fjögurra herbergja íbúð við Álfkonuhvarf í Kópavogi. Forstofan er flisalögð með náttúruflisum og er með skápum. Eldhúsið er flisalagt og með mjög fallegum mahogny innréttingum. Stofan er parketlögð og með útgengi á suðursvalir. Barnaherbergin eru tvö og eru þau parketlögð og með skápum. Hjónaherbergið er parketlagt og er með skápum. Baðherbergið er flisalagt og er með baðkari. Þvottahúsið er flisalagt. Parketlögð geymsla. Stæði í bílageymslu fylgir eigninni.



Klukkanimi 8

105 Reykjavík
Opið hús í dag kl. 15:00 – 15:30

Verð: 35.900.000
Stærð: 170,1 fm
Fjöldi herbergja: 7
Byggingarár: 1991
Brunabótamat: 21,9 millj.
Bílskúr: 25,5 fm

Mjög fallegt 170 fm þarhús í Grafarvogi. Næðri hæð. Komið er inn í flisalagða forstofu með skápum. Inn af forstofunni er gestaklösett. Eldhúsið er flisalagt með kirsuberja innréttingum. Stofan er parketlögð með útgengi út á pall og góðan garð. Efrri hæð. Þrjú herbergi eru á efrri hæð og eru þau parketlögð og með skápum, útgengi er á svalir úr hjónaherberginu. Baðherbergið er flisalagt í hólf og gólf og er með baðkari og sturtu. Þvottahúsið er flisalagt.




Hörpulundur 3

210 Garðabæ

Verð: 57.000.000
Stærð: 279,2 fm
Fjöldi herbergja: 7
Byggingarár: 1973
Brunabótamat: 33,1 millj.
Bílskúr: 48,7 fm

Mjög gott 279 fm einbýlishús á frábærum stað við Hörpulund í Garðabæ. Komið er inn í flisalagða forstofu með skápum. Hjónaherbergið er parketlagt með skápum og fataherbergi. Barnaherbergin eru þrjú, tvö eru parketlögð og með skápum, eitt er dúklegt. Eldhúsið er flisalagt og með góðum innréttingum. Rúmgöð stofa sem er parketlögð. Flisalögð sólstofa með heitum potti. Baðherbergið er nýppgert og er með hornbaðkari og sturtu.



Skipholt 51

105 Reykjavík
Mjög góða 3ja herbergja íbúð

Verð: 22.900.000
Stærð: 113,2 fm
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 1963
Brunabótamat: 11,7 millj.
Bílskúr: 22,3

RE/MAX Kynnir mjög góða 3ja herbergja íbúð við Skipholt í Reykjavík. Forstofan er flisalögð og með skápum. Eldhúsið er með korkdúk á gólf og borðkrók. Herbergin eru parketlögð og er annað herbergið með skáp. Baðherbergið er flisalagt í hólf og gólf og með baðkari. Stofan er parketlögð og með útgengi á svalir. Geymsla er í kjallara. Bílskúr fylgir eigninni. Allar nánari upplýsingar veita Gunnar í síma 822-3702 og Konráð í síma 8220491.



Bókari óskast

Óskum eftir að ráða bókara til starfa sem fyrst.

Við leitum að öflugum einstaklingi í starf bókara fyrir Nýsi hf. og dótturfélög. Meðal verkefna er dagleg stýring á bókhaldi, uppgjörsvinna og afstemmingar. Við leitum að starfsmanni með haldgóða þekkingu og reynslu af reikningshaldi. Viðkomandi þarf að geta unnið sjálfstætt, vera talnaglöggur, heiðarlegur og nákvæmur. Þekking á Navision bókhaldskerfi er kostur.

Nánari upplýsingar veitir Guðbjörg Hanna Gylfadóttir, skrifstofustjóri Nýsis.

Hægt er að sækja umsóknareyðublað á vefsíðunni www.nysir.is eða senda inn umsókn á netfangið ghg@nysir.is fyrir 13. febrúar n.k.

Í mars hefst almennt námskeið þar sem farið verður yfir drög að námsskrám og þátttakendum kynnt upplýsingatækni til að auka færni þeirra í fjarnámi. Staðbundnar lotur verða haldnar í öllum landsfjórðungum.
- **Aðfararnám – síðari hluti, hefst í september 2006. Áhersla á kennsluáferðir og tækni.**
Að aðfararnáminu loknu verður boðið uppá námskeið Kennaraháskóla Íslands, Háskóla Íslands, Háskólans á Akureyri og Háskólans í Reykjavík sem henta til viðbótarmenntunar í viðkomandi fagi.
- Þátttakendur geta valið námskeið í öllum háskólunum og stundað þau í fjarnámi.

Umsóknir um þátttöku berist í síðasta lagi 24. febrúar til Símenntunarföndunar Kennaraháskóla Íslands sem hefur umsjón með skráningu og staðfestingu á þátttöku kennara. Upplýsingar um námskeiðin verða á vef Símenntunar <http://simennt.khi.is>

Skráning Febrúar 2006	Aðfararnám I Mars 2006	Aðfararnám II 3 einingar Haust 2006	Viðbótarnám HÍ, HA, HR og KHÍ: Valfög Allt að 12 einingar Vetur '06-'09	Skírteini Vor/haust 2009 Símenntun
--------------------------	---------------------------	---	---	---

VISIR

NFS ER Á VISIR.IS
Bein útsending á VefTV og
upptökur þegar þér hentar





Stórsýning á fasteignum á Spáni

í Perlunni 4. og 5. febrúar frá kl. 12-18.

Láttu drauminn rætast!

Suðrænt yfirbragð verður í Perlunni um helgina, þar sem sérfræðingar munu kynna fasteignir á Torrevieja-svæðinu.

- Mikið úrval nýrra og notaðra fasteigna.
- Verð á notaðri íbúð frá 5 milljónum kr.
- Lán með 3,25% vöxtum til allt að 25 ára.
- Lánshlutfall 80%. Landsbankinn lánar 20% í viðbót gegn veði.
- Íslenskur starfsmaður á Spáni tekur á móti þér við komuna þangað og aðstoðar við allt sem snertir kaupin.
- Úrval íbúða til leigu í lengri eða skemmri tíma.

Hrafnhildur Eiríksdóttir, útibústjóri CAM bankans, kynnir lánamöguleika og þjónustu bankans.

Fulltrúar Escudero Promotores, virts byggingaverktaka, kynna nýbyggingar til sölu.

Þorsteinn Hallgrímsson, margfaldur Íslandsmeistari í golfi, segir frá hinum stórkostlegu golfvöllum á svæðinu.

Iceland Express kynnir flugferðir sínar til Alicante og annarra áfangastaða.

Allir sýningargestir eiga möguleika á að vinna flugferð með Iceland Express til Alicante!

Dagskrá í fundarsal neðri hæðar (báða dagana):

13:00 **Hvernig ganga fasteignakaup fyrir sig á Spáni**
- Fasteignakaup á Spáni
- Torrevieja-svæðið
- Fjármögnun fasteigna á Spáni

15:00 **Golfvellir á Torrevieja-svæðinu**
Þorsteinn Hallgrímsson golfari segir frá golfvöllum í Villamartin, Las Ramblas og Campoamor



17:00 **Hvernig ganga fasteignakaupin fyrir sig á Spáni.**
- Fasteignakaup á Spáni
- Torrevieja-svæðið
- Fjármögnun fasteigna á Spáni



gloria casa
Fasteignasala og leigumiðlun Íslendinga á Spáni

heimili
FASTEIGNASALA

Gloria Casa er íslensk fasteignasala á Spáni sem sérhæfir sig í sölu og útleigu fasteigna. Heimili fasteignasala er í eigu þriggja löggilttra fasteignasala og sérhæfir sig í kynningu fasteigna á Torrevieja-svæðinu.



HVER RÆÐUR FÖR?

Málþing Sjonarhóls - ráðgjafarmiðstöðvar ses. um virðingu og samvinnu í þjónustu við fjölskyldur barna með sérþarfir

föstudaginn 10. febrúar í Gullhömrum, Grafarholti.

Á málþinginu verður varpað ljósi á þjónustu ríkis, sveitarfélaga og félagasamtaka við fjölskyldur barna með sérþarfir frá sjónarhóli notenda þjónustunnar.

Málþingið er ætlað foreldrum og öðrum sem láta sig málefni barna með sérþarfir varða.

Hægt verður að fylgjast með málþinginu í beinni útsendingu á netinu með því að fara inn á www.sjonarholl.net

Þátttaka er endurgjaldslaus.

STUÐ MILLI STRÍÐA Fordómalaust uppeldi

ANNA MARGRÉT BJÖRNSSON FORÐAST ALHÆFINGAR



Börn spyrja ótal spurninga. Þau eru eðlilega forvitin og vilja fá skýr og sannfærandi svör. Það er því stundum erfitt að útskýra fyrir fimm ára stúlku hvers vegna átök milli kynþátta eiga sér stað í heiminum þegar hún heyrir umtal eins og síðustu daga í fréttum ljósvakamiðlanna. Öll getum við staðið okkur að því að vera fordómfull að einhverju leyti, og því finnst mér það vera mikilvægt í uppeldishlutverkinu að kenna börnunum að mannkynið sé einn kynstofn. Ekki sam-


ansafn mismunandi kynstofna, hvíttra, svartra, Asíubúa eða araba, heldur að við séum öll af sama kynstofninum: mannkyninu, bara með mismunandi magn af litarefnum í húðinni. Ég vil líka að þau læri að bera virðingu fyrir öðrum og læri að hlusta á mismunandi sjónarmið. Eins og öll börn læra þau heima og í skólanum að maður eigi að bera virðingu fyrir öðrum og gera ekki grín að þeim. Maður getur bara hlegið með öðrum þegar maður getur gert grín að sjálfum sér. Það er ekkert fyndið við orð eða gerðir sem særa annað fólk. Mér finnst það skylda mín sem foreldris að segja börnunum mínum að það megi aldrei vera

með alhæfingar. Það er heimskulegt að segja að gyðingar séu nískir, sígaunar steli, og að arabar séu terroristar. Okkur þarf ekkert að líka við alla, en það er mjög svo vitlaust að vera búinn að ákveða hvernig fólk er áður en maður kynnist því. Maðurinn er alltaf hræddur við það ókunna og það sem truflar sannfæringu hans. Og þess vegna vona ég að börnin mín ferðist sem allra mest og kynnist sem allra flestum til að losna algerlega við þá plágu sem virðist há svo mörgum: að vera hræddir við það sem þeir þekkja ekki. Við erum ekki fæddir rásistar, heldur verðum það. Þetta er bara spurning um gott eða slæmt uppeldi. ■

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Overli



■ Pú og pa

Eftir SÖB



MADAGASCAR

SMS LEIKUR

SENDU SMS SKRYTID **BTG MGF** Á NÚMERID **1900** OG DÚ GÆTIR UNNID.

9. HVER VINNURI!

LENDIR Á DVD 6. FEBRÚARI!

FRÁ FRAMLEIÐENDUM VHREK OG SHARK TALE

VINNINGAR ERU:

- MADAGASCAR Á DVD
- COCA COLA
- GLÆSILEGUR VARNINGUR TENGÐUR MYNDINNI
- ENN MEIRA AF DVD OG SKEMMTILEGU DÓTI

VINNINGAR VERÐA AFHENDIR HJÁ BT SMÁRALIND. KÓPAVOGI. MEÐ DÚI AÐ TAKA ÞÁTT ERTU KOMINN Í SMS KLÚBB. 149 KR/SKRYTID.

BT MOBILE

■ Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

Lausn á gátu gærdagsins

1	3	7	6	2	5	9	8	4
6	2	8	1	9	4	3	5	7
4	9	5	3	8	7	2	1	6
2	4	3	7	1	9	8	6	5
9	7	6	2	5	8	4	3	1
8	5	1	4	6	3	7	9	2
3	8	2	5	7	1	6	4	9
5	6	9	8	4	2	1	7	3
7	1	4	9	3	6	5	2	8

		7		1	3			9
			9					6
				8		5		4
6	1							5
	4						8	
8							6	3
4	8			6				
7					5			
1			2	9		6		

ÖRYGGISKERFI FYRIR HEIMILIÐ





ÖSKUBUSKA Sesselja Kristjánsdóttir fer með aðalhlutverkið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Öskubuska án álfkonunnar

Ein vinsælasta ópera Rossinis, Öskubuska, verður sýnd í fyrsta sinn hér á landi í kvöld á sviði Íslensku óperunnar.

Sesselja Kristjánsdóttir fer með hlutverk Öskubusku í óperu Puccinis, en aðrir söngvarar eru Garðar Thor Cortes, sem verður prinsinn Don Ramiro, Bergþór Pálsson, sem er Dandini, þjónn prinsins, Davíð Ólafsson sem er Don Magnifico en dætur hans tvær, þær Clorinda og Tisbe, eru í höndum Hlínar Pétursdóttur og Önnu Margrétar Óskarsdóttur. Loks fer Einar Th. Guðmundsson með hlutverk Alidoros, ráðgjafa prinsins. Þegar tónskáldið Giacomo Rossini og textahöfundurinn Jacopo Ferretti sömdu óperuna Öskubusku í flýti á Ítalíu nokkrum dögum fyrir jól árið 1816 mátti alls ekki fjalla um hvað sem var. Til dæmis var með öllu bannað að fjalla um töfrabrögð og galdra í leikhúsum á þessum tíma, þannig að þeim var óeitanlega svolítt vandi á höndum.

Þeir leystu þennan vanda með

því að sleppa álfkonunni góðu sem töfrar fram ný fót handa Öskubusku og breytir graskeri í hestvagn og músum í hesta. Þess í stað kemur það í hlut heimspekingsins Alidoros að hjálpa Öskubusku að komast á dansleikinn í höllinni.

Þeir víkja einnig frá söguþræði ævintýrsins í því að Öskubuska þarf ekki að kljást við vonda stjúpmóður heldur er það stjúpfaðir hennar, Don Magnifico, sem reynist henni erfiður úr hófi fram.

Alls verða tíu sýningar á Öskubusku, sú síðasta laugardaginn 11. mars. Á undan öllum sýningum, fyrir utan frumsýninguna og sýninguna 5. mars, sjá þeir Gunnsteinn Ólafsson og Ingólfur Niels Arnason um kynningu þar sem þeir segja frá uppsetningunni á Öskubusku í óperunni, fjalla í stuttu máli um tónlistina og höfund hennar, Giacomo Rossini.

Leikstjóri er Paul Suter frá Sviss og leikmynda- og búningahönnuður er Season Chin frá Hong Kong. Ljósahönnuður er Jóhann Bjarni Pálmason. Hljómsveitarstjóri er Kurt Kopecky, tónlistarstjóri Íslensku óperunnar.

Meiri tónlist í myrkrinu

Tvennir tónleikar verða í dag á Myrkum músikdögum, hinni árlegu tónlistarhátíð íslenskra tónskálda.

Í tónlistarhúsinu Ými verða klarinettutónleikar með Ingólfi Vilhjálmssyni, sem leikur á bassaklarinettu, og Tobias Guttmann, sem leikur á marimbu og slagverk. Meðal annars verða frumflutt verk eftir Áskel Mátsson og Atla Ingólfsson. Þeir tónleikar hefjast klukkan 16.

Í Langholtskirkju mætir síðan Blásarasveit Reykjavíkur undir stjórn Tryggva M. Baldvínssonar og flytur verk eftir Pál Pampichler Pálsson, Tryggva M. Baldvínssonar, Arnold Schönberg og Ernst Krenek. Þeir tónleikar hefjast klukkan 20. ■

Le Sing
 Syngjandi þjónar
 Ein vinsælasta leiksýning landsins
 Alla laugardaga
 Alltaf jafn fersk - alltaf jafn skemmtileg
BROADWAY
 Sími: 533-1100

HIMNARÍKI
 Gæðhöfn gamanleikur
 eftir Ána Ísán
 10. feb.
 11. feb.
MIND CAMP
 eftir Íón Atla Jónsson
 Námsmenn og
 Vörðufélagar fá miðann á
 Mind Camp á 1000 kr.
 í boði Landsbankans
 5. feb.
EF
 eftir Valgeir Skagfjörð/
 Einar M. Guðmundsson
 Vestmannaeyjar
 21. feb kl. 9 uppselt
 kl. 11 uppselt
 kl. 13 uppselt
**HILMARFJARDAR
 LEIKHÚSIÐ**
 Miðapantanir í síma 555 2222 og á mid.is

HILMIR SNÆR GUÐNASON
ÉG ER MÍN EIGIN KONA

 laugardagur 04.02 **UPPSELT**
 sunnudagur 05.02 örfá sæti laus
 fimmtudagur 09.02 aukasýning
 föstudagur 10.02 **UPPSELT**
 laugardagur 11.02 örfá sæti laus
 fimmtudagur 16.02 aukasýning
 föstudagur 17.02 laus sæti
SÝNT Í IÐNÓ KL. 20
 MIÐASALA: WWW.MID.IS OG Í IÐNÓ S. 562 9700
Landsbankinn
 Landsbankinn er stoltur bakgjafi sýningarinnar.

Nína og Geiri
 söngur
 Björgvins Halldórssonar
 Leikstjóri: Gunnar Helgason
 18. feb. Nokkur börð laus
 19. feb. Nokkur börð laus
 3. mars. Laus börð
 17. mars. **AUKASÝNING**
 18. mars. Laus börð
Aðeins þessar sýningar
 Gjöfakort á Nínu og Geira
 fast í miðasölu
BROADWAY
 5331100 Netfang: midasala@broadway.is
 Öpreddir miðar seldir hálfumánunni fyrir viðburð.

ÖSKUBUSKA
ÖSKUBUSKA - La Cenerentola eftir ROSSINI
Frumkýning sun. 5. feb. kl. 20 - UPPSELT
 2. sýn. fös. 10. feb. kl. 20 - 3. sýn. sun. 12. feb. kl. 20
 4. sýn. sun. 19. feb. kl. 20 - 5. sýn. fös. 24. feb. kl. 20
KYNNING FYRIR SÝNINGU (fyrir utan frumsýningu)
Kynning á verkinu og uppsetningu þess er í boði Vínafélags Íslensku óperunnar.
Kynningin hefst kl. 19.15 og er innifalin í miðaverði.
 www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
 Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
 Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn. **ÍSLENSKA ÓPERAN**

BORGARLEIKHÚSIÐ
Stóra svið **Nýja svið / Litla svið**

SALKA VALKA Fi 16/2 kl. 20 SÍÐASTA SÝNING!	MANNTAFL Mi 22/2 kl. 20 AUKASÝNING
WOYZECK AUKASÝNINGAR Lau 11/2 kl. 20 Su 12/2 kl. 20 Fö 17/2 kl. 20 Lau 18/2 kl. 20	ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR Fi 16/2 kl. 20 UPPS. Fö 17/2 kl. 20 UPPS. Lau 25/2 kl. 20 UPPS. Su 26/2 kl. 20
KALLI Á ÞAKINU SÝNINGAR UM HELGINA, UPPSELT. SÍÐUSTU AUKASÝNINGAR UM PÁSKANA!	BELGÍSKA KONGÓ Í kvöld kl. 20 UPPS. Fi 9/2 kl. 20 UPPS. Fö 10/2 kl. 20 UPPS. Lau 11/2 kl. 20 UPPS. Lau 18/2 kl. 20 Su 19/2 kl. 20 Fi 23/2 kl. 20 Fö 24/2 kl. 20
CARMEN Fö 10/2 kl. 20S Su 19/2 kl. 20 Lau 25/2 kl. 20 UPPS. Fö 3/3 kl. 20 Lau 11/3 kl. 20 Su 12/3 kl. 20	GLÆPUR GEGN DISKÓINU Su 12/2 kl. 20 Mi 1/3 kl. 20
RONJA RÆNINGJADÓTTIR Lau 11/2 kl. 14 FORSÝNING UPPSELT Su 12/2 kl. 14 FRUMSÝNING UPPSELT Lau 18/2 kl. 14 Su 19/2 kl. 14 Su 26/2 kl. 14 Lau 4/3 kl. 14	NAGLINN Lau 11/2 kl. 20 UPPS. Su 12/2 kl. 20 Su 19/2 kl. 20 UPPS. Lau 25/2 kl. 20
	HUNGUR FORSÝNINGAR, MIÐAV. 1.200- Kr. Þr 14/2 kl. 20 Mi 15/2 kl. 20 Fi 16/2 kl. 20 Fö 17/2 kl. 20 Lau 18/2 FRUMSÝNING UPPSELT

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhusid.is

Þjóðleikhúsið - leikhúsið þitt!
STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00
TÚSKILDINGSÓPERAN
 Fös. 10/2 örfá sæti laus, lau. 11/2 örfá sæti laus, fös. 17/2 örfá sæti laus, lau. 18/2 örfá sæti laus, fös. 24/2 nokkur sæti laus, lau. 25/2 örfá sæti laus.
Síðustu sýningar. Ath. nýtt sýningafyrirkomulag. Sýnt í janúar og febrúar.
KLAFUR OG KÓNGSDÆTUR
 Í dag sun. 5/2 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 12/2 kl. 14:00 nokkur sæti laus, sun. 19/2 kl. 14:00 nokkur sæti laus, sun. 26/2 kl. 14:00.
SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00
ELDHÚS EFTIR MÁLI
 Í kvöld sun. 5/2 **uppselt**, þri. 7/2 **uppselt**, mið. 8/2 **uppselt**, fim. 9/2 **uppselt**, fös. 10/2 **uppselt**, aukasýning lau. 11/2 kl. 17:00 örfá sæti laus og kl. 20:00 **uppselt**, sun. 12/2 **uppselt**. **Vegna mikillar aðsóknar: Framlengt sýningatímabil.** Þri. 14/2 **uppselt**, mið. 15/2 **uppselt**, fös. 17/2 **uppselt**, aukasýning lau. 18/2 kl. 17:00 örfá sæti laus og kl. 20:00 **uppselt**, sun 19/2 **uppselt**, mið. 22/2 **uppselt**, fös. 24/2 **uppselt**, aukasýning lau. 25/2 kl. 17:00 örfá sæti laus og kl. 20:00 **uppselt**, sun. 26/2 **uppselt**. Lau. 4/3 kl. 17:00, sun. 5/3, mið. 8/3, lau. 11/3 kl. 17:00, sun. 12/3.
SUNNUDAGSKVÖLD MEB SVÖVU
Fyrirlestur - Kvöldverður - Leiksýning - Umræður
 Í kvöld sun. 5/2 kl. 18:00 **uppselt**, sun. 12/2 kl. 18:00 **uppselt**. **Vegna mikillar aðsóknar hefur verið bætt við tveimur fyrirlesturum.** Sun 19/2 kl. 18:00 **uppselt**, sun. 26/2 kl. 18:00 **uppselt**. Nánari upplýsingar á www.leikhusid.is
KASSINN
PÉTUR GAUTUR
 Frumsýning fim. 23/4 **uppselt**, fös. 24/4 örfá sæti laus, sun. 26/4 örfá sæti laus, fim. 3/3, fös. 4/3, lau. 5/3. **Miðasala hefst 11. febrúar.**
LEIKHÚSKJALLARINN
Leikhúskjallarinn - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu!
 Leikhúsvésla í mat og drykk fyrir sýningar um helgar frá kl. 18:00. Smáréttir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma 585 1295.
 MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
 AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00. MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?
FEBRÚAR
 2 3 4 5 6 7 8
Sunnudagur
TÓNLEIKAR
 16.00 Ingólfur Vilhjálmsson og Tobias Guttmann leika verk fyrir bassaklarinettu á tónleikum Myrkra músikdaga í tónlistarhúsinu Ými við Skógarhlíð.
 20.00 Blásarasveit Reykjavíkur heldur tónleika undir stjórn Tryggva M. Baldvínssonar í Langholtskirkju á Myrkum músikdögum.
 20.30 Helga Bryndís Magnúsdóttir píanóleikari og Sigríður Aðalsteinsdóttir

mezzósópran koma fram á tónleikum í Dalvíkurkirkju til styrktar Minningarsjóði Daniels Hilmarssonar.
FUNDIR
 16.00 Sýningu **Curvers Thoroddsen** á Nýlistasafninu lýkur með málþingi, þar sem þau **Ólafur Gíslason, Þóra Þórisdóttir, Guðmundur Oddur, Ragnar Kjartansson** og **Ingibjörg Magnadóttir** taka til máls.
SÝNINGAR
 15.00 **Ragnar Kjartansson** sýningarstjóri annast leiðsögn um sýningu **Curvers Thoroddsen** í Nýlistasafninu.
 Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á hvar@frettabladid.is ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

Annie
 eftir Thomas MEEHAN, Charles STRUBBS & Marcia CRAPPIN
Vegna mikillar eftirspurnar
Lau. 11. feb. kl. 14
 Miðasala í síma 551 4700 alla daga frá kl. 13-17 í gæmi HO STÓRHEIÐI
 www.annie.is • www.mid.is

Nýtt í bió

5 tilnefningar til Óskarsverðlauna
M.A. BESTI LEIKARI OG BESTA LEIKKONA ÁRSINS

STÓRKOSTLEG VERÐLAUNAMYND UM ÆVI JOHNNY CASH EIN BESTA MYND ÁRSINS MAGNADUR LEIKUR HJÁ JOAQUIN PHOENIX OG REESE WITHERSPOON

3 GOLDEN GLOBE SEM BESTA MYND ÁRSINS, BESTI LEIKARI OG LEIKKONA ÁRSINS

„Enginn ætli að láta Walk the Line framhjá sér fara því myndin er auðgandi fyrir augun, eyrun og hjartað.“
- V.V. topp5.is

JOAQUIN PHOENIX REESE WITHERSPOON

walk the line

„Mannbætandi gullmoli“
- S.V. MBL

8 tilnefningar til Óskarsverðlauna
FYRIR M.A. BESTA MYND, BESTU LEIKARAR, BESTA HANDRIT OG BESTI LEIKJÓRI

EPÍSKT MEISTARAVEKJÓ
FRÁ ANG LEE

BROKEBACK MOUNTAIN

FORSÝNING

ZATHURA

6 tilnefningar til Óskarsverðlauna
- Kvikmyndir.com

Mögnuð hrollveka sem fær hárin til að risa!

Þegar þokan skellur á... er enginn óhultur!

SJÚKUSTU FANTASÍUR ÞÍNAR VERÐA AÐ VERULEIKA!
Stranglega bönnuð innan 16 ára

„Cheaper by the Dozen 2 er falleg og skemmtileg fjölskyldumynd, sem heppnast hreint ágætlega“
- MBL Kvikmyndir.com

VELJID HÉR AÐ NEÐAN KVIKMYNDAHÚS OG SÝNINGARTÍMA SEM YKKUR HENTAR

<p>SMÁRA BIÓ Sími 564 0000</p> <p>WALK THE LINE kl. 5, 8 og 11 B.I. 12 ÁRA</p> <p>SÝND Í LÚXUS kl. 2, 5, 8 og 11 B.I. 12 ÁRA</p> <p>ZATHURA FORSÝNING kl. 1.50 M/ISL.TALI</p> <p>FUN WITH DICK AND JANE kl. 1.40, 3.45, 5.50, 8 og 10.10</p> <p>BROKEBACK MOUNTAIN kl. 5, 8 og 10.45 B.I. 12 ÁRA</p> <p>THE FOG kl. 8 B.I. 16 ÁRA</p> <p>CHEAPER BY THE DOZEN 2 kl. 2, 4 og 6</p> <p>HOSTEL kl. 10.10 B.I. 16 ÁRA</p> <p>DRAUMALANDIÐ kl. 2 M/ISL.TALI</p>	<p>REGNBÖGINN Sími 551 9000</p> <p>WALK THE LINE kl. 3, 6 og 9 B.I. 12 ÁRA</p> <p>BROKEBACK MOUNTAIN kl. 3, 6 og 9 B.I. 12 ÁRA</p> <p>MEMOIRS OF GEISHA kl. 3, 6 og 9</p> <p>LITTLE TRIP TO HEAVEN kl. 3, 6, 8 og 10 B.I. 14 ÁRA</p> <p>400 kr. í bió! Gildir á allar sýningar í Regnboginum merktar með</p>	<p>Bjargarbió Sími 462 3500</p> <p>WALK THE LINE kl. 5.30, 8 og 10.30 B.I. 12 ÁRA</p> <p>FUN WITH DICK AND JANE kl. 5.20 og 8</p> <p>MEMOIRS OF GEISHA kl. 10</p> <p>CHEAPER BY THE DOZEN kl. 3.40 400 KR.</p> <p>DRAUMALANDIÐ kl. 3.40 400 KR.</p>
---	--	--

Dolby JDD Only Members Digital Sound IEX BÍÓ.IS - allt á einum stað

Sími 553 2075

LAUGARÁS BIÓ - bara lúxus

Jim Carrey

6 ÓSKARS TILNEFNINGAR

MEMOIRS OF A GEISHA

6 ÓSKARS TILNEFNINGAR

WALK THE LINE ER ÁSTIR OG ÁTÓK
BYGGJAFRÁ HENNA ÓGLETJANLEGA
METSORVÖK EFTIR ARTUR W. GOLDEN

Sýnd kl. 2, 4, 6, 8 og 10

Sýnd kl. 5, 8 og 10:15

CHEAPER BY THE DOZEN 2

Sýnd kl. 2, 4 og 6

JARHEAD

Sýnd kl. 8 kl. 10

DRAUMALANDIÐ

Sýnd kl. 2 ísl tel

400 KR. Í BIÓ GILDIR Á ALLAR SÝNINGAR
MERKTAR MEÐ RAUÐU

TVÖ - BIÓ LAUGARÁS BIÓ ÓDÝRT Í BIÓ KR. 400

Jim Carrey **Fun with Dick & Jane** 400 KR. ATH. SÝND KL.2

STEVE MARTIN **CHEAPER BY THE DOZEN 2** 400 KR. ATH. SÝND KL.2

JÓLAMYNDIN Í ÁR **DRAUMALANDIÐ** 400 KR. ATH. SÝND KL.2

TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS - AÐEINS 400 KR.

AUGLÝSINGASÍMI **550 5000** FRÉTTABLAÐIÐ


Grímumaður í hefndarhug

MYNDASÖGUR

UMFJÖLLUN

Myndasöguhöfundurinn Alan Moore er mikill snillingur. Bókin *V for Vendetta* er eitt af höfuðverkum hans en hann byrjaði á sögunni árið 1981 en lauk verkinu ekki fyrr en 1988. Bókin hefur nú verið endurútgefin í tilefni þess að kvikmynd byggð á henni er væntanleg í vor. Myndin er runnin undan rifjum *Matrix* bræðranna *Andys* og *Larrys Wachowski* og eru *Natalie Portman* og *Hugo Weaving* í aðalhlutverk. Þrátt fyrir þessi stór-nöfn er nokkur uggur í aðdáendum Moores enda hafa fáir myndasöguhöfundar farið jafn illa út úr Hollywoodmaskínunni og Moore, en snilldarverkum hans *From Hell* og *The League of Extraordinary Gentlemen* var slátrað í bió. Saga Moores hefst í Bretlandi árið 1997 og það er ekki sérlega geðsleg framtíðarsýn sem þar blasir við. Landið er orðið að fasistaríki þar sem náði eftirlit er haft með þegnum og vandræðagæmlingar sem ekki eru stjórnvöldum þóknarlegir eru teknir úr umferð. Eitt þessara fórnarlamba stjórnvalda gengur laust og gerir ríkinu ýmsar skráveifur með morðum á embættismönnum og öðrum

hryðjuverkum. Hann felur andlit sitt bak hvítrar grímu og kallar sig *V* en nafnið vísar til fangaklefa númer 5 sem hann sat í og til vendetta sem þýðir blóðhefnd. Leiðir ungrar og vegalausrar stúlku, *Evey Hammond*, og *V* liggja saman þegar hann bjargar henni úr klóm nauðgara. *V* tekur *Evey* að sér og leggur á hana ýmsar raunir þegar hann kennir henni sitthvað um grimmd lífsins og ómurleika tilverunnar í fasistaríkinu. Það er óskureiður Moore sem skrifar þessa sögu en þessi dimma heimsmynd hans er spröttin upp úr andúð hans á stjórnarstefnu *Margaret Thatcher*. Þegar Moore fylgdi bókinni úr hlaði með formála árið 1988 sagði hann að *Thatcher* væri að hefja sitt þriðja kjörtímabil og hann væri búinn að fá nóg. „Ég er að hugsa um að fara með fjölskylduna mína héðan á næstu árum. Hér ríkir kuldi og illgírni og mér líður ekki vel hérna lengur.“ Eins og geta má nærri kraumar því pólitíkin og samfélagsádeilan í bókinni. Boðskapurinn gefur henni aukinn slagkraft og verður aldrei þreytandi predíkun og skemmir því ekki stórskemmtilega og spennandi söguna. Persónurnar sem koma við sögu eru margar,



V FOR VENDETTA HÖF: ALAN MOORE

TEIKN: DAVID LLOYD
Niðurstaða: *V for Vendetta* er frábær teiknimyndasaga. Pólitískt ádeilurit og spennusaga. Listavel teiknuð og safarík lesning sem mun eiga erindi við nýja lesendur svo lengi sem heimurinn er byggilegur.

flestar mjög áhugaverðar og mis ómerkilegar og illa innrættar og þó tóninn í Moore sé þungur deyr vonarneistinn aldrei. *V* er einn á móti öllum og berst við ofurefli en barátta hans er þó ekki glötuð. Stundum þarf nefnilega ekki nema einn einstakling til þess að breyta gangi sögunnar. Þórarinn Þórarinnsson.

„Ég vissi ekki að það væri svona ódýrt að láta vakta húsið mitt allan sólarhringinn.“

HÁDEGISBÍÓ HÁDEGISBÍÓ - 400 KR MIÐAVERÐ Á ALLAR MYNDIR KL. 12 UM HELGUNA Í SAMBÍÓUNUM KRINGLANNI 3 BÍÓ 400 KR MIÐAVERÐ Á ALLAR MYNDIR KL. 3 UM HELGUNA Í HÁSKÓLABÍÓ

ÁLFABAKKI	KEFLAVÍK	KRINGLAN	HÁSKÓLABÍÓ
DERAILED KL. 5:45-8-10:20 B.I. 16 DERAILED VIP KL. 5:45-8-10:20 MUNICH KL. 6-9-15 B.I. 16 PRIDE & PREJUDICE KL. 8-10:40 OLIVER TWIST KL. 2-5 B.I. 12 RUMOR HAS IT KL. 8 CRONICLES OF NARNIA KL. 2-3-5 KING KONG KL. 8 B.I. 12 DOMINO KL. 10:20 B.I. 16 LITLI KUÚLLINN ísl. tal KL. 2-4 HARRY POTTER & ELDBIKARINN KL. 2-5 B.I. 10	DERAILED KL. 8-10:10 B.I. 16 FUN WITH DICK & JANE KL. 2-4-6-8-10 CRONICLES OF NARNIA KL. 2-5 AKUREYRI DERAILED KL. 8-10:10 B.I. 16 OLIVER TWIST KL. 2-5 B.I. 12 MUNICH KL. 9 B.I. 16 MARCH OF THE PENGUINS KL. 7 CRONICLES OF NARNIA KL. 2-4:30	DERAILED KL. 6-8-15-10:30 B.I. 16 MUNICH KL. 6-8-15-10 B.I. 16 OLIVER TWIST KL. 12-2:30-5 B.I. 12 CRONICLES OF NARNIA KL. 12-3 HARRY POTTER & ELDBIKARINN KL. 12-3 B.I. 10	MUNICH KL. 5:50-9 B.I. 16 CACHE - FALINN KL. 5:30-8-10:30 B.I. 16 PRIDE & PREJUD. KL. 3-5:30-8-10:30 KING KONG KL. 3-6:30 B.I. 12 RUMOR HAS IT KL. 10 CRONICLES OF NARNIA KL. 3 HARRY POTTER OG ELDB. KL. 3-6-9 B.I. 10 LITLI KUÚLLINN ísl. tal KL. 3

ALFABAKKI ☎ 587 8900 KRINGLAN ☎ 548 0800 AKUREYRI ☎ 461 4666 KEFLAVÍK ☎ 421 1170

FRÉTTIR AF FÓLKI



Jennifer Aniston segist vilja eignast börn á næsta ári. „Ég vona að ég muni eignast fjölskyldu á næsta ári. Mig langar að eignast nokkur börn en maður veit aldrei hvað gerist,” segir Aniston sem langar nú að gerast kvikmyndaframleiðandi. „Mig langar að framleiða mynd sem ég féll fyrir. Ég hef ekki verið svona spennu fyrir nokkru í langan tíma,” sagði hún.



Angelina Jolie segist ekki ætla að giftast Brad Pitt því hún vill ekki giftast í þriðja sinn. „Við munum aldrei giftast. Brad er að ganga í gegnum skilnað núna og ég hef tvisvar sinnum verið gift. Þetta er því eitthvað sem við erum alls ekki að ihuga,” sagði Angelina sem á von á barni þeirra seinna á þessu ári.

S lúðurblið hið ytra segja Kate Moss flutta frá Bretlandi og virðist hún ætla að hefja nýtt líf í Bandaríkjunum. Hún flaug frá Heathrow flugvelli til Miami, tveimur dögum eftir að lögreglan yfirheyrdi hana í sambandi við



kókaínhneykslið. „Hún fór frá Bretlandi til að halda áfram að vinna, hún er að fara að sitja fyrir fyrir auglýsingu þarna úti,” sagði heimildarmaður. Hins vegar hefur þriggja ára dóttir hennar, Lila Grace, verið skráð á leikskóla í L.A. svo það virðist

sem Kate ætli að dvelja þar í dálítinn tíma.

Britney Spears neyddist til að taka málin í sínar hendur þegar Kevin hafði ákveðið að setja göt í eyru fjögurra mánaða gamals sonar þeirra. Þegar Britney komst að ætlan



Kevin elti hún hann ásamt lífvörðum sínum. „Britney minnti Kevin á að Sean væri allt of ungur til að fá göt í eyrun,” sagði heimildarmaður. „Hún sagðist ekki vilja að sonur sinn liti út eins og hjólhýsapakk og auk þess myndi fólk halda að hann væri stelpa ef hann væri með eyrnalokka.” Kevin var súr yfir að fá ekki að gefa stráknum smá „bling”.

MESTA ÚRVAL LANDSINS

AF GLÆSILEGUM HJÓLHÝSUM OG HÚSBÍLUM

STÓRSÝNING UM HELGUNA
laugardag 12-16
sunnudag 13-17

VIÐ TÖKUM VAGNINN ÞINN STRAX UPPÍ NÝJAN GÆÐI OG GÓÐ ÞJÓNUSTA!

www.vikurverk.is TANGARHÖFÐA 1 SÍMI 557 7720

Arnar Kristín

tílbodsdagar

Opið í dag frá kl. 13-16

Val húsgögn

Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375

HEIMAVÖRN

Þú getur búið við betra öryggi heima hjá þér með Heimavörn. Hafðu samband við öryggisráðgjafa Securitas í síma 580 7000. Við metum þörfina í samráði við þig og gerum þér tilboð í Heimavörn frá 4.900 krónum á mánuði sem er beintengd stjórnstöð Securitas á Neyðarlínunni 112.





Landsliðskonur í FH

Kvinnalið FH í fótbolta hefur fengið góðan liðsstyrk því þrjár serbneskar landsliðskonur hafa skrifað undir samning við félagið. Um er að ræða varnar- miðju- og sóknarleikmann. Þetta er kærkomið fyrir FH sem hefur ungt og efnilegt lið í kvinnaboltanum.

sport

sport@frettabladid.is



60 MEÐ KENNY SAMSON

SEKÚNDUR

Uppáhaldsknattspyrnumaður? Diego Maradona.

Erfiðasti andstæðingur? Maradona. Sá langbesti nokkurn tímann.

Besti leikmaður heims í dag? Thierry Henry.

Besti leikmaður allra tíma? Ætla ekki að segja Maradona einu sinni enn. Franz Beckenbauer.

Besti samherji? Graham Rix.

Erfiðasti útivöllur? Anfield.

Á Sven-Göran að þjálfra England á HM? Nei.

Á að láta Alex Ferguson fara? Nei.

Chelsea er... verðandi meistari í Englandi.

Að selja Vieira í sumar var... eitthvað sem þurfti að gera.

Hápunktur ferilsins? Að spila fyrir landsliðið þegar ég var 15 ára.

Lágpunktur ferilsins? Að leggja skóna á hilluna of snemma.

Eiður Smári Guðjohnsen er... frábær leikmaður.

Væri Eiður í enska landsliðinu? Ekki spurning.

David Beckham er... ennþá mjög góður leikmaður.

> Jónas Guðni til Noregs

Miðjumaðurinn Jónas Guðni Sævarsson hjá Keflavík hélt í morgun til Noregs en hann mun verða til reynslu hjá norska úrvalsdeildarliðinu HamKam í viku. Jónas er 22 ára en hann stóð sig frábærlega með Keflvíkum í Landsbankadeildinni síðasta sumar og var valinn leikmaður ársins hjá félaginu. Hann lék alla átján leiki liðsins í deildinni í fyrra. „Stefnan er að komast út í atvinnumennskuna og ég er spenntur fyrir þessu. Fyrir um þremur vikum kom fyrirspurn frá þessu liði og ég ákvað í samráði við umboðsmann minn að kyla á þetta.“ sagði Jónas en hann mun næsta laugardag leika æfingaleik með HamKam og heldur síðan aftur heim á leið daginn eftir.



HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

FEBRÚAR

2 3 4 5 6 7 8

Sunnudagur

LEIKIR

17.00 Keflavík og Grindavík mætast í bikarkeppni KKÍ og Lýsingar kvenna í körfubolta í Keflavík.

17.00 Ís og Breiðablik mætast í bikarkeppni KKÍ og Lýsingar kvenna í körfubolta í Kennaraháskólanum.

19.15 Grindavík og Skallagrímur mætast í bikarkeppni KKÍ og Lýsingar karla í körfubolta í Grindavík.

19.15 Keflavík og Njarðvík mætast í bikarkeppni KKÍ og Lýsingar karla í körfubolta í Keflavík.

SJÓNVARP

12.25 EM í handbolta á RÚV. Bein útsending frá leiknum um 3. sæti mótsins.

13.50 Ítalski boltinn á Sýn. Bein útsending frá leik Inter og Chievo.

14.50 EM í handbolta á RÚV. Bein útsending frá úrslitaleik mótsins.

15.40 Enska knattspyrman á Enska boltanum. Bein útsending frá leik Chelsea og Liverpool í ensku úrvalsdeildinni.

17.50 Spænski boltinn á Sýn. Bein útsending frá leik Barcelona og Atletico Madrid.

20.00 US PGA Tour á Sýn.

20.30 Helgaruppgjör á Enska boltanum.

21.30 NFL-tilþríf á Sýn.

21.30 EM stofan á RÚV. Hitað upp fyrir úrslitaleikinn á EM ásamt góðum gestum í sjónvarpsal.

22.00 Leiðin í Superbowl 2006 á Sýn. Upphitunarþáttur fyrir úrslitaleik NFL-deildarinnar.

23.00 Superbowl á Sýn. Bein útsending frá þessum stærsta íþróttaviðburði á ári hverju. Liðin sem eigast við að þessu sinni eru Pittsburgh og Seattle.

Fer Valur í samningabann?

Fram íhugar að kæra Val fyrir að ræða við og gera samning við leikmann sem enn er samningsbundinn liði Fram. Valur gæti átt yfir höfði sér að verða sett í samningabann þar sem þetta er ekki í fyrsta sinn sem slíkt gerist.

FÓTBOLTI „Framkoma Valsmanna er gjörsamlega óskiljanleg, það náttúrulega gengur ekki upp að gera samning við leikmann sem er samningsbundinn öðru félagi. Þeir reyna ekki einu sinni að ganga frá þessum hlutum á réttan hátt,“ sagði Brynjar Jóhannesson, framkvæmdastjóri Fram, í samtali við Fréttablaðið.

Fram íhugar nú að kæra Val fyrir að hafa gert samning við Þorvald Maken Sigbjörnsson sem er enn á samningi hjá Safamýrarliðinu. „Þetta mál snýst ekki um Þorvald Maken, hann á ekkert nema gott skilið frá okkur og við hefðum ekki staðið í vegi fyrir honum,“ sagði Brynjar.

Valur fékk dóm síðasta sumar fyrir að tala ólöglega við leikmann ÍBV og í vetur voru það svo Víkingar sem lögðu fram kærnu en hún var reyndar dregin til baka eftir að samkomulag náðist milli liðanna. Framarar munu væntanlega taka ákvörðun á morgun um hvort kæra verði lögð fram en ef Valsmenn verða síðan dæmdir sekir í kjölfarið eru líkur á því að þeir verði sektaðir og settir í bann við að gera samninga við leikmenn í einhvern ákveðinn tíma.

„Þetta er alveg með ólíkindum. Ég fékk þær upplýsingar frá KSÍ að Valsmenn hefðu haft samband þangað og fengið þær upplýsingar að hann væri samningsbundinn okkur. Þeir vissu því alveg af þessu. Þessir menn eiga ekkert inni hjá mér. Þeir hafa verið að hanga utan í einum okkar besta leikmanni og meðal annars rætt við föður hans. Ég er alveg orðinn dauðþreyttur á þessum vinnubrögðum,“ sagði Brynjar.

Þorvaldur Maken gekk til liðs við Fram frá KA fyrir leiktímabilið 2004 en lék aðeins fjóra leiki með félaginu í Landsbankadeild-



BÖRKUR EDVARDSSON Hefur farið ólöglegar leiðir í leikmannamálum Vals og svo virðist sem hann hafi nú samið við samningsbundinn leikmann.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

inni það sumar. Ástæðan er sú að hann var meiddur á höfði og talið var að ferli hans væri lokið, nú hefur hann hins vegar jafnað sig af meiðslunum og Valur tilkynnti rétt fyrir helgi að félagið hefði gert samning við hann.

Fréttablaðið hafði samband við Bórk Edvardsson, formann Vals, sem vildi ekkert tjá sig. „Ég mun ekkert ræða þetta mál, við brosum bara að þessu,“ sagði Bórkur. Það er ljóst að ekki er kært með félögnum Fram og Val, en málið í kringum danska sóknarmanninn Bo Henriksen síðan í fyrrasumar er mönnum enn í fersku minni. Fram fékk Bo frá Val eftir að leikmaðurinn hafði ekki náð að



SHAUN ALEXANDER Besti leikmaður deildarinnar í ár ætlar sér sigur í kvöld

NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Úrslitaleikurinn í NFL:

Búist við mjög spennandi leik

NFL Í kvöld fer fram stærsti íþróttaviðburðurinn í Bandaríkjunum á hveru ári, „Superbowl“ eða Ofurskálin eins og úrslitaleikurinn í NFL er jafnan kallaður á ári hverju. Að þessu sinni eigast við lið Seattle Seahawks og Pittsburgh Steelers og er búist við jöfnum og spennandi leik þar sem hvorugt liðið getur talist líklegra en hitt til að fara með sigur af hólmi.

Flestir spekingar íþróttarinnar telja þó Pittsburgh örliði sigurstranglegra þar sem það hefur á að skipa reyndari leikmannahópi auk þess sem leikstjórnandi liðsins, Ben Roethlisberger, þykir einn sá allra efnilegastu sem sést hefur lengi og hann hefur farið á kostum í úrslitaleikinn.

Í liði Seattle er hins vegar verðmætasti leikmaður deildarinnar í ár, hlaupagikkurinn Shaun Alexander, og mun Pittsburgh leggja allt kapp á að stöðva hann í leiknum.

Eins og alltaf verður heljarmikil dagskrá bæði fyrir leikinn og í hálfleik og eru það sjálfir gamlingjarnir í Rolling Stone sem ætla að halda uppi fjörinu. Leikurinn verður að sjálfsögðu í beinni útsendingu á Sýn og hefst útsending kl. 23 í kvöld.

-vig

KIA Picanto

1,0 • 5 dyra • 5 gíra • verð 1.088.000



KIA Picanto, lipur, fallegur og nútímalegur smábíll. Rúmgóður og ríkulega útbúinn. Það sakar ekki að verið á sér ekki hliðstæðu.

11.289 kr. á mánuði*

*miðað við SP-bílasamning til 84 mán. og 30% innborgun

KIA Rio

1,6 • 5 dyra • 5 gíra • verð 1.498.000



KIA Rio, glæsilegur fólksbíll úr smíðju KIA. Rio er búinn aksturstölvu, átta öryggisloftpúðum, ABS hemlælæsivörn, álfelgum og öflugri en sparneytinni 1,6 lítra, 112 hestafla CVT bensínvél.

15.582 kr. á mánuði*

KIA Cerato

2,0 • 4 dyra • 5 gíra • verð 1.648.000



KIA Cerato, rúmgóður og kraftmikill, 2,0 lítra, 144 hestöfl. Ríkulegur staðalbúnaður, öryggisloftpúðar, aksturstölva, álfelgur o.fl.

17.067 kr. á mánuði*



KIA MOTORS



KIA umboðið á Íslandi er í eigu Heklu hf.

Laugavegi 172 • Reykjavík • sími 590 5700



VAN BASTEN Tekur hann við AC Milan?
NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Þjálfaramál AC Milan: Van Basten næsti stjóri?

FÓTBOLTI Þær raddir eru orðnar ansi háværar á Ítalíu að Marco Van Basten muni taka við stjórnartumunum hjá AC Milan eftir leiktíðina. Mikil pressa er á Carlo Ancelotti, núverandi knattspyrnu- stjórnari liðsins, en Milan er sem stendur tólf stigum á eftir toppliði Juventus í deildinni og þá féll liðið út úr bikarkeppninni í síðustu viku með því að tapa fyrir Palermo. Góðar líkur eru á því að félagið endi tímabilið án titils líkt og á síðustu leiktíð.

„Ég treysti Ancelotti fullkomlega og hann á framtíð hjá félaginu,“ sagði Silvio Berlusconi, hæstráðandi hjá Milan, í viðtali. Hann hefur þó aldrei verið feiminn við að gagnrýna þjálfunaraðferðir og leikskipulag Ancelottis hjá félaginu.

Van Basten er lifandi goðsögn í augum stuðningsmanna AC Milan en hann stýrir nú hollenska landsliðinu. Samkvæmt heimildum ítalskra fjölmiðla er hann þó með klásúlu í samningi sínum um að hann geti rift honum eftir HM í sumar. -egm



ALLT Í RUGLI Sol Campbell hefur ekkert látið sjá sig síðan á miðvikudag.
NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Sol Campbell: Mikil flækja í einkalífnum

FÓTBOLTI Umfjöllun um varnarmanninn Sol Campbell hjá Arsenal hefur tekið mikið pláss í breskum fjölmiðlum undanfarna daga en mikil óvissa ríkir um framtíð hans í fótboltanum þessa stundina.

Mikil ringulreið ríkir í einkalífi leikmannsins og hefur það haft áhrif á frammistöðu hans á vellinum sjálfum. Ensku götublöðin þykjast vera búin að finna ástæðuna fyrir þessu öllu saman en samkvæmt þeim er mikil flækja í ástarlífi Campbells. Nýlega sleit unnusta hans sambandi þeirra, en hann hefur átt í leynilegu sambandi við tískudrottninguna Karen Millen síðan í nóvember. Fleiri konur koma síðan inn í spilið og er Campbell mjög ringlaður af þessu öllu saman.

Sögusagnir herma að hann sé kominn til New York til að reyna að ná áttum. Kolo Toure, leikmaður Arsenal, segist hafa reynt að hringja í Campbell en aldrei fengið svar. „Sol er góður leikmaður. Það vita það allir hvað hann hefur gert fyrir Arsenal og enska landsliðið. Ég er viss um að hann snýr aftur,“ sagði Tore. -egm

Viggó Sigurðsson hefur sagt upp samningi sínum við Handknattleikssambandið:

Hættir 1. apríl að öllu óbreyttu

HANDBOLTI Viggó Sigurðsson landsliðsþjálfari mun að öllu óbreyttu hætta með íslenska landsliðið í handbolta þann 1. apríl nk. eftir að hafa sagt upp samningi sínum við HSÍ í haust. Viggó sagði í samtali við Morgunblaðið í gær að helstu ástæður ákvörðunar sinnar væri óviðunandi vinnuáætlun, ófullnægjandi starfsöryggi og slök launakjör. Þá kveðst Viggó ósáttur við gagnrýni fjölmiðla á hans störf með landsliðið og segir hana nánast jaðra við einelti.

„Ég viðurkenni alveg að það kom mér á óvart þegar Viggó tilkynnti mér þetta fyrir áramót en það var sameiginleg ákvörðun



GUÐMUNDUR
INGVARSSON

með að gera þetta ekki opinbert fyrr en eftir Evrópumótið,“ sagði Guðmundur Ingvarsson, formaður HSÍ, í samtali við Fréttablaðið í gær.

Guðmundur segir óvíst hvað gerist í framhaldinu en HSÍ mun fara yfir málin á fundi í vikunni og ræða þá möguleika sem í stöðunni eru. „En það er alveg ljóst að Viggó hefur sagt starfi sínu lausu og við þurfum að setjast niður

og fara yfir stöðuna. Við munum ræða við Viggó og hugsanlega fleiri og í framhaldinu verður ráðinn hjálfari, hvort sem það verður Viggó eða einhver annar.“

Spurður um hvort stjórn HSÍ væri ánægð með störf Viggós sagði Guðmundur svo vera. „Hann hefur náð mjög góðum árangri og okkar samstarf hefur verið mjög gott.“

Guðmundur vildi lítið tjá sig um þær ástæður sem Viggó gefur upp fyrir uppsögn sinni en ítrekar að báðir aðilar hafi verið sáttir við samninginn sem gerður var þegar Viggó var ráðinn landsliðsþjálfari. Viggó var ráðinn lands-



VIGGÓ SIGURÐSSON Hættir með íslenska landsliðið þann 1. apríl.

liðsþjálfari þann 7. október 2004 og hefur stjórnað landsliðinu á tveimur stórmótum frá þeim tíma. Hann segist við Morgunblaðið hafa áhuga á því að stjórna liðinu áfram en forsenda þess væri nýr og betri samningur.

- vig

BIKARKEPPNI KKÍ & LÝSINGAR

Fjögurra liða úrslit í Lýsingarbikarnum fara fram um helgina


Meistaraflokkur karla

Sun. 5. feb 2006	Keflavík	kl. 19:15	Keflavík - Njarðvík
Sun. 5. feb 2006	Grindavík	kl. 19:15	Grindavík - Skallagrímur

Meistaraflokkur kvenna

Sun. 5. feb 2006	Kennaraháskólinn	kl. 17:00	ÍS - Breiðablik
Sun. 5. feb 2006	Keflavík	kl. 17:00	Keflavík - Grindavík

Mætum öll og sjáum hágæða körfubolta.



Hinnik Pétursson | www.mmedi.is/hp



Lýsing hf. er stolt af stuðningi sínum við bikarkeppnina í körfuknattleik



LÝSING

Fjármögnun í takt við þínar þarfir

Suðurlandsbraut 22
108 Reykjavík
Sími 540 1500 Fax 540 1505
www.lysing.is

ÚRSLIT GÆRDAGSINS

Enska úrvalsdeildin:

BIRMINGHAM-ARSENAL	0-2
0-1 Emanuel Adebayor (21.), 0-2 Thierry Henry (63.).	
BOLTON-WIGAN	1-1
1-0 Stelios Giannakopoulos (63.), 1-1 Andreas Johansson (77.).	
EVERTON-MAN. CITY	1-0
1-0 David Weir (8.).	
MIDDLESBROUGH-ASTON VILLA	0-4
0-1 Luke Moore (18.), 0-2 Kevin Phillips (24.), 0-3 Luke Moore (62.), 0-4 Luke Moore (64.).	
NEWCASTLE-PORTSMOUTH	2-0
Charles N-Zogbia (41.), 2-0 Alan Shearer (64.).	
WBA-BLACKBURN	2-0
1-0 Kevin Campbell (6.), 2-0 Jonathan Greening (32.).	
WEST HAM-SUNDERLAND	2-0
1-0 Dean Ashton (81.), 2-0 Paul Konchesky (87.).	
MAN. UTD-FULHAM	4-2
1-0 Ji-Sung Park (6.), 2-0 Cristiano Ronaldo (14.), 2-1 Brian McBride (22.), 3-1 Louis Saha (23.), 3-2 Heidar Helguson (37.), 4-2 Cristiano Ronaldo (86.).	

STAÐA EFSTU LIÐA

CHELSEA	24	20	3	1	50-13	63
MAN. UTD	25	15	6	4	49-26	51
LIVERPOOL	22	13	6	3	30-13	45
TOTTENHAM	24	11	8	5	31-20	41
ARSENAL	24	12	4	8	38-19	40
WIGAN	25	12	3	10	30-31	39
BOLTON	23	10	X	5	29-22	38
WEST HAM	25	11	5	9	36-34	38
BLACKBURN	24	11	4	9	31-30	37
MAN. CITY	25	10	4	11	33-28	34
EVERTON	25	10	3	12	18-32	33

Enska 1. deildin:

BURNLEY-PLYMOUTH	1-0
COVENTRY-BRIGHTON	2-0
CREWE-READING	3-4
Ívar Ingimarsson var í byrjunarliði Reading en Brynjar Björn Gunnarsson kom inn á sem vara- maður á 90. mín.	
CRYSTAL PALACE-CARDIFF	1-0
LEEDS-QPR	2-0
Gylfi Einarsson var ekki í leikmannahópi Leeds.	
LEICESTER-WOLVES	1-0
Jóhannes Karl Guðjónsson var með út leikinn.	
LUTON-HULL	2-3
MILLWALL-SHEFF. WED	0-1
SOUTHAMPTON-DERBY	0-0
STOKE-PRESTON	0-0
Hannes Þ. Sigurðsson kom inn á í hálfleik hjá Stoke.	

Heiðar skoraði fyrir Fulham á Old Trafford

Stórlíðin Manchester United og Arsenal náðu bæði að rétta úr kútnum í ensku úrvalsdeildinni í gær eftir að hafa tapað leikjum sínum um miðja síðustu viku.

FÓTBOLTI Heiðar Helguson skoraði eitt mark fyrir Fulham í gær þegar Manchester United bar sigurorð af hans liði á Old Trafford. Hann minnkaði muninn í 3-2 með hörkuskalla í fyrri hálfleik en Cristiano Ronaldo skoraði síðan sitt annað mark í leiknum í þeim síðari og lokatölur urðu 4-2. Heiðar var í byrjunarliðinu en var skipt af velli þegar stundarfjórðungur var eftir.

Það virðist hafa haft jákvæð hrif á Newcastle að Greame Souness var látinn taka pokann sinn í lok síðustu viku því liðið vann Portsmouth 2-0 í gær og Alan Shearer skoraði annað markið. Það mark var jafnframt mark númer 201 hjá Shearer fyrir Newcastle og gerði hann að markahæsta leikmanni félagsins frá upphafi.

„Ég er mjög glaður maður í dag, aðallega með að liðið hafi fengið þrjú stig en þetta mark skemmir svo sannarlega ekki fyrir. Við áttum góðan leik í dag og fólk mun spyrja sig af hverju við höfum ekki spilað svona undir stjórn Souness; ég get ekki svarað því,“ sagði Shearer sem hrósaði stuðningsmönnum Newcastle sérstaklega fyrir þeirra framlag. Thierry Henry skorað sitt 200. mark fyrir Arsenal þegar liðið vann langþráðan sigur í gær á Birmingham á útivelli 2-0. Emmanuel Adebayor braut ísinn í þeim leik með fyrsta marki sínu fyrir Arsenal. „Við sýndum mikinn karakter í mjög erfiðum leik. Frammi-



ALAN SHEARER Mark Shearer gegn Portsmouth gerði hann að markahæsta leikmanni Newcastle frá upphafi.

NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

staða liðsins var góð og ég er mjög ánægður,“ sagði Arsene Wenger, knattspyrnustjóri Arsenal. Sol Campbell var ekki í leikmannahópi Arsenal en Arsene Wenger talaði þó við leikmanninn í gær og býst við að hann snúi aftur á æfingu á mánudag. Wigan heldur áfram að safna stigum en liðið gerði 1-1 jafntefli á

útivelli gegn Bolton í gær þar sem Andreas Johansson jafnaði eftir mistök Jussi Jaaskelainen í marki Bolton. Þá burstaði Aston Villa lið Middlesbrough 4-0 þar sem Luke Moore skoraði sína fyrstu þrennu á ferlinum. Talið er að Steve McClaren geti von bráðar farið að leita sér að nýrri vinnu.

- egm



INN Á Í DAG? Robbie Fowler mun líklega byrja á bekknum. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Stórlíkur á Englandi í dag:

Liverpool þarf öll þrjú stig

FÓTBOLTI Í dag tekur Chelsea á móti Liverpool á Stamford Bridge í ensku úrvalsdeildinni en reikna má með hörkuleik. Það hefur ekki verið mikið skorað í viðureignum þessara liða að undanförunu en vonandi mun verða breyting þar á í dag. Ef Chelsea tekst að sigra eru margir sem telja að baráttunni um meistaratitilinn sé lokið.

„Ég væri til í að sjá sóknarmenn okkar skora meira. Þeir vinna vel fyrir liðið en mættu setja boltann oftar í netið,“ sagði Rafa Benítez, knattspyrnustjóri Liverpool, en hann telur einnig Steven Gerrard fyrirliða sinn vera betri en Frank Lampard. „Samtals er Gerrard búinn að skora fleiri mörk í ár þrátt fyrir að vera í liði sem skorar mun færri mörk en Chelsea. Ég veit ekki hversu mikilvægur Lampard er fyrir Chelsea en Gerrard er ótrúlega mikilvægur fyrir Liverpool.“

Jamie Carragher kemur líklega aftur inn í byrjunarlið Liverpool í dag en Robbie Fowler verður líklegast á bekknum. Michael Essien verður ekki með Chelsea vegna meiðsla og þá er Didier Drogba að taka þátt í Afríkumótinu. Því má fastlega reikna með því að Eiður Smári Guðjohnsen verði í byrjunarliði Chelsea. Sir Alex Ferguson, knattspyrnustjóri Manchester United, spáði Liverpool sigri í leiknum í viðtali við enska fjölmiðla.

-egm



HUGURINN BER ÞIG AÐEINS HÁLFA LEIÐ

ÚRSLIT GÆRDAGSINS

EM í handbolta:

Undanúrslit:
FRAKKLAND-KRÓATÍA 29-23

Mörk Frakklands: Michael Guigou 10, Bertrand Gille 5, Jerome Fernandez 5, Nicola Karabatic 3, Luc Abalo 2, Joel Abati 1, Oliver Girault 1, Daniel Narcisse 1, Guillaume Gille 1. **Varin skot:** Thierry Omeyer 25.

Mörk Króatíu: Mirza Dzomba 10, Petar Metlicic 3, Ivano Balic 3, Renato Sulic 3, Blazenko Lackovic 2, Igor Vori 1, Goran Sprem 1. **Varin skot:** Vlado Sola 9, Venio Losert 3.

SPÁNN-DANMÖRK 34-31

Mörk Spánar: Iker Romero 10, Rolando Urios 10, Albert Rocas 5, Juan Garcia 4, Mariano Ortega 4, Alberto Entrerrios 3, Ruben Garabaya 1, David Davis 1, Jose Maria Rodrigues 1. **Varin skot:** David Barrufet 20.

Mörk Danmerkur: Michael Knudsen 7, Bo Spellerberg 4, Jesper Jensen 4, Mikkel Aagard, Sören Stryger 3, Per Leegard 3, Lars Jorgensen 2, Joachim Boldsen 1, Henrik Hansen 1. **Varin skot:** Kasper Hvidt 8, Kristian Asmussen 4.

Leikurinn um 5. sætið:
RÚSSLAND-ÞÝSKALAND 30-32

Mörk Rússlands: Eduard Kokcharov 10, Oleg Frolov 6, Vasily Filippov 4, Alexey Kamanin 3, Yuri Egorov 2, Egor Evdokimov 1, Alexey Rastvortsev 1, Alexey Peskov 1, Vitali Ivanov 1.

Mörk Þýskalands: Christian Zeits 12, Pascal Hens 10, Florian Kherrmann 3, Thorsten Jansen 2, Sebastian Preiss 2, Frank Von Behren 1, Oliver Roggisch 1, Andrej Klimovets 1.

Danir og Króatar keppta um 3. sætið kl. 12:30 í dag en úrslitaleikurinn hefst kl. 15:00.

Enska 3. deildin:

NOTTS COUNTY-GRIMSBY 0-1

Guðjón Þórðarson og lærisveinar hans eru í 10. sæti deildarinnar eftir tapið, tveimur stigum frá sæti í umspili.

Þýska úrvalsdeildin:

BAYERN MUNCHEN-B. LEVERKUSEN 1-0

FRANKFURT-H. BERLIN 1-1

KÖLN-STUTTGART 0-0

HAMBURG-BIELEFELD 2-1

DUISBURG-KAISTERSLAUTERN 2-2

SCHALKE-B. DORTMUND 0-0

W. BREMEN-MAINZ 4-2

Frakkar og Spánverjar leika til úrslita á EM í dag

Undanúrslit EM í handbolta fóru fram í gær. Með frábærri markvörslu vann Frakkland sigur á Króatíu og í hinum leiknum lágu Danir fyrir Spánverjum.

HANDBOLTI Spánverjar byrjuðu betur gegn Dönum í undanúrslitum Evrópumótsins í gær en frændur okkar komust inn í leikinn og komust yfir með góðum leikkafla þar sem línumaðurinn Michael Knudsen og markvörðurinn Kasper Hvidt voru í aðalhlutverki. Þá tók Spánn leikhlé og náði að jafna en Danir voru þó 16-15 yfir í hálfleik.

Heimsmeistararnir sýndu síðan í síðari hálfleik úr hverju þeir eru gerðir, David Barrufet hrökk í gang í markinu um miðbik síðari hálfleiks og Spánverjar náðu þriggja marka forystu. Hana létu þeir aldrei af hendi þrátt fyrir hetjulega baráttu Dana og svo fór að lokum að heimsmeistararnir sigruðu 34-31.

Iker Romero var markahæstur af Spánverjunum með tíu mörk en fyrir danska liðið skoraði Knudsen mest eða sjö mörk. Danir urðu mjög vonsviknir í leikslok enda voru þeir ekki langt frá því að komast í úrslit. Árangur liðsins er engu að síður frábær og er búist við því að leikmenn liðsins fái höfðingjalegar móttökur þegar þeir snúa aftur til Danmerkur, hvernig sem leikurinn um 3. sætið fer á morgun.

Franski markvörðurinn Thierry Omeyer mun seint gleyma leiknum gegn Króatíu í hinum undanúrslitaleiknum í gær. Frakkar töpuðu fyrir Króötum í undanúrslitum á heimsmeistaramótinu í fyrra og stærsta ástæðan fyrir því var slök markvarsla franska liðsins, það

SÚRT Soren Stryger, Bo Spellerberg og Lars Jørgensen áttu erfitt með að leyna vonbrigðum sínum. NORDICPHOTOS/AFP



var allt annað uppi á teningnum í gær. Omeyer varði fimmtán af 25 skotum Króata í fyrri hálfleik en staðan var 12-10 fyrir Frakkland í leikhléi.

Frakkar hafa á að skipa einni bestu vörn mótsins og með Didier Dinart í hjarta hennar náðu þeir að stöðva Ivano Balic sem gerði okkur Íslendingum eftirminnilega lífið leitt. Mótlætið fór mjög í taugarnar á leikmönnum króat-

íska liðsins sem fengu margar brottvísanir og það gerði leikinn enn auðveldari fyrir Frakkland sem vann á endanum 29-23.

Michael Guigou var markahæstur í liði Frakklands með tíu mörk en Omeyer var þó maður leiksins með 25 skot varin. Mirza Dzomba var eini leikmaður Króatíu sem lék af eðlilegri getu en hann var markahæstur í sínu liði með tíu mörk.

Evrópumótið í handbolta:

Þýskaland náði fimmta sætinu

HANDBOLTI Þýskaland hafnaði í fimmta sæti á Evrópumótinu í handbolta með því að sigra Rússland 32-30 í Zurich. Með þessum sigri tryggðu Þjóðverjar sér þátttökurétt á Evrópumótinu 2008 sem fram fer í Noregi. Rússarnir hófu leikinn mun betur og það voru aðeins skyndisóknirnar sem héldu Þýskalandi í leiknum, staðan 18-16 fyrir Rússa í hálfleik.

Það tók Þjóðverja tíu mínútur í seinni hálfleiknum að ná undirtökunum og þeir skoruðu fjögur mörk í röð og komust yfir 25-22. Eftir það héldu þeir forystunni og unnu á endanum með tveggja marka mun.

Christian Zeitz var markahæstur Þjóðverja með tólf mörk en Pascal Hens skoraði tíu. Hjá Rússum skoraði Eduard Kokcharov mest, tíu mörk.

-egm

Miðjuvandræði United:

Kapo næstum til Man Utd.

FÓTBOLTI Olivier Kapo, miðjumaður hjá franska liðinu Monaco, var næstum genginn til liðs við Manchester United í félagaskiptaglugganum í janúar en þetta opinberaði hann í gær.

Man. Utd. sárvantar miðjumann og var Kapo kominn með flugmiða til Manchester þann 30. janúar og var ráðgert að hann gengist undir læknisskoðun og skrifaði síðan undir daginn eftir. „Svo gerðist eitthvað sem ég veit ekkert um og skyndilega var hætt við allt,“ sagði Kapo, sem á í deilum við þjálfara sinn hjá Monaco og er ekki inn í myndinni hjá honum.

-egm

MANCHESTER

FLUG FRÁ 25.940^{KR.} FLUG OG

GISTING Í 3 NÆTUR FRÁ 29.900^{KR.}

*Innifalið: Flug báðar leiðir með flugvallarsköttum.

Á mann í tvíbýli á Days Inn Hotel * 19.-22. maí og 9.-12. júní

Innifalið: Flug báðar leiðir, flugvallarskattar, gisting og morgunverður.

+ Bókaðu á www.icelandair.is



Nýttu 10.000 Vildarpunkta sem 6.000 kr. ef bókað f. 10. mars
Þetta flug gefur 3.000 - 7.600 Vildarpunkta


ICELANDAIR
www.icelandair.is



Varnarþátturinn skilur íslenska liðið frá þeim allra bestu

ÍPRÓTTALJÓŠ

ÍSLENSKA
LANDSLIÐIÐ
Í HANDBOLTA
Á EM Í SVISS



GEIR SVEINSSON
SÉRFRÆÐINGUR FRÉTTABLAÐSINS

Þátttöku íslenska liðsins í Evrópu-meistarmótinu í handknattleik er lokið og hafnaði það í sjöunda sæti. Íslendingar hafa komist í úrslita-keppnina síðastliðin fjögur skipti en alls hefur keppnin farið fram sjö sinnum. Þetta er næstbesti árangur liðsins frá upphafi en áður lentum við í ellefta sæti árið 2000, fjórða sæti 2002 og þrettánda sæti 2004.

Eins og alltaf þegar íslenska landsliðið í handknattleik tekur þátt í stórmóti ríkir mikil eftirvænting og fram spretta ótal sérfræðingar og áhugamenn um handboltann og almennt eru gerðar miklar kröfur til liðsins. Þetta mót var engin undantekning frá því en það verður þó að segjast að oft hefur eftirvæntingin verið meiri og væntingarnar til liðsins sömuleiðis.

Fyrirfram taldi ég raunhæft að gera þær kröfur að liðið kæmist upp úr sínum riðli og endaði um miðju móts eða í sjöunda til áttunda sæti. Niðurstaðan er sjöunda sætið en með smá heppni (sem íslenska liðið fékk reyndar ekki mikið af) hefði sá árangur getað orðið betri. Mönnum hefur verið tíðrætt um óheppni liðsins hvað meisli lykilmanna varðar og að „bensintankur“ liðsins hafi verið orðinn tómur í síðasta leik vegna af mikils álags

á lykilleikmenn. Þetta eru vissulega þættir sem höfðu sitt að segja um lokasæti liðsins.

Hins vegar er áhugavert að líta aðeins til baka, velta aðeins upp frammistöðu liðsins og rýna í hvort það sé „eitthvað“ sem skilur að frammistöðu íslenska liðsins og annarra liða keppninar og þá sérstaklega þeirra sem komust í fjögurra liða úrslit. Það er jú þangað sem okkur langar/langaði að komast.

Góð stemning í góðum hópi

Ef við byrjum á hópnum og valinu á honum þá tel ég að liðið hafi verið rétt valið út frá því hverjir voru heilir að því undanskildu að ég tel og taldi, að Ásgeir Örn hefði

Meðaltal átta efstu þjóðanna í leikjunum sex eru tuttugu boltar varðir af vörn á meðan við erum með átta bolta varða. Svipaða sögu er að segja af stolnum boltum af vörn en þar stöndum við þessum þjóðum aðeins að baki.

átt að vera með frá upphafi. Síðan má spyrja sig þeirrar spurningar hvort ekki sé réttara að fara einungis með tvo markmenn, í ljósi þess hve álagið er mikið á útileikmenn liðsins og hægt er að gera breytingar á liðinu á meðan á móti stendur.

Undirbúningur liðsins virðist hafa verið góður og leikmenn mættu vel stemmdir og frískir til leiks. Riðilinn var spilaður vel

og í raun betur en ég átti von á og fórum við áfram með þrjú stig eftir mjög góða frammistöðu gegn Serbum og Dönum.

Milliriðill hófst síðan með frábærum sigri á liði Rússa þar sem liðið spilaði einstaklega vel. Í kjölfarið kom svo leikur við Króata sem var nálægt því að vera unninn þrátt fyrir að vera ekki eins vel leikinn og leikurinn við Rússa. Síðasti leikur liðsins við Noreg var síðan ekkert annað en vonbrigði, þrátt fyrir að leikmenn hafi vantað og viss þreyta komin í lykilleikmenn. Niðurstaðan var því eins og fyrr segir, sjöunda sætið, eitthvað sem við getum vel við unað. Liðið vann tvo leiki, gerði eitt jafntefli og tapaði þremur, sem gerir um 42% árangur.

Varnarþátturinn þarf að vera betri

Þegar spilamennska liðsins er nánar skoðuð út frá tölfræði þess kemur margt í ljós. Liðið fær á sig einna flest mörk af þeim 12 liðum sem komust áfram í milliriðla og þegar fjöldi marka sem íslenska liðið fékk á sig er borinn saman við fjölda marka sem þau lið sem komust í undanúrslitin fengu á sig munar að meðaltali tveimur til þremur mörkum, okkur í óhag. Þegar nánar er litið á varnarleikinn kemur í ljós að hvað „stolna“ bolta og „varða“ bolta af vörn varðar stöndum við öðrum þjóðum nokkuð að baki og þá sérstaklega þegar kemur að vörðum boltum af vörn. Meðaltal átta efstu þjóðanna í leikjunum sex eru tuttugu boltar varðir af vörn á meðan við erum með átta bolta varða. Svipaða sögu er að segja af stolnum boltum af vörn en þar stöndum við þessum þjóðum aðeins að baki.



VIGGÓ SIGURÐSSON Hefur búið til magnað sóknarlið að mati Geirs en ennþá skortir töluvert upp á vörn og markvörslu

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

Þegar að markvörslunni kemur versnar staða okkar verulega. Í ljós kemur að af þessum tólf þjóðum sem fóru í milliriðla erum við með lökustu markvörsluna. Markmenn okkar vörðu 26% þeirra skota sem á markið komu á meðan meðaltal hinna ellefu er 32% (Úkraína lökust með 27% og Frakkland best með 39%).

Enn syrtir í álinn þegar við berum okkur saman við fjögur bestu liðin en þar er meðaltalið 36%. Það munar því 10% á okkur og þeim fjórum efstu. Þarna spilar eflaust inn í að samvinna varnar og markvarðar getur verið betri. Einnig þarf frammistaða varnar varðandi stolna bolta og varin skot í vörn að vera betri, en þetta

eitt skýrir samt ekki þennan mun. Markvarslan þarf því að vera betri ef við ætlum okkur á meðal þeirra allra bestu auk þess sem við verðum að hafa fleiri varnarúrræði sem virka, því keppni sem þessi er bæði löng og ströng.

Hvað sóknina varðar stöndum við öðrum þjóðum ekki að baki, erum fyrir ofan meðaltal liðanna tólf og ekki langt fyrir neðan þau fjögur bestu. Tæknileg mistök eru í kringum meðaltal og sömu sögu má segja um hraðauppþrátt liðsins en þau eru aðeins fyrir neðan meðaltal og fyrir neðan þau fjögur efstu.

Liðið hefði mátt „rúlla“ betur
Hvað frammistöðu einstakra leik-



HUGURINN BER ÞIG AÐEINS HÁLFA LEIÐ

manna varðar þá standa Óli Stef., Alexander, Guðjón Valur (að frátöldum heim tveimur leikjum þar sem hann bar fyrirliðabandið), Snorri og Róbert upp úr. Sigfús var sterkur í vörninni lungann úr mótinu en var orðinn kraftlítill í lokaleiknum. Arnór skilaði svo sannarlega sínu miðað við hve mikil ábyrgð var lögð á hans herðar og þann mikla tíma sem hann spilaði, en hann spilaði mest allra leikmanna íslenska liðsins að Guðjóni Val slepptum. Engu að síður vantaði klárlega einhvern til að spila stöðuna með Arnóri.

Einar Hólmgeirsson átti fína spretti en getur mun betur. Ásgeir Örn komst klakklaut frá þessu en aðrir leikmenn náðu ekki að setja mark sitt á liðið enda spiluðu þeir lítið. Helst má nefna að Heimir Örn hafi nýtt vel þann tæpa klukkutíma sem hann fékk og komist vel frá sínu. Markvörsluna þar sem Birkir spilaði um 80% og Roland og Hreiðar spiluðu ca. 10% hvor, hef ég þegar nefnt, og var hún því miður ekki nægjanlega jöfn í það heila þrátt fyrir fína markvörslu inn á milli.

Svo ég víki að notkun á leikmönnum er ég á því að keyrt hafi verið á allt of fáum leikmönnum og kom það okkur í koll á móti Nor-

egi. Helmingur leikmanna liðsins spilar venjulega minna en klukkustund á meðan fimm leikmenn spila um 80% eða meira af leikjunum. Liðið hefði þurft að „rúlla“ betur og lykilleikmenn þurft að fá betri hvíld á réttum stöðum.

Sjöunda sætið er niðurstaðan og er það vel ásættanlegt. Evrópukeppnin er klárlega sterkasta álfkeppnin og ef markmiðið er að vera meðal þeirra átta bestu má segja að við séum á góðri leið með að ná því og á góðri leið með að ná okkar fyrri styrk, frá Evrópukeppni í Svíþjóð 2002. Það er þó ljóst að við verðum að auka breiddina auk þess sem vinna þarf að því að bæta vörn og markvörslu og getum við þar tekið Frakka, Þjóðverja og fleiri þjóðir til fyrirmyndar.

Liðið er ungt og á fnum aldri í bland við nokkra reynslubolta. Síðan má ekki gleyma því að fyrir utan þetta lið voru Markús Máni, Garcia og Logi Geirs sem allir eru meiddir, en þeir myndu klárlega styrkja liðið. Framtíðin er því björt og við höfum eignast marga frábæra leikmenn sem myndu sóma sér vel í hvaða liði sem er og við getum því gert okkur vonir um að vera þar sem við viljum vera, eða á meðal þeirra átta bestu í heiminum.



ÍSLENSKA LANDSLIÐIÐ Geir Sveinsson telur að lykilmenn liðsins hefðu mátt fá meiri hvíld. Enginn efast um að orkan hafi hreinlega verið á þrotum þegar í síðasta leik liðsins á mótinu var komið.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

Nýjung fyrir snyrtinguna – snertifrír handþurrkuskammtari

Betri nýting
– aukið hreinlæti



7.956 kr.

Lotus enMotion snertifrír skammtari fyrir Lotus enMotion tveggja laga handþurrkur.

Rekstrarvörur

- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is



FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

NEW YORK

FLUG FRÁ 40.350*_{KR.}, FLUG OG

GISTING Í 3 NÆTUR FRÁ 64.300**_{KR.}

*Innifalið: Flug báðar leiðir með flugvallarsköttum.

Á mann í tvíþýli á Hotel Edison* 22.-25. september og 13.-16. október.

Innifalið: Flug báðar leiðir, flugvallarskattar, gisting og morgunverður.

+ Bókaðu á www.icelandair.is



Nýttu 10.000 Vildarpunkta sem 6.000 kr. ef bókað f. 10. mars
Þetta flug gefur 4.200 - 10.600 Vildarpunkta

ICELANDAIR
www.icelandair.is



ÚR BIÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

„...I'm sorry Wendy, but I don't trust anything that bleeds for five days and doesn't die.“

Mr. Garrison í kvikmyndinni South Park.
Bigler Longen & Urcut frá árinu 1999.
Svar:

dagskrá**Í TÆKINU** COURTENEY COX LEIKUR Í FRIENDS Á SIRKUS KLUKKAN 19.30 Í KVÖLD.**Lærði hönnun**

Courteney Cox er fædd í Alabama í Suðurríkjunum 15. júní 1964. Faðir hennar var ríkur kaupslumaður og Courteney var mikil pabbastelpa. Hún varð því mjög leið þegar foreldrar hennar skildu og faðir hennar flutti til Flórída.

Í miðskóla var Courteney fyrirliði klappstýruliðsins og æfði tennis og sund. Eftir útskrift fór hún frá Alabama til að læra arkitektúr og innan-húshönnun. Ári síðar hætti hún hins vegar í skólanum þar sem hún hafði skrifað undir Ford-fyrirsætusamning. Hún flutti til New York og birtist á

forsíðum ýmissa unglingatímarita og í auglýsingum. Á meðan Courteney sat fyrir sótti hún leiklistartíma og losaði sig við suðurríkjahreiminn. Hana dreymdi um að verða leikkona og fljótlega fór hún að birtast í ýmsum kvikmyndum.

Courteney er best þekkt fyrir hlutverk sitt í Friends-þáttunum og er sú eina í hópnun sem hefur ekki verið tilnefnd til Emmy-verðlaunanna. Corteney hefur verið gift leikaranum David Arquette frá árinu 1999 og fyrir einu og hálfu ári eignuðust þau dótturina Coco.



Þrjár bestu myndir Courteney:

November (2004) Get Well Soon (2001) Scream (1996)



▶ 20.10

Heimildarmynd

BITLABÆRINN KEFLAVÍK



▶ 21.50

Spenna

TWENTY FOUR



▶ 20.00

Gaman

AMERICAN DAD



▶ 20.35

Gaman

ACCORDING TO JIM



▶ 23.00

Ruðningur

PITTSBURGH-SEATTLE

SJÓNVARPIÐ

8.00 Morgunundin okkar 8.03 Skordýr í Sólarlaut 8.26 Brummi 8.41 Hopp og hi Sessami 9.06 Stjáni 9.28 Sigildar teiknimyndir 9.35 Liló og Stitch 10.00 Matti morgunn 10.15 Latibær 10.40 Tíminn líður hratt – Hvað veistu um Söngvakeppnina? 11.00 Söngvakeppni Sjónvarpsins 2006 11.50 Spaugstofan

12.15 Söngvakeppni Sjónvarpsins – Úrslit (3:4) 12.30 EM í handbolta 14.00 EM-stofan 14.50 EM í handbolta 16.50 Kjarnakonur 17.20 Nærmynd – Dagur Kári 17.50 Tákn-málsfréttir 18.00 Stundin okkar

18.35 Raunir Gabriels riddara

19.00 Fréttir, íþróttir og veður

19.35 Kastljós

▶ 20.10 Bitlabærinn Keflavík (1:2) Mynd í tveimur hlutum um íslenska poppmenningu og vöggju hennar í Keflavík.

21.05 Í varðhaldi (1:4) (Háttet) Sænskur myndaflokkur um gæsluvarðhalds-fanga og fangaverði.

21.55 Helgarsportíð

22.20 Róska Mynd eftir Ásthildí Kjartansdóttur um myndlistarkonuna Rósku sem var fyrsta íslenska kvikmyndagerðar-konan og pólitískur aktivisti.

23.35 Kastljós 0.05 Útvarpsfréttir í dagskrárlök

STÖÐ 2 BIÓ

6.00 Dirty Dancing: Havana Nights 8.00 Mr. Deeds 10.00 Hair 12.05 Dís 14.00 Dirty Dancing: Havana Nights 16.00 Mr. Deeds 18.00 Hair 20.05 Hearts in Atlantis (Aðkomu-maðurinn) Bönnuð börnum. 22.00 Dís íslensk kvikmynd frá 2004 sem byggð er á metsölubókinni Dís. 0.00 Murder in Greenwich (Bönnuð börnum) 2.00 Friday After Next (Bönnuð börnum) 4.00 Hearts in Atlantis (Bönnuð börnum)

2

7.00 Pingi 7.10 Myrkfælnu draugarnir 7.25 Töfravagninn 7.50 Addi Paddi 7.55 Oobi 8.05 Véla Villi 8.15 Doddi litli 8.25 Kalli og Lóla 8.40 Normafélagið 9.05 Ginger segir frá 9.30 Hjólagerið 9.55 Skrimslaspilið 10.20 Sabrina 10.45 Hestaklúbburinn 11.10 Tívbura-systurnar 11.35 Home Improvement 4

12.00 Hádegisfréttir 12.25 Silfur Egils 14.00 Neighbours 14.20 Neighbours 14.40 Neighbours 15.00 Neighbours 15.20 Neighbours 15.45 Það var lagið 16.45 You Are What You Eat (15:17) 17.15 Grumpy Old Women (4:4) 17.45 Martha

18.30 Fréttir, íþróttir og veður

19.10 Kompás

20.00 Sjálfstætt fólk (

20.35 Secret Smile (1:2) (Úlfur í sauðgærgu) Framhaldsmynd mánaðarins er bandarískt spennudrama um lánlitla konu sem lætur kærastann róa eftir að hann hefur lagt hendur á hana. Kærastinn tekur saman við systur hennar eftir sambandslitin. Bönnuð börnum.

▶ 21.50 Twenty Four (2:24) (24) Ný þáttaröð. Leynibjónustumaðurinn Jack Bauer er sem fyrr leikinn af Íslandsvininum Kiefer Sutherland en í þessum fyrsta þætti neyðist hann til að koma úr felum þegar þjóðarörygginu er enn og aftur ógnað. Bönnuð börnum.

22.35 Rome (3:12) (Rómaveldi) Stranglega bönnuð börnum.

23.20 Idol – Stjörnuleit 0.50 Idol – Stjörnuleit 1.20 Hidden Agenda (Bönnuð börnum) 3.05 Crossing Jordan (21:21) 3.50 Boricua's Bond 5.20 Grumpy Old Women (4:4) 5.50 Fréttir Stöðvar 2 6.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVÍ

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

SIRKUS

15.45 Fashion Television (12:34) (e) 16.10 Laguna Beach (7:17) (e) 16.35 Girls Next Door (15:15) 17.00 Summerland (10:13) 17.45 HEX (18:19) (e)

18.30 Fréttir NFS

19.00 Friends 6 (17:24) (e)

19.30 Friends 6 (18:24) (e)

▶ 20.00 American Dad (10:13) (e)

20.30 The War at Home (4:22) (e) (Guess Who's Coming To Barbecue) Dave er allt annað en ánægður með það þegar Vicky býður foreldrum Teye í grillveislu enda semur honum og föður Teye ekkert allt of vel saman.

21.00 My Name is Earl (4:24) (e) (Faked My Own Death) Fyrir mörgum árum fór Earl heim með stelpu úr partíi á Hrekkjavökunni. En þegar búningarnir voru horfnir var Earl ekki á því að þetta samband myndi ganga. Því tók hann til sinna ráða til að losna úr sambandinu.

21.30 Invasion (4:22) (e)

22.15 Reunion (3:13) (e) (1988) Spennuþættir.

23.00 Smallville (8:22) (e) 23.45 Kallarnir (1:20) (e) 0.15 Splash TV 2006 (e)

E! ENTERTAINMENT

12.00 Live from the Red Carpet 15.00 The E! True Hollywood Story 16.00 E! Entertainment Specials 17.00 50 Cutest Child Stars 19.00 Celebrity Soup 19.30 Divas Gone Bad 20.00 The E! True Hollywood Story 22.00 Girls of the Playboy Mansion 22.30 Girls of the Playboy Mansion 23.00 Wild On Tara 23.30 Party @ the Palms 0.00 Celebrity Soup 0.30 Wild On Tara 1.00 101 Most Starlicious Makeovers 2.00 101 Most Starlicious Makeovers

SKJÁREINN

10.15 Fasteignasjónvarpið (e) 11.00 Sunnudagsþátturinn

12.00 Cheers – öll vikan (e) 14.00 Borgin mín – lokapáttur (e) 14.30 How Clean is Your House (e) 15.00 Family Affair (e) 15.30 House – lokapáttur (e) 16.15 Queer Eye for the Straight Guy (e) 17.00 Innlit / útlit (e)

18.00 Judging Amy (e)

19.00 Top Gear

19.50 Less than Perfect

20.15 Yes, Dear Greg er yfirleitt óánægður með þær afmælisgjafir sem hann fær frá Kim. Hann fer að gefa henni vís-bendingar um að hann vilji fá golfkylf-ur í afmælisgjöf.

▶ 20.35 According to Jim

21.00 Boston Legal Alan á í sérstöku vináttu-sambandi við Denny Crane sem er farinn að eldast og hættir til að gleyma. Hann litur ekki á það sem vandamál og notar mátt sinn og meg-in til að afsanna það.

21.50 Da Vinci's Inquest

22.40 La Bamba Sannsólguleg mynd sem segir frá ævi söngstjórmanntar Ritchie Valens, sem lést svipleiga í flugslysi.

0.25 Threshold (e) 1.15 Sex and the City (e) 2.45 Cheers – 9. þáttaröð (e) 3.10 Fasteignasjónvarpið (e) 3.20 Östðvandi tónlist

AKSJÓN

Fréttapátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

ENSKI BOLTINN

11.20 Man. Utd. – Fulham frá 04.02 13.20 Tottenham – Charlton (b) 15.50 Chelsea – Liverpool (b) 18.15 Everton – Man. City frá 04.02

20.30 Helgaruppgjör Valtýr Björn Valtýsson sýnir öll mörk helgarinnar í klukkutíma þætti.

21.30 Helgaruppgjör (e)

22.30 Newcastle – Portsmouth frá 04.05 Leikur frá því í gær.

0.30 Dagskrárlök

Í BIÓ

CLIVE OWEN
JENNIFER ANISTON VINCENT CASSEL

Sumar freistingar geta reynst dýrkeyptar.

DERAILED

KOMIN Í BIÓ!

REYKJAVÍK • KEFLAVÍK • AKUREYRI

VIÐ MÆLUM MEÐ...

Super Bowl

Sýn kl. 23.00

Stærsti sjónvarpsviðburður í Bandaríkjunum í beinni

Seattle Skyline fótboltavöllurinn.



Hápunkturinn í bandarísku íþróttalífi verður í kvöld þegar úrslitaleikurinn í bandarísku ruðningsdeildinni NFL fer fram. Liðin sem mætast í þessari fertugustu Super Bowl-viðureign eru Seattle Seahawks og Pittsburgh Steelers og fer leikurinn fram í Detroit. Bæði liðin hafa sjaldan náð svo langt í NFL-deildinni, Steelers hefur aðeins unnið fimm sinnum en Seattle hefur aldrei áður komist í Super Bowl, úrslitaleikinn. Eins og kunnugt er þá er hér ekki aðeins um íþróttaviðburð að ræða heldur er lítið á viðburðinn sem allsherjar skemmtun og skipta skemmtiatriðin í hálfleik þar miklu máli. Í ár verða það Rolling Stones, sem munu leika í hálfleik.



► 19.10
Fréttir

KOMPÁS



10.00 Fréttir 10.05 Ísland í dag – brot af besta efni liðinnar viku 11.00 Fréttaljós

12.00 Hádegisfréttir/Íþróttfréttir/Veðurfréttir/Leiðarar blaðanna 12.25 Silfur Egils 14.00 Fréttir 14.10 Ísland í dag – brot af besta efni liðinnar viku 15.00 Fréttaljós 16.00 Fréttir 16.10 Silfur Egils 17.45 Hádegisfréttir og íþróttir

18.30 Kvöldfréttir/veður

- 19.10 Kompás Íslenskur fréttaskýringarþáttur í umsjá Jóhannesar Kr. Kristjánssonar. Í hverjum þætti eru tekin fyrir þrjú til fjögur mál og krufin til mergjar.
- 20.00 Fréttaljós Vikulegur fréttaskýringarþáttur með fjölda gesta í myndveru í umsjón fréttastofu NFS.
- 21.00 Silfur Egils Umræðuþáttur í umsjá Egils Helgasonar.
- 22.35 Veðurfréttir og íþróttir

23.05 Kvöldfréttir 23.45 Síðdegisdagskrá endurtekin í h

ERLENDAR STÖÐVAR

EUROSPORT

12.30 Alpine Skiing: World Cup Ofterschwang Germany 13.00 Snooker: Malta Cup 16.00 Ski Jumping: World Cup Willingen 17.30 Olympic Games: Mission to Torino 18.00 Snooker: Malta Cup 21.00 Fight Sport: Fight Club 22.30 Olympic Games: Mission to Torino 23.00 News: Eurosport-news report 23.15 Boxing 0.15 News: Eurosportnews report

BBC PRIME

12.00 Secrets of the Ancients 13.00 Classic EastEnders 13.30 Classic EastEnders 14.00 EastEnders Omnibus 14.30 EastEnders Omnibus 15.00 EastEnders Omnibus 15.30 EastEnders Omnibus 16.00 Cavegirl 16.25 Cavegirl 17.00 Home From Home 17.30 Ground Force 18.00 Smart Sharks: Swimming With Roboshark 18.50 Animal Camera 19.20 Two Thousand Acres of Sky 20.10 The Abyss 21.00 Star Portraits 21.30 Two Pints of Lager & a Packet of Crisps 22.00 SAS Desert – Are You Tough Enough? 23.00 Spooks 0.00 Around the World in 80 Treasures 1.00 What the Industrial Revolution Did for Us 1.30 Landscape Mysteries 2.00 Greek Language and People

NATIONAL GEOGRAPHIC

12.00 Seconds From Disaster 13.00 Megastructures 14.00 War Secrets – Italy's Forgotten Invasion 15.00 Zulu Dawn 17.00 The Real Zulu Dawn 18.00 Hunter Hunted 19.00 Alien Worlds 20.00 Megastructures 21.00 Tornado Intercept 22.00 Inside The Tornado 23.00 Violent Planet 0.00 Tornado Intercept 1.00 Inside The Tornado

ANIMAL PLANET

12.00 Austin Stevens – Most Dangerous 13.00 Weird Nature 13.30 Supernatural 14.00 Maneaters 14.30 Predator's Prey 15.00 Monkey Business 15.30 Meerkat Manor 16.00 Big Cat Diary 16.30 Big Cat Diary 17.00 Crocodile Hunter 18.00 State of the Great Ape 19.00 Life of Mammals 20.00 Animal Cops Houston 21.00 Animal Precinct 22.00 Venom ER 23.00 Weird Nature 23.30 Supernatural 0.00 Life of Mammals 1.00 State of the Great Ape 2.00 Venom ER

DISCOVERY

12.00 Ultimates 13.00 Birth of a Sports Car 14.00 Mythbusters 15.00 Brainiac 16.00 Firehouse USA 17.00 Ten Ways 18.00 American Hotrod 19.00 American Chopper 20.00 Mythbusters 21.00 The Science of Lance Armstrong 22.00 Ultimate Freedive 23.00 Testing the Games 0.00 A Haunting 1.00 Zero Hour 2.00 Mythbusters

VH1

12.00 VH1 Weekly Album Chart 13.00 Smells Like the 90's 17.30 VH1's Viewers Jukebox 17.30 VH1's Viewers Jukebox 18.00 Making the Video 18.30 Hogan Knows Best 19.00 Storytellers 20.00 The 70's House 20.30 70s Sunday 21.30 Making the Video 22.00 VH1 All Access 23.00 VH1 Weekly Album Chart 0.00 VH1 Hits

TALSTÖÐIN FM 90,9

9.00 Margrætt e. 10.03 Gullströndin – Skemmtiþáttur Reykjavíkurokademíunnar 11.00 Messufall

12.10 Silfur Egils 13.40 Sögur af Megasi e. 14.00 Sögur af fólki 15.03 Barnatíminn 16.00 Laugardagsmorgunn 18.00 Hitt og þetta úr Allt&sumt e.

18.30 Fréttir Stöðvar 2 19.00 Barnatíminn e. 20.00 Sögur af Megasi e. 20.30 Silfur Egils e. 22.00 Sannar kynjasögur eftir Cheiro. 23.00 Frjálssar hendur Illuga Jökulssonar.

0.00 Messufall e.

BYLGIJAN FM 98,9

5.00 Reykjavík Síðdegis. 7.00 Ísland í Bítíð 9.00 Ívar Guðmundsson

12.00 Hádegisfréttir 12.20 Óskalahádeggi Bylgjunnar 13.00 Bjarni Arason 16.00 Reykjavík Síðdegis

18.30 Kvöldfréttir og Ísland í Dag. 19.30 Bragi Guðmundsson - Með ástarkveðju

RÁS 1 FM 92,4/93,5

8.05 Morgunandakt 8.15 Tónlist á sunnudagsmorgni 9.03 Lóðrétt eða lárétt 10.15 Tímans nýja bendingar 11.00 Guðspjónusta á Grund í Eyjafirði 12.00 Hádegisútlit 12.20 Hádegisfréttir

13.00 Fjölskylduleikritið: Landið gullna Elidor 13.45 Fíðla Mozarts 14.15 Söngvámál 15.00 Sögumenn: Stúdent skyldi ég verða 16.10 Endurómur úr Evrópu 18.26 Seiður og hól 19.00 Íslensk tónskáld 19.40 Grískar þjóðsögur og ævintýri 19.50 Óskastundin 20.35 Sagnaslóð 21.15 Laufskálinn 21.55 Orð kvöldsins 22.15 Smásaga: Dagur eins og hver annar 22.30 Grúsk 23.00 Andrarímur 0.10 Útvarpað á samtengdum rásum

ÚTVARP SAGA FM 99,4

12.25 Meinhornið

RÁS 2 FM 90,1/99,9

6.05 Morguntónar 6.45 Veðurfreginir 7.05 Morguntónar 9.03 Helgarútgáfan

12.20 Hádegisfréttir 12.45 Helgarútgáfan 16.00 Fréttir 16.08 Rokkland

18.00 Kvöldfréttir 18.28 Tónlist að hætti hússins 19.00 Sjónvarpsfréttir 19.30 Að hætti hússins 22.00 Fréttir 22.10 Popp og ról 0.00 Fréttir

AÐRAR STÖÐVAR

FM 95,7 Effem / Zúber tónlistarstöðin
FM 102,2 Útlit Latibær / Fjölskyldu útlit
FM 102,9 Lindin / Kristlegt efni
FM 96,7 Létt / Tónlist og afþreying
FM 105,5 Útlit Boðun / Kristlegt efni
FM 89,5 Kiss / Nýja bítíð í bænum
FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni
FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying
FM 104,5 Rádió Reykjavík / Tónlist og afþreying

HYUNDAI
SANTAFE
HM 2006
Verð frá kr. 2.670.000



Mest seldi sportjeppinn

Hyundai Santa Fe hefur hlotið einstakar viðtökur, sem söluhæsti bíll janúarmánaðar næst á eftir Toyota Land Cruiser og um leið mest seldi sportjeppi markaðarins. Reynsluaktu Santa Fe með HM 2006 aukahlutapakka að verðmæti kr. 317.000. Komdu og upplifðu gæði og hönnun í sérflökki. Þú gerir ekki betri kaup.



Verð frá kr. 2.670.000

HM 2006 aukahlutapakki að verðmæti kr. 317.000



HYUNDAI
hefur gæðin

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1200 - www.bl.is

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ





HRÓSIÐ

...fær Jón Kalman Stefánsson fyrir að hafa krækt í Íslensku bókmenntaverðlaunin í flokki fagurbókmennta.

HIN HLIÐIN ÁSTHILDUR KJARTANSDÓTTIR KVIKMYNDAGERÐARKONA

Trúir á gott fólk með guð í hjarta

Hvað er að fréttu? Svölitið að hjakka í sama farinu, en annars allt gott.

Augnilitur? Grænn.

Starf?

Kvikmyndagerðarkona.

Fjölskylduhagur? Á sambýlismann og þrjú börn.

Hvaðan ertu? Reykjavík.

Ertu hjátrúarfull/ur? Stundum, er óttalegur tækifærissinni þegar svo ber við.

Uppáhaldssjónvarpsþáttur? Fréttir á öllum stöðvum og „Little Britain“ í Sjónvarpinu.

Uppáhaldsútvarpsþáttur? Enginn sérstakur.

Uppáhaldsmatur? Fiskur á alla mögulega vegu.

Fallegasti staður? Öxarfjörðurinn í lögnum og sóli.

Ipod eða geislaspilari? Þreyttur spilari í gamla Sony-tækinu.

Hvað er skemmtilegast? Að leggja drög og búa til drauma.

Hvað er leiðinlegast? Að missa húmorinn.

Helsti veikleiki? Þrjúskan og besservisertendensarnir, og svo allt hitt.

Helsti kostur? Að gefast aldrei upp.

Helsta afrek? Börnin mín.

Mestu vonbrigði? Búin að gleyma þeim.

Hver er draumurinn? Æðislegur.

Hver er fyndnust? Dóttir mín og leiklistar-neminn Anna Svava Knútsdóttir.

Á hvað trúirðu? Á gott fólk með guð í hjarta.

Hvað fer mest í taugarnar á þér? Að rifast um staðreyndir.

Uppáhaldskvikmynd? Margar, en sú nýjasta sem ég féll fyrir er „Epli Adams“ eftir Anders Thomas Jensen.

Uppáhaldsbók? Margar, en eins og þá er það „Rokland“ eftir Hallgrím Helgason.

Hvað er mikilvægast? Að njóta lífsins og hlakka til.



FRÉTTIR AF FÓLKI

Össur Skarphéðinsson, alþingismaður, er floginn til Tógó í Vestur-Afríku. Þangað fer hann sem formaður Spes sem eru samtök um barnaþorp fyrir foreldralaus börn.



Njörður P. Njarðvík er Össuri til halds og trausts en hann hefur borið hitann og þungann af stofnun Spes á Íslandi. Össur segir á bloggsíðu sinni að samtökin séu á góðri leið með

að fjármagna átta húsa þorp og verið sé að ljúka við byggingu þriðja hússins. „Þegar eru komin 52 munaðarlaus börn á heimilið. Eg hlakka ógurlega til að sjá þau og líður hálfvegis eins og átján barna föður í álfheimum,“ skrifar Össur. Hann segir jafnframt að fyrir örlæti íslenskra einstaklinga og fyrirtækja sjái þeir félagar fram á að geta lokið fyrsta þorpinu fyrir en ætlað var. Takmarkið er að koma upp húsnæði fyrir 150 börn og þeir Njörður P. Njarðvík hyggjast nota ferðina til að semja við yfirvöld í Tógó um land undir nýtt þorp.

Þingmenn Samfylkingarinnar hafa verið frekar hikandi við að lýsa yfir eindregnum stuðningi við ákveðna frambjóðendur í prófkjöri flokksins



vegna borgarstjórnarkosninganna í Reykjavík. Mörður Árnason hefur þó gefið nýliðanum Dofra Hermannssyni byr undir báða vængi en á heimasíðu sinni greinir hann frá ferð sinni á prófkjörsamkomu hjá Dofra

á Sólon fyrir í vikunni. „Dofri er einn af nýju mönnum í þessu prófkjöri, gekk í flokkinn fyrir örskömmu og tilbúinn í slaginn - mér sýnist hann vera einn af þeim efnilegustu. Hann er næstum því ný tíminn holdi klæddur, listamaður með umhverfisáhuga og hagfræðipróf í hátækni, eða þannig, og gæddur þeirri gerð af sjálfstrausti sem ekki þarfnast belgings og upphrópana. Sýnist hann vera framtíðarmaður, með pólitík sem mér líkar vel. Vona honum gangi vel í kjörinu.“



NÝ TÆKI Í WORLD CLASS: Í TOPPFORM Á 21 MÍNÚTU

Ekki svindla á ljósunum

Þeir sem farið hafa í líkamsræktarstöðina World Class í Laugum undanfarið hafa vafalítið tekið eftir nýjum en jafnframt óvenjulegum tækjum sem kallast hraðbraut.

Um er að ræða 21 líkamsræktartæki sem er stýrt með umferðarljósum. Hraðbrautin virkar þannig að þegar græna ljósið logar á tækinu hefur fólk 30 sekúndur til að æfa. Eftir það kemur gult ljós í fimm sekúndur og þarf þá að hoppa yfir á næsta tæki. Þar logar rautt ljós í 20 sekúndur og fljótlega eftir það er hægt að byrja að puða aftur. Hvert tæki tekur eina mínútu og því tekur aðeins 21 mínútu að fara hringinn.

„Púlsinn fer upp í þessum tækjum og þau hafa mjög þetta og góða eftirfylgni,“ segir Björn Leifsson, framkvæmdastjóri World Class. „Maður vill ekki svindla á ljósunum,“ bætir hann við og hlær. „Síðan máttu ekki vera fyrir næsta manni. Þú færir þig um leið og þú ert búinn með græna ljósið.“

Björn segir að konur hafi í miklum meirihluta sótt í hraðbrautina og mikil ánægja hafi verið með þessa nýjung. „Við þessir gömlu hundar höfum líka verið að hlaupa í þetta. Það er mjög skemmtilegt að brjóta þetta upp og breyta aðeins til. Menn eru oft búnir að æfa lengi og eru fastir í sömu tækjunum,“ segir hann. „Ef þú hitar upp í tíu til tuttugu mínútur á undan og keyrir síðan í þetta þá er þetta mjög góð æfing.“

Hraðbrautin kostaði um tíu milljónir króna en verður væntanlega fljót að borga sig því 13 þúsund virkir viðskiptavinir eru nú hjá World Class á höfuðborgarsvæðinu, þar af 11 þúsund í Laugum. Staðgreiði þeir árskort sitt þurfa þeir að leggja út 47.500 krónur.



VIÐ UMFERÐARLJÓSIN Björn Leifsson í World Class brosir breitt við nýju umferðarljósin sem hafa komið með ferska strauma inn í líkamsræktarstöðina.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Björn segir að plássíð í Laugum sé alveg passlegt fyrir starfseminna en búningaklefarinn sé helsta vandamálið. Stendur til að stækka þá og byggja á reit fyrir framan húsið.

Hann segist jafnframt þakka fyrir að aðstaðan á 2. hæðinni í Laugum hafi ekki verið leigð undir heilsugæslustöð á vegum borgarinnar. „Sem betur fer gekk það ekki upp. Við erum búin að fullnýta þetta svæði líka. Að öðrum kosti værum við í veru-

lega slæmum málum.“

Auk hraðbrautarinnar er Björn með puttann á púlsinum þegar kemur að annars konar tæknivæðingu World Class. Búið er að stækka sjónvörpin úr 42 tommum í 50 tommur en alls eru sjónvörpin orðin nítján talsins.

Einnig eru á leiðinni sextán skíðavélar með sjónvarpskjám þannig að fólki leiðist alveg örugglega ekki á meðan svitinn rennur niður í stríðum straumum.

frey@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Spurningaleikurinn Meistarinn hefur gert góða hluti á Stöð 2 en þar etja kappi margir af gáfuðustu mönnum landsins. Óvænt úrslit hafa litit dagsins ljós og má þar meðal annars nefna brottfall Stefáns Páls-sonar sem tapaði naumlega í sínum bardaga. Íslandsbanki er einn helsti styrktaraðili þáttarinn og hefur staðið fyrir spurningaleik um fjármál á heimasíðu sinni. Þeir sem svara öllum spurningum rétt geta unnið fimm tíu þúsund krónur og það er augljóst að talnaglöggir einstaklingar hafa tekið til sinna mála því tíu þúsund manns taka þátt í leiknum vikulega. Það þarf ekki neitt óskaplega mikið fjármálavilt til að sjá að nokkrir þúsundkallar geta gert gæfumuninn á þessum síðustu og verstu tímum. Á hinn bóginn má velja því fyrir sér hvort fólk, sem yfirhöfuð er klárt í fjármálum, hafi einhver not fyrir slíka „smáaura“ nú þegar þenslan í þjóðfélaginu er með mesta móti.



Fátt hefur verið rætt jafn mikið á kaffistofum landsmanna og mál Silvíu Nóttaf í Evróvision. Fréttablaðið hefur fyrir því heimildir að höfundar þeirra laga sem keppa í undankeppnum hafi sent lög sín á milli, væntanlega til að fá álit hinna eða af einhverri annarri ástæðu. Það hefur komið á daginn að lag Silvíu lak aldrei út á netið sjálf

heldur barst manna á milli í tölvupósti. Það þarf væntanlega ekki neinn snilling til að sjá að jafn þrautreyndur Eurovision-fari og Porvaldur Bjarni er, sem þekkir væntanlega allar reglur hennar út og inn, ætti ekki að

sjá sér neinn hag í því að senda lagið frá sér á fjöldapósti. Heimildir Fréttablaðsins hafa það einnig fyrir satt að fylan sé að mestu úr þáttakendum og æfingar hafi gengið sem skyldi. Gárungarnir hafa fleygt því fram að viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands ætti að taka þetta mál upp á sína arma og nota þetta sem kennslubókardæmi um að „slæm umfjöllun er betri en engin,“ því áhorfið á síðustu undankeppnina verður væntanlega mjög mikið.

-fgg

Hugsjónamanneskjan Róska

Heimildarmyndin Róska verður sýnd í Ríkissjónvarpinu í kvöld en hún var sýnd á Reykjavík Short & Docs í fyrra. Myndin er í leikstjórn Ásthildar Kjartansdóttur sem einnig skrifaði handritið ásamt Lóu Aldísardóttur.

Róska var fyrsta íslenska kvikmyndagerðarkonan og var fædd 1940 þótt í vegabréfinu stæði að hún væri sex árum yngri. Hún bjó með manni sínum, Manrico Pavol-ettoni, í Róm í þrjú áratugi og lifði eftir hugsjónum '68 kynslóðarinnar fram í rauðan dauðann. Leikstjórnin segir að það sem hafi fyrst rekið hana út í gerð þessarar myndar var áhuginn á þessari „æðislegu manneskju“, svo notuð séu Ásthildar eigin orð. „Það þurfti að gera mynd um hana. Róska hafði heimikið að segja og var áhrifavaldur ungs fólks á þessum tíma,“ segir Ásthildur og telur listakonuna vera eina af fáum konum sem lifði samkvæmt

sínum hugsjónum á þessum tíma. „Það eitt og sér er bara þrekvirkni,“ útskýrir hún. „Það að lifa sínu lífi var hennar list,“ bætir hún við.

Ásthildur segir að hún hafi alltaf haft mikinn áhuga á að kynna Róska og þótt listakonan hafi verið farin yfir móðuna miklu telur leikstjórnin að heimildarmyndin hafi gefið henni kærkomni tækifæri til þess. „Það var mjög forvitnilegt að gera mynd um efni þar sem maður byrjar algjörlega á núlli,“ segir hún en tekur fram að ekki hafi allir verið á eitt sáttir við þetta verkefni hennar. „Mér tókst ekki að tala við alla þá sem mig langaði til og myndin er úr því sem ég fékk.“

Næsta verkefni Ásthildar er heimildarmynd um „We are all Marlene Dietrich“ sem er dansleikrit Ernu Ómarsdóttur og hefur verið sýnt um alla Evrópu.

-fgg



RÓSKA Var sannkölðuð hugsjónamanneskja sem lifði samkvæmt hugmyndum '68 kynslóðarinnar.

SAMFÉLAGSVERÐLAUN
FRÉTTABLAÐIÐ

HEFUR ÞÚ ORÐIÐ VITNI AÐ GÓÐVERKI?

VIÐ ÓSKUM EFTIR TILNEFNINGUM FYRIR SAMFÉLAGSVERÐLAUN FRÉTTABLAÐSINS SEM VERÐA VEITT Í FYRSTA SKIPTI 23. FEBRÚAR. Verðlaunin eru til heiðurs þeim sem hafa lagt sitt af mörkum til að gera íslenskt samfélag betra fyrir okkur öll. Lesendur eru beðnir að senda inn tilnefningar á visir.is/samfelagsverdlaun fyrir 16. febrúar.

VIÐ LEITUM AF UPPFRÆÐARA ÁRSINS

Uppfræðari ársins
Hér koma til greina kennarar, leiðbeinendur, þjálfarar og aðrir uppfraedara sem hafa skarað fram úr og látið gott af sér leiða.

[NASA]
LAUGARDAG 11.02.'06

REGG

**MIDNÆTURTÓNLEIKAR
LAUGARDAGSKVÖLD.
FORSALA MIÐA Á NASA
MÁNUD.-? FRÁ KL. 14-17**

**ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR Á
WWW.PRIME.IS EÐA WWW.NASA.IS**

prime
umboðsskrifstofa

NASA

**PAR SEM ÍSLENDINGUM
FINNST SKEMMTILEGAST
AD DJAMMA**

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMÉR FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 Rítstjórn: 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingaheild: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

MARKAÐURINN

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000



BAKÞANKAR

VERNHARÐS ÞORLEIFSSONAR

Gæludýr

Þegar ég var yngri hafði ég alltaf mjög gaman af dýrum. Ef valið stóð á milli hunds eða kattar þá var ég hundamegin því mér fannst hundar vera fyrir stráka en kettir fyrir stelpur. Litla chihuahua-tíkin sem við eigum í dag er því skýrt merki um kaldhæðni æðri máttar.

Ég upplifi gæludýrin á annan hátt í dag en ég gerði þegar ég var patti. Stærsti hlutinn er sennilega umhirðan sem áður lenti á mömmu en einnig er ég byrjaður að spá í atferli þeirra og þeirra sýn á lífið. Hvers vegna þrífur tíkin okkar eingöngu á sér hægri afturlöppina, til dæmis? Er þetta erfðagalli eða er hægri afturlöppin einfaldlega eini parturinn sem þarfnast umhirðu? Kannski er það vegna þess að hún notar þá löpp til að klóra sér í hægri eyranu og vill fyrir alla muni forðast að fá sýkingu í eyrað. Kannski hugsar hún þetta svona djúpt. En eftir nokkurra mánaða rannsóknir og eftirlit þá er það mitt sérfræðiálit að hún sé bara gölluð tík.

UM jólin kom einmitt enn einn leyndur galli í ljós. Við höfðum tekið að okkur dverghamstur í mánaðardvöl og frá andartakinu sem búrið var sett á gólfíð settist tíkin niður hjá því og starði. Hún gælti ekki, hún vældi ekki, hún urraði ekki, hún sat bara og starði á búrið. Þráhyggjan var myndin í byrjun, svo var þetta orðið furðulegt en seinustu vikuna var þetta hreint og beint ónotalegt.

Í fasteignakaupum er rík skoðunarskylda kaupanda. Leyndir gallar verða að rýra verðgildi eignarinnar um 7-10% til þess að rauhæft sé að fá bætur. Þetta á reyndar við um þá galla sem seljandi vissi ekki af og/eða hefði ekki mátt vita af. Maður skyldi ætla að það sama ætti við um dýraviðskipti. Ég stæði þó óneitanlega höllum fæti á þeim vettvangi þar sem við fengum tíkina á frjálsri sölu, sem þýðir á fótboltamáli að við þurftum ekkert að greiða fyrir hana heldur eingöngu að semja við tíkina um kaup og kjör, sem reyndist barnaleikur. Hún krafðist einskis og við gengum að því.

EN það þýðir lítið að sakast við tíkina. Hún er bara eins og hún er og verður þannig um ókomna tíð. Og þar sem ég hef sest í þetta dómarsæti verð ég að viðurkenna að konan mín (sem ber uppi varnir fyrir tíkina) vill flokka þá fötlun mína að ég sjái ekki óhreinan þvott og uppvask sem leyndan galla. Það má vera, en mér til málsbóta þá hlýtur veröldin bara vera hreinni frá mínum bæjardýrum séð. ■

FRIEDRICHSHAFEN

Nokkuð óþjáltnafn fyrir jafn fallega og vinallega borg. Friedrichshafen er í Suður-Þýskalandi og stendur við Bodensee sem er þriðja stærsta stöðuvatn meginlands Evrópu þar sem Þýskaland, Sviss og Austurríki mætast. Það er alltaf nóg um að vera við vatnið.



NÝTT

» Vinsælir ferðamannastaðir á þessum slóðum eru blómaeyjan Mainau sem er skammt frá borginni Konstanz og kastalinn sögufrægi í Meersburg. Í 30–60 mínútna ökuferð eru Austurríki og Sviss hinu megin við vatnið og Ítalía ekki langt undan.



Verð frá:

7.995 kr.*

FRANKFURT HAHN



Verð frá: **7.995 kr.***



Í vor bætir Iceland Express við tveimur nýjum áfangastöðum í Þýskalandi, Berlín og Friedrichshafen, til viðbótar við Frankfurt Hahn.

Frankfurt Hahn flugvöllurinn er ákaflega vel í sveit settur. Hann er í Hunsrück, einni helstu perlu Þýskalands, nokkurn veginn miðja vegu á milli Frankfurt og Lúxemborgar á svæði sem afmarkast af fljótunum frægu Rín, Mósél, Nahe og Saar.

» Svæðið er þekkt fyrir vínækt, forna kastala, ótrúlega náttúrufergurð og vinalagt viðmót heimamanna. Frankfurt Hahn er mjög þægilegur viðkomustaður á leið annað enda mjög miðsvæðis og naut mikilla vinsælda meðal farþega Iceland Express sumarið 2005.

BÍLALEIGUBÍLL Í ÞÝSKALANDI

Bókaðu bílaleigubíllinn á www.icelandexpress.is og tryggðu þér bestu verð Budget á öllum áfangastöðum Iceland Express.

Vikuleiga frá 15.505 kr.*
VW Polo eða sambærilegur bíll, innifalið: Ótakmarkaður akstur, kaskótrygging.



*200,46 evrur ef miðað er við gengið 77,35

ÞÝSKALAND

BERLÍN



NÝTT

Berlín er ein af mest spennandi borgum heims. Það vita þeir sem þangað hafa komið. Í seinni tíð hefur hún aftur öðlast sinn gamla sess sem einn af miðpunktum listsköpunar, hvort sem um ræðir bókmenntir, tónlist eða leikhús.

» Berlín er sannkölluð heimsborg og er næturlífið í borginni afar fjörlegt. Uppgangurinn er mikill, nýbyggingar rísa út um alla borg og viðskiptalífið með blómlegasta móti. En það sem breytist aldrei í Berlín er frjálslyndur og stórborgarlegur hugsunarháttur.



Verð frá: **7.995 kr.***
Barnaverð: **5.995 kr.***

*Aðra leið með sköttum. Gildir fyrir börn 12 ára og yngri í fylgd með fullorðnum

Iceland Express, Grímsbæ, Efstalandi 26, Sími 5 500 600

SÓFINN OG STÚKAN



Við færum þér HM á SÝN og við getum líka fært þig á HM í Þýskalandi. Hvort sem sófinn eða stúkan verður fyrir valinu, verðum við með þér á HM.

Iceland Express

AF HVERJU
AÐ BORG
MEIRA?

AEG PAKKINN
– heimilistæki á sérstöku tilboðsverði
þegar keypt er HTH-innrétting.

RÁDIO NAUST
FURUVÖLLUM · AKUREYRI
HTH-deild · SÍMI 461-5003

SETTU ÞAÐ SAMAN **HTH**

ORMSSON

SMÁRALIND · SÍMI 530-2900

TILBOÐ:

15% AFSLÁTTUR

Á HORIZION/3000

Opið í dag frá kl. 13–18!

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu